



Borgarráð

***Tillögur að útfærslu á sameiningu íþróttá- og tómsundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðar 10 tillögur starfshóps um útfærslu á sameiningu íþróttá- og tómsundasviðs (ÍTR) og menningar- og ferðamálasviðs (MOF), í samræmi við samþykkt Reykjavíkurborgar 21. júlí 2022. Meginmarkmiðið með sameiningunni samkvæmt samþykkt borgarráðs er að styrkja málaflokka menningar, íþróttá og skipulagðra tómsunda af fjölbreyttu tagi með því að nýta samlegð í innviðum og miðlægri stjórnsýslu ásamt því að kortleggja sameiginleg sóknarfæri til framtíðar.

***Greinargerð:***

Vísað er til ítarlegrar greinargerðar starfshóps um sameiningu ÍTR og MOF í meðfylgjandi minnisblaði.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Minnisblað starfshóps um sameiningu íþróttá- og tómsundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs, dags. 12.12. 2022, ásamt fylgigögnum.

## Minnisblað

Viðtakandi: Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri


Sendandi: Starfshópur um sameiningu ÍTR og MOF

### **Efni: Tillögur að útfærslu á sameiningu íþróttar- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs**

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi 10 tillögur um útfærslu á sameiningu íþróttar- og tómstundasviðs (ÍTR) og menningar- og ferðamálasviðs (MOF), í samræmi við samþykkt Reykjavíkurborgar 21. júlí 2022. Meginmarkmiðið með sameiningunni samkvæmt samþykkt borgarráðs er að styrkja málaflokka menningar, íþróttar og skipulagðra tómstunda af fjölbreyttu tagi með því að nýta samlegð í innviðum og miðlægrri stjórnsýslu ásamt því að kortleggja sameiginleg sóknarfæri til framtíðar. Eiríkur Björn Björgvinsson hefur verið ráðinn sviðsstjóri nýs sameiginlegs sviðs.

#### **Tillögur:**

1. **Nafn:** Lagt er til að nýtt svið fái heitið Menningar- og íþróttasvið og taki við stórum hluta af þeim verkefnum sem nú er sinnt af ÍTR og MOF og við nýjum skilgreindum verkefnum af öðrum sviðum þar sem við á. Nánari útfærsla á verkaskiptingu verkefna verður unnin á innleiðingartíma breytinganna.
2. **Skipurit:** Lagt er til að eftirfarandi skipurit fyrir stjórnsýslu Reykjavíkurborgar taki gildi 1. janúar 2023. Umfjöllun um skipurit, markmið þess ásamt virkni er að finna í greinargerð.



3. **Aðsetur:** Lagt er til að nýtt sameiginlegt fagsvið hafi aðsetur á nýjum stað í Borgartúni þar sem önnur fagsvið borgarinnar eru staðsett.
4. **Fjárhagsleg áhrif:** Lagt er til að stjórnunarstöðum í miðlægum skrifstofuteymum fækki þar sem ein staða sviðsstjóra, ein staða skrifstofustjóra, ein staða mannauðsstjóra og ein staða fjármálastjóra verða formlega lagðar niður. Jafnframt munu störf taka breytingum vegna skipulagsbreytinga. Starfsfólk sem gegnir þeim störfum sem lögð eru niður hætta m.a. vegna aldurs eða fara í önnur störf hjá Reykjavíkurborg. Lagt er til að á innleiðingartíma verði unnið að nánari fjárhagslegri greiningu á tækifærum til hagræðingar sem felast í sameiningu sviðanna. Ekki er áætlað að sameiningin hafi í för með sér breytingar á starfsemi og starfsmannahaldi á öðrum stöðum en skrifstofum og miðlægum verkefnum.
5. **Störf:** Vegna skipulagsbreytinganna er lagt til að ráðið verði í eftirfarandi stöður í samræmi við ráðningareglur borgarinnar, ekki er um ný stöðugildi að ræða;
  - a. fagstjóra ípróttu og tómsunda frá og með 1. janúar 2023.
  - b. fagstjóra menningar frá og með 1. júlí 2023 en þá rennur út tímabundinn ráðningasamningur núverandi skrifstofustjóra menningarmála.
6. **Innleiðingarátætlun:** Lagt er til að meðfylgjandi innleiðingarátætlun og skilgreining helstu verkefna verði samþykkt. Á innleiðingartíma verði unnið að viðeigandi breytingum vegna sameiningarinnar og skipulag og verkefni sviðsins útfært nánar. Þá er lagt til að skipaður verður starfshópur sem mun leggja tillögur fyrir borgarráð eigi síðar en 1. feb n.k. um flutning á skilgreindum verkefnum Höfuðborgarstofu til markaðs- og áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins og hvernig haldið verður á markaðsmálum og skipulagi viðburða hjá Reykjavíkurborg til framtíðar.
7. **Tækifæri:** Lagt er til að á innleiðingartíma verði unnið frekar úr ábendingum og tillögum um ýmis tækifæri sem felast í sameiningunni sem fram komu í samráðsferlinu við undirbúning sameiningarinnar. Starfsfólk benti á ýmis tækifæri sem hljótast af sameiningu sviðanna og má þar nefna áframhaldandi vinnu við að koma á sameiginlegu afgreiðslukerfi fyrir starfsstaði, samræmd viðburðastjórnun, samræming innkaupa, aukin áhersla á öfluga markaðssetningu, vinna betur með þjónustuveri og þjónustustefnu borgarinnar, samræma mismunandi aðgangskort, aukna samþættingu á málefnum barna og ungmenna ásamt því að efla megi lýðheilsuþátt þvert á málefni sviðsins. Vinnu við þá yfirferð verði lokið á síðara hluta árs 2023.
8. **Mælanleg markmið:** Lagt er til að sameinað svið setji sér á árinu 2023 mælanleg markmið til a.m.k. tveggja ára sem felast í tækifærum sameiningarinnar, horft verði m.a. til eftirfarandi:
  - a. Bætt nýting á mannvirkjum og aðstöðu þvert á málaflokka.
  - b. Samþætting innkaupa og aukin sameiginleg innkaup vegna starfsstaða.
  - c. Starfsánægja og ánægja starfsfólks með starfsumhverfi.
  - d. Rekstrarleg markmið / skilvirkni.
  - e. Bætt þjónusta.

9. **Greiningar:** Lagt er til að á innleiðingartíma verði unnið að nánari fjárhagslegri greiningu og samþættingu fjárhagsáætlana og verði því lokið á síðara hluta árs 2023. Þá er lagt til að farið verði í lyklu verkefna á sviðinu á innleiðingartíma.
10. **Samræming:** Lagt er til að á innleiðingartíma verði gildandi starfslýsingar stjórnenda endurskoðaðar í samræmi við breytt skipulag og breytta verkaskiptingu og starfsheiti samræmd þar sem við á. Þá verða vefsíður, samþykktir o.fl. samræmt.

## Greinargerð:

### Inngangur:

Á fundi borgarráðs 21. júlí 2022 var samþykkt að sameina íþrótt- og tómstundasvið (ÍTR) og menningar- og ferðamálasvið (MOF) í eitt svið undir stjórn sameiginlegs sviðsstjóra. Þetta var í samræmi við samstarfssáttmála núverandi meirihluta Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar. Þetta hefur í för með sér talsverða breytingu á skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkurborgar sem krafðist vandaðs undirbúnings, utanumhalds, samráðs og aðferðarfræði breytingastjórnunar.

Þegar horft er til hlutverks sviðanna og samþættingu verkefna þá blasa við fjölmörg tækifæri. Hlutverk MOF er m.a. að fylgja eftir stefnu Reykjavíkurborgar í menningar- og ferðamálum, hafa yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu og sérverkefnanna Reykjavík bókmenntaborg UNESCO, Tónlistarborgin Reykjavík og viðburðadeild. Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Menningar- og ferðamálasvið sér auk þess um samstarfssamninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra. Samkvæmt [fjárhagsáætlun 2023](#) er áætlaður rekstrarkostnaður sviðsins um 6,2 milljarðar króna. Stöðugildi eru áætluð 171.

Hlutverk ÍTR snýr að stærstum hluta að almennri þjónustu við borgarbúa í íþrótt- og tómstundamálum og stuðningi og gerð samstarfssamninga við félög og samtök sem standa fyrir slíkri starfsemi. Undir starfsemi sviðsins heyri m.a. rekstur sundlauga, Hins Hússins, Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, íþróttamannvirkja, íþróttavalla og skíðasvæða. Sviðið hefur umsjón með styrkveitingum til íþrótt- og æskulýðsfélaga, Frístundakortinu, annast samskipti fyrir hönd borgaryfirvalda við íþrótt- og æskulýðsfélög og samtök þeirra og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra. Samkvæmt [fjárhagsáætlun 2023](#) er áætlaður rekstrarkostnaður sviðsins um 11,6 milljarðar króna. Stöðugildi eru áætluð 336. Heildarrekstrarkostnaður fyrir nýtt sameiginlegt menningar- og íþróttasvið 2023 er því um 17,8 milljarðar króna.

Af upptalningu á verkefnum sviðanna má sjá að í því felst samlegð, efling verkefna og fjölmörg tækifæri með því að sameina krafta þeirra í einu sviði. Einnig liggja tækifæri í flutningi verkefna af öðrum sviðum/skrifstofum/stofnunum borgarinnar til nýs sviðs. Segja má að fyrsta skrefið í auknu samstarfi MOF og ÍTR hafi verið stigið í

skipulagsbreytingum 2018 þegar menningar- og ferðamálaráð og íprótta- og tómstundaráð voru sameinuð í menningar-, íprótta- og tómstundaráð.

Samþykkt var í borgarráði 21. júlí 2022 að skipa starfshóp til að hafa yfirumsjón með að móta tillögur um útfærslu á sameiningu sviðanna. Starfshópin skipuðu Þorsteinn Gunnarsson borgarritari sem leiddi vinnu hópsins þangað til nýr sviðsstjóri tók til starfa, Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs og Eiríkur Björn Björgvinsson nýr sviðsstjóri menningar-, íprótta- og tómstundasviðs. Starfsmenn starfshópsins í byrjun voru sviðsstjórar MOF og ÍTR, þau Huld Ingimarsdóttir (starfandi sviðsstjóri) hjá MOF og Ómar Einarsson hjá ÍTR. Eftir að Ómar lét af störfum sem sviðsstjóri í september tók Steinþór Einarsson við sem starfandi sviðsstjóri ÍTR og tók jafnframt sæti Ómars sem starfsmaður starfshópsins. Einnig vann Anna Karen Arnarsdóttir, fulltrúi frá fjármála- og áhættustýringasviði, með starfshópnum. Þá komu ýmsir sérfræðingar innan borgarinnar að vinnu starfshópsins. Einnig var starfshópnum heimilt að semja við utanaðkomandi ráðgjafa um ráðgjöf vegna verkefnisins og var Arnar Pálsson hjá Arcur ráðgjöf ráðinn til verksins að undangenginni verðkönnun. Starfshópurinn fundaði að jafnaði vikulega og hélt 18 bókaða fundi auk fjölda samráðsfunda með ýmsum hagsmunaaðilum.

Samkvæmt erindisbréfi starfshópsins var markmiðið með vinnu hans að tryggja markvissa og samræmda vinnu innan borgarinnar um sameiningu MOF og ÍTR. Helstu verkefni:

- Undirbúa sameiningu menningar- og ferðamálasviðs (MOF) og íprótta- og tómstundasviðs (ÍTR) í eitt svið undir stjórn eins sviðsstjóra.
- Mótun tillögu um starfsemi nýs sameiginlegs sviðs.
- Tillaga að skipuriti fyrir nýtt svið.
- Skilgreining helstu verkefna.
- Fjárhagsleg greining.
- Greining á mannauði.
- Skipa verkefna- og vinnuhópa um einstök verkefni þar sem við á
- Gerð innleiðingaráætlunar fyrir sameiningu sviðanna.
- Kostnaðarmat tillagna ef við á.

Í upphafi gerði starfshópurinn verkefnaáætlun með tímasettri áætlun um víðtækt samráð, upplýsingagjöf, ýmis konar greiningu og öflun gagna í samræmi við verkefnalistann að ofan. Meðal annars var stuðst var við 8 þrepa aðferðarfræði John P. Kotter um breytingastjórnun. Notast var við mismunandi leiðir til að ná til starfsfólks í ferlinu og hlúa að því af fremsta megni því mannlegu þættirnir eru mikilvægastir í ferli sem þessu. Reynt var að tryggja stuðning yfirmanna, horft til þess að festa breytingar í sessi til langframa með margvíslegum aðgerðum og markvissri innleiðingu skv. innleiðingaráætlun. En breytingar af þessu umfangi taka í raun nokkur ár og þess vegna er mikilvægt að gera þær í skynsamlegum þrepum.

Fyrstu drög að tillögum starfshópsins ásamt greinargerð var skilað 6. desember s.l. til ábyrgðarmanns starfshópsins, borgarstjóra, til yfirferðar. Lokatillögum starfshópsins var skilað inn til borgarráðs 12. desember 2022.

## Samráð og upplýsingagjöf:

Þungamiðjan í vinnu starfshópsins var víðtækt samráðsferli ásamt markvissri upplýsingagjöf og þá var stuðst við þau markmið sem borgarráð hafði gefið út um sameiningu sviðanna. Ráðgjafi tók viðtöl við u.þ.b. 25 starfsmenn á skrifstofum ÍTR og MOF, starfandi sviðsstjóra, fráfarandi sviðsstjóra, millistjórnendur og framlínustarfsfólk í þjónustuverum. Starfshópurinn, í heild eða að hluta, hélt sameiginlega samráðsfundi með starfsfólki á skrifstofum ÍTR og MOF, helstu hagsmunaaðilum, með millistjórnendum sviðanna, reynslumiklum stjórnendum borgarinnar sem hafa komið að breytingastjórnun, með yfirstjórn borgarinnar, með þjónustuveri ÞON, kom inn á fundi MÍT og átti fundi með helstu hagsmunaaðilum. Í viðtölum og samráðsferlinu komu fram ýmsar ábendingar frá starfsfólki o.fl. um ferlið, sameininguna sjálfa og innleiðinguna og horfði starfshópurinn m.a. til þeirra við undirbúning sinna tillagna. Á samráðsfundum var m.a. lögð áhersla á að fá umræðu um fyrirliggjandi hugmyndir að skipuriti sviðanna hverju sinni og kynnt til umræðu sjónarmið starfsfólks og ýmsar hugmyndir um tækifæri sem felast í sameiningunni. Framkvæmd var starfagreining og voru öll störf á skrifstofum beggja sviða kortlögð. Farið var yfir mönnun með tilliti til fyrirliggjandi verkefna og breytinga á störfum með tilkomu nýs skipurits. Óskað var eftir tillögum frá starfsfólki að nafni á nýju sameiginlegu sviði.

Starfshópurinn lagði áherslu á markvissa upplýsingagjöf og fékk m.a. ráðgjöf frá samskiptastjóra borgarinnar. Reglulega voru send út upplýsingabréf til starfsfólks frá starfshópnum til þess að fara yfir stöðuna hverju sinni en alls voru send tíu upplýsingabréf (sjá fylgigögn). Einnig var fundað með stjórnendum og hagsmunaaðilum eftir atvikum til þess að eiga nánara samráð og veita upplýsingar.


## Nánar um einstakar tillögur:

### 1. Nafn


Efnt var til nafnasamkeppni á meðal starfsfólks sviðanna þar sem hvatt var til þess að senda inn tillögur sem endurspeglar starfsemi nýs sameiginlegs sviðs. Ýmsar tillögur bárust (sjá fylgiskjal). Starfshópurinn leggur til að nýtt sameiginlegt svið fái heitið menningar- og íþróttasvið. Er það í samræmi við nöfn annarra fagsviða borgarinnar sem öll nota lýsandi heiti fyrir starfsemi sína og verkefni.

### 2. Skipurit

Mikilvægt er að vanda til verka við útfærslu skipurits til að skilgreina hlutverk, umboð, ábyrgð. Rýnd voru ýmis skipurit, m.a. nokkurra borga á Norðurlöndunum en þar er frekar algengt fyrirkomulag að málaflokkar menningar og íþrótt séu á sameiginlegu sviði. Ákvarðanatataka og framkvæmd skal taka mið af hlutverki, ábyrgð og framkvæmd. Talsverð áskorun var að móta tillögu að nýju skipuriti fyrir sameiginlegt svið þar sem skipurit ÍTR og MOF eru með nokkuð ólíkum hætti í dag:



Að loknu víðtæku samráði er lögð fram meðfylgjandi tillaga að nýju skipuriti fyrir sameiginlegt svið sem samanstendur af sex skrifstofum sem tilheyra miðlægrri stjórnsýslu og sex afmörkuðum þjónustubáttum:



Helstu markmið með nýju skipuriti eru eftirfarandi:

1. Að skipuritið styðji við aukna áherslu á nýsköpun og umbætur á þjónustu þvert á málefni og viðfangsefni.
2. Að skipuritið nái fram mikilvægi þjónustubátta en á sama tíma náist fram virk þverfagleg teymisvinna eftir þörfum og viðfangsefnum hverju sinni.
3. Að skipurit styðji við sértæk áherslumál með víðtækri aðkomu stofnana.
4. Að skipurit styrki málaflokka menningar, íþrótt og tímstunda.
5. Að skipurit sé gegnsætt og stuðli að stuttum boðleiðum ásamt því að auðvelda samskipti og samræmingu vinnubragða.

**Um ábyrgðarmörk og stjórnun:** Sviðsstjóri ber ábyrgð á rekstri, stefnumótun og áherslum sem í gildi eru hverju sinni. Sviðsstjóri í góðu samstarfi við stjórnendur,

forstöðufólk stofnana og starfsfólk mótar þá hugmyndafræði sem starfsemi sviðsins mun byggja á. Skipurit byggir á góðu samstarfi og verkaskiptingu á milli miðlægrar stjórnsýslu og þeirra fjölmörgu stofnana sem sinna þjónustu til borgarbúa.

**Miðlæg stjórnsýsla:** Stjórnendur miðlægrar stjórnsýslu sviðsins eru faglegir leiðtogar á sínu sérsviði og móta faglega útfærslu á ákvörðunum, vinna starfs- og fjárhagsáætlanir og bera ábyrgð á að eftir þeim sé farið. Eftirtaldar einingar heyra undir miðlæga stjórnsýslu sviðsins og taka að sér stjórnun sértækra verkefna, hver út frá sínu ábyrgðarsviði:

- Menningarborgin
- Íþrótt- og tómstundaborgin
- Þróun og nýsköpun
- Mannauður og starfsumhverfi
- Fjármál og áætlanir
- Viðburðir og markaðsmál

Í ofangreindum einingum verði stjórnendur sem bera ábyrgð á framgangi málefna og sinni virkum samskiptum við forstöðumenn stofnana og eru daglegir tengiliðir gagnvart þeim um fagleg málefni, eftirfylgni verkefna og áherslur sem eru í forgangi hverju sinni. Stjórnendur ofangreindra eininga starfa undir forystu sviðsstjóra og reglubundnir og vel skipulagðir fundir stjórnenda verði að öllu jöfnu vikulega.

**Helstu verkefni á sameiginlegu sviði:** Í nýju skipuriti er skipan verkefna í miðlægri stjórnsýslu með eftirfarandi hætti.

**Sviðsstjóri:** Æðsti stjórnandi sviðsins og gegnir samræmingarhlutverki þvert á starfsemi miðlægrar stjórnsýslu og stofnana sviðsins. Sviðsstjóri situr í yfirstjórn og neyðarstjórn Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á samræmingu við önnur svið, þá sinnir sviðsstjóri samskiptum við fagráð og fjölmarga hagsmunaaðila í samráði við forstöðumenn hverju sinni.

**Þróun og nýsköpun:** Skrifstofan taki til sín verkefni sem snúa að samræmingu stefnumála, þjónustuþróun, stafrænni þróun, rekstri upplýsingakerfa ásamt gæða- og öryggismálum. Tækifæri eru til þess að tengja stefnumarkandi málefni sviðsins betur saman og ná fram heildstæðri stefnu er tekur til menningarmála, íþrótt- og tómstunda. Þar má horfa til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, lýðheilsamála o.fl. Þá sinni skrifstofan skrifstofuhaldi, upplýsingagjöf og taki sín málefni er snúa að persónuvernd.

**Fjármál og áætlanir:** Skrifstofan sinni hefðbundinni fjármálastarfsemi líkt og hefur verið á báðum sviðum. Efla má umsýslu með samningamálum og eftirliti. Þá eru tækifæri til þess að samræma innkaup þvert á stofnanir. Önnur reglubundin verkefni eru gerð fjárhagsáætlana, reikningskil og starfsáætlun.

**Mannauður og starfsumhverfi:** Skrifstofan sinni almennri mannauðsráðgjöf og stuðningi þvert á sviðið og stofnanir. Önnur verkefni snúa að ráðningum, starfsþróun, starfsumhverfi, vinnuvernd mannréttinda- og jafnréttismálum ásamt kjaramálum.



**Menningarborgin:** Skrifstofan heldur utan um sértæk verkefni eins og bókmenntaborgina, tónlistarborgina o.fl. Skrifstofan gegni jafnframt samræmingarhlutverki gagnvart stofnunum og fylgi eftir menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Þá sinni skrifstofan einnig styrkjamálum, rekstrarsamningum og er í virku samtali við menningarfélög og aðra hagsmunaaðila um þróun menningarmála hjá borginni.

**Íþrótt- og tómstundaborgin:** Skrifstofan heldur utan um sértæk verkefni á sviði íþróttar og tómstunda. Skrifstofan gegni jafnframt samræmingarhlutverki gagnvart stofnunum og fylgi eftir stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur. Skrifstofan heldur utan um samskipti við íþrótt- og tómstundafélög, styrkjamál og rekstrarsamninga og tækni- og viðhaldsmálum þvert á mannvirki.

**Viðburðir og markaðsmál:** Vegna áforma Samtaka sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu um að setja á laggirnar sameiginlega Áfangastaðastofu í samstarfi við atvinnulífið þá liggur fyrir sú afstaða Reykjavíkurborgar að framlag hennar inn í Áfangastaðastofuna verði sá hluti Höfuðborgarstofu sem sinnir fyrst og fremst ferðaþjónustuhlutanum og alþjóðlegri markaðssetningu. Fyrir liggur greinargóð skýrsla starfshóps Reykjavíkurborgar um flutning á verkefnum Höfuðborgarstofu til áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins (sjá fylgigögn). Þangað til málefni Höfuðborgarstofu og Áfangastaðastofu skýrast er gert ráð fyrir því að verkefni Höfuðborgarstofu verði til að byrja með inni á nýju sameiginlegu sviði MOF og ÍTR. Skipaður verður starfshópur sem mun leggja tillögur fyrir borgarráð eigi síðar en 1. feb n.k. um flutning á skilgreindum verkefnum Höfuðborgarstofu til markaðs- og áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins og hvernig haldið verður á markaðsmálum og skipulagi viðburða hjá Reykjavíkurborg til framtíðar.

**Þjónustupættir:** Fjölmargar stofnanir starfa undir formerkjum sameinaðs sviðs. Stjórnendur þeirra heyra undir sviðsstjóra og hafa beina aðkomu að stefnumarkandi ákvörðunum í gegnum sameiginlegan vettvang. Stjórnun og samhæfing fari fram með fulltrúum eftirfarandi þjónustupátta:

- Borgarbókasafn Reykjavíkur
- Listasafn Reykjavíkur
- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Íþróttamiðstöðvar Reykjavíkur
- Sundstaðir Reykjavíkur
- Tómstundamiðstöðvar Reykjavíkur

Lagt er til að fulltrúar úr ofangreindum þjónustupáttum myndi stærri stjórnendahóp sviðsins enda beri hann ábyrgð á framgangi verkefna á ólíkum starfsstöðvum víðs vegar um borgina. Stærri stjórnendahópur hittist að öllu jöfnu á tveggja vikna fresti með sviðsstjóra.

Nokkur fjöldi stofnana er undir sviðinu og slíkt gefur tilefni til þess að sviðsstjóri veiti að öllu leyti eða að hluta til stjórnendum í miðlægri stjórnsýslu umboð til þess að sinna dagsdaglegum samskiptum og eftir atvikum öðrum málefnum.

Stjórnendur stofnana fara áfram með fullt stjórnunarlegt umboð gagnvart sínum starfseiningum og bera ábyrgð á eiginlegri framkvæmd þjónustunnar. Lögð er rík áhersla á sjálfstæði og frumkvæði stofnana. Stjórnendur stofnana beri ábyrgð á stefnumótun sinna eininga í góðu samstarfi við miðlægra stjórnsýslu sem gegni samræmingarhlutverki um sameiginleg stefnumarkandi mál þvert á allar stofnanir.

Lögð er áhersla á að hafa starfsemi stofnana eins öfluga og mögulegt er og tryggja afar góðar boðleiðir til sviðsins og að til staðar verði skýr farvegur fyrir upplýsingagjöf um mál og málefni til sviðsstjóra.

Áhersla verður á aukna teymisvinnu, þvert á málefni og starfsemi. Í því felast tækifæri fyrir stofnanir að koma með beinum hætti að undirbúningi og framkvæmd verkefna.

Stofnanir bera áfram ábyrgð á eigin stefnumótun en tengja hana sameiginlegri stefnu sviðsins eftir atvikum.

**Borgarbókasafn Reykjavíkur:** Starfsemi sem heyrir undir Borgarbókasafn Reykjavíkur:

- Grófin
- Sólheimar
- Kringla
- Árbær
- Spöngin
- Gerðuberg
- Úlfarsárdalur

**Listasafn Reykjavíkur:** Starfsemi sem heyrir undir Listasafn Reykjavíkur.

- Hafnarhúsið
- Kjarvalsstaðir
- Ásmundarsafn

**Borgarsögusafn Reykjavíkur:** Starfsemi sem heyrir undir Borgarsögusafn.

- Árbæjarsafn
- Sjóminjasafn Reykjavíkur
- Ljósmyndasafn Reykjavíkur
- Landnámssýning - Aðalstræti 10
- Viðey

**Sundstaðir Reykjavíkur:** Um er að ræða sundstaði Reykjavíkurborgar og eru þeir eftirfarandi.

- Vesturbæjarlaug
- Sundhöll Reykjavíkur
- Laugardalslaug
- Breiðholtslaug
- Árbæjarlaug
- Grafavogslaug

- Dalslaug
- Ylstrendur

**Íþróttamiðstöðvar Reykjavíkur:** Undir íþróttamiðstöðvar flokkast eftirfarandi starfsemi.

- Íþrótt- og sýningarhöllin Laugardal
- Íþróttamiðstöðin Dalhúsum
- Íþróttamiðstöðin Austurbergi
- Íþróttamiðstöðin Seljaskóla
- Íþróttamiðstöðin Úlfarsárdal
- Íþróttamiðstöðin Skógarseli
- Íþróttahús Háteigsvegi
- Laugaból
- Gervigrasvellir
- Keppnis- og æfingavellir

**Tómstundamiðstöðvar Reykjavíkur:** Undir tómstundamiðstöðvar flokkast eftirfarandi starfsemi.

- Hitt Húsið
- Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn
- Siglingaklúbburinn Siglunes
- Gufunesbær (flutningur verkefnisins er í skoðun en það er hýst hjá SFS)
- Skíðasvæði
- Útivist
- Jaðarsport

**Tímabundin áherslumál:** Ábendingar úr samráðsferli lúta margar að auknu teymisstarfi þvert á ólík málefni og viðfangsefni. Tækifæri eru til þess að auka við þverfaglegt starf með aðkomu stofnana um stór áherslumál hverju sinni. Öflugt teymisstarf verði um eftirfarandi þætti:

1. Heimsmarkmiðin
2. Barnvænt samfélag
3. Heilsueflandi samfélag
4. Stafræn þróun

Þetta yrðu tímabundin teymi sem yrðu ákveðin út frá þörf og áherslu hverju sinni. Með teymisvinnu má nýta sérfræðileikkingu og reynslu starfsfólks víðs vegar úr borginni og fá inn starfsfólk sem þekkir best til hverju sinni.

**Samráð vegna skipurits:** Starfshópurinn velti upp nokkrum sviðsmyndum um skipurit og leitaði eftir sjónarmiðum starfsfólks og á meðal stjórnenda stofnana. Ætíð var lögð mikil áhersla á að skapa farveg fyrir þverfaglegt starf og grundvöll fyrir aukna teymisvinnu þvert á málefni sviðsins. Fyrstu tillögur að skipuriti voru kynntar á viðtækum samráðsfundum og þar var kynnt sú leið að sviðið yrði byggt upp í kringum tvær fagskrifstofur (menningarmál / íþrótt- og tómstundamál) sem hefðu beina aðkomu að málefnum stofnana.

Tillögur sem kynntar voru í upphafi höfðu þá helstu kosti að náð yrði fram skýrri verkaskiptingu og afmörkun verkefna. Þarna var líka farin sú leið að vera í nokkru samræmi við skipulag annarra sviða. Í samráðsferli komu þau sjónarmið þó fram að með þeirri nálgun væru boðleiðir til stofnana að lengjast og að ekki væri gengið nægjanlega langt í að samþætta verkefni og þar með myndi verða erfiðara að ná fram þeim tækifærum sem æskilegt væri að stefna að.

Þá er skipulag stofnana á milli menningarmála og íþróttatómstundmála ólíkt. Það birtist helst í því að stjórnendur Borgarbókasafns, Listasafns Reykjavíkur og Borgarsögusafns sinna samræmingarhlutverki þvert á önnur söfn. Sambærileg hlutverk hafa ekki verið til staðar innan ÍTR. Þetta gerir það að verkum að starfstítlar stjórnenda eru ólíkir á milli sviðanna sem nú eru að sameinast og æskilegt væri að samræma titla stjórnenda þegar horft er fram á veginn en það er ávarpað í innleiðingaráætlun um sameiningu sviðsins.

**Niðurstöður:** Starfshópurinn vann áfram með skipuritið í kjölfar samráðsins og mikill vilji var til þess að ná fram aukinni samþættingu og koma til móts við sjónarmið sem fram komu. Ákveðið var að vinna í auknum mæli með teymishugsunina. Dregin voru fram sex þjónustubættir sem að stofni til mynda kjarna hins nýja sviðs og eru þeir táknaðir sem kjarnastarfsemi í nýju skipuriti. Þarna er stefnt að því að búa til vettvang stjórnenda þvert á ólík viðfangsefni sviðsins, undir forystu sviðsstjóra, þannig sé mögulegt að ná fram öflugum samtali þvert á stofnanir um samræmingu, þróun þjónustu og leita tækifæra til hagsbóta fyrir borgarbúa.

Á þessum vettvangi yrði einnig tækifæri til þess að setja af stað áhugaverð verkefni í afmarkaðri teymum eins og áður hefur komið fram. Þannig er stefnt að því að hagnýta bæði kosti reglubundinna stjórnendafunda en að auki setja af stað tímabundin teymi þvert á stofnanir með sterkri aðkomu stofnana og í samstarfi við miðlæga stjórnsýslu.

### 3. Aðsetur

Fjögur af fimm fagsviðum borgarinnar eru með aðsetur í Borgartúni ásamt tveimur af þremur kjarnasviðum. Eina fagsviðið með aðsetur í Ráðhúsinu er menningar- og ferðamálasvið. Með nýju sameiginlegu menningar- og íþróttasviði gefst því tækifæri að hafa öll fagsviðin í sama húsnæði í Borgartúni.

### 4. Fjárhagsleg áhrif

Ekki er gert ráð fyrir því að tillögur þessar feli í sér kostnaðaraukningu fyrir Reykjavíkurborg heldur þvert á móti hagræðingu til lengri tíma. Breytingarnar rúmast innan núverandi fjárheimilda sviðanna fyrir 2023 og til lengri tíma litið muni sú samþætting og einföldun sem hér er boðuð með sameiningu sviðanna leiða af sér hagkvæmari og betri stjórnsýslu og markvissari þjónustu.

Ekki er áætlað að í byrjun hafi sameiningin í för með sér breytingar á starfsemi og starfsmannahaldi á öðrum stöðum en skrifstofum og miðlægum verkefnum, en fjárheimild vegna þeirra á árinu 2023 er samtals um 314.053 þ.kr. hjá MOF (án Höfuðborgarstofu) og þar af er launakostnaður 205.890 þ.kr. Hjá ÍTR hljóðar áætlun 2023 á skrifstofu 234.112 þ.kr. og þar er launakostnaður 183.833 þ.kr. Tillögur að nýju skipulagi menningar- og íþróttasviðs gera ráð fyrir að stöðugildi verði samtals 24,25,

sem er sami fjöldi stöðugilda og var á miðlægum skrifstofum ÍTR og MOF (sjá fylgiskjal).

Í tillögu starfshópsins felst m.a. fækkun stjórnenda, þ.e. að ein staða sviðsstjóra, ein staða skrifstofustjóra, ein staða mannauðsstjóra og ein staða fjármálastjóra verða formlega lagðar niður og tvær skrifstofur sameinaðar í eina. Jafnframt munu einhver störf taka breytingum vegna skipulagsbreytinga. Starfsfólk sem gegnir þeim stöðum sem lögð eru niður hættir m.a. vegna aldurs eða fara í önnur störf hjá Reykjavíkurborg en fjárhagsleg áhrif af þeirri breytingu ná nokkuð inn á næsta langt ár.

Fjárhagsleg greining bendir til að fjárheimild sameinaðs sviðs þurfi að vera samsvarandi við núverandi fjárheimildir MOF og ÍTR til að byrja með. Mikilvægt er þó að endurskoða og meta framgang og kostnaðarmat þegar reynsla er komin á starfseminna. Þá verður auðveldara að greina umfang verkefna og möguleg samlegðaráhrif.

Lagt er til að á innleiðingartíma verði unnið að nánari greiningu á tækifærum til hagræðingar sem felast í sameiningu sviðanna í samræmi við fjárhagsgreiningu sem gerir ráð fyrir því að sameiginleg fjárhagsáætlun fyrir sameinað svið fyrir fjárhagsárið 2024 verði unnin á næsta ári.

## 5. Störf

Ekki er útilokuð endurskoðun á verkaskiptingu og skipulagi einstakra eininga verði framangreindar tillögur samþykktar, enda muni það fela í sér breytingu á einstaka stöðum stjórnenda eða starfsmanna. Engu að síður er miðað við að slíkt verði í lágmarki, með hagsmuni starfsfólks og stjórnenda að leiðarljósi og þar með starfseminnar í heild sinni.

Lagt er til að ráðið verði í stöður fagstjóra íþróttar og tómstunda frá 1. janúar 2023 og fagstjóra menningar frá og með 1. júlí 2023 en þá rennur út tímabundinn ráðningasamningur núverandi skrifstofustjóra menningarmála. Ekki er um ný stöðugildi að ræða. Jafnframt munu störf taka breytingum vegna skipulagsbreytinga.

## 6. Innleiðingaráætlun:

Innleiðingaráætlun liggur fyrir í grófum dráttum þar sem áhersla er lögð á:

1. Skipulag innleiðingar, kynningu og eftirfylgni
2. Stuðning við starfsfólk
3. Skipulag húsnæðismála
4. Samskipti við borgarfulltrúa og aðra hagsmunaaðila
5. Þjónustu við borgarbúa og gesti
6. Fjármál

Reiknað er með að innleiðing sameiningar MOF og ÍTR í eitt svið muni taka 3 – 5 ár og er það í samræmi við hugmyndir fræðimanna um tímalengd innleiðingar frá ákvörðun breytingar og þar til ný menning hefur fest sig í sessi að einhverju leyti á nýju sviði. Þegar innleiðingin hefst er mikilvægt að fylgja henni mjög skipulega og vel eftir

til að tryggja að nauðsynlegar úrbætur nái fram að ganga. Lagt er til að stofnaður verði sérstakur innleiðingarhópur undir forystu sviðsstjóra sem beri ábyrgð á farsælli innleiðingu hennar og eftirfylgni.

Sameining MOF og ÍTR			
Innleiðingaráætlun nýs sviðs			
Skipulag			
Áhersla	Aðgerð	Ábyrgð	Tímaplan
1	Starfshópur	Borgarráð	júlí - des. '22
	Undirbúningur sameiningar		
1	Sviðsstjóri	Borgarráð	okt. '22 - jan. '23
	Ráðning og formlegt hlutverk		
1	Skipurit	Starfshópur	sept. - des. '22
	Ákvörðun um skipurit	Borgarráð	des. '22
1	Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar	Borgarráð	des. '22
1	Starfshópur	Borgarráð	des. '22 – 1. feb. '23
	Tillögur um um flutning á skilgreindum verkefnum Höfuðborgarstofu til markaðs- og áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins og hvernig haldið verður á markaðsmálum og skipulagi viðburða hjá Reykjavíkurborg til framtíðar		
2	Teymi	Sviðsstjóri	des. '22 - feb. '23
	Heimsmarkmið (sjálfbærni)	Teymisstjóri	'23 - '25
	Barnvænt samfélag	Teymisstjóri	'23 - '25
	Heilsueflandi samfélag (lýðheilsa)	Teymisstjóri	'23 - '25
	Stafræn þróun	Teymisstjóri	'23 - '25
2	Árangursmælikvarðar	Sviðsstjóri	'23 - '27
3	Endurmat	Sviðsstjóri - stjórnendur	maí '23 og nóv. '23 - '24 - '25 - '26 - '27
Starfsfólk			
Áhersla	Aðgerð	Ábyrgð	Tímaplan
1	Mönnun	Sviðsstjóri	nóv. '22 - okt '23
	Eftirfylgd með skipulagsbreytingum	Sviðsstjóri	'23 - '27
	Bréf vegna skipulagsbreytinga til starfsfólks	Starfandi sviðsstjórar	des. '22
	Ráðning fagstjóra ípróttá- og tómstunda	Sviðsstjóri	júlí '23
	Ráðning fagstjóra menningar	Sviðsstjóri	júlí '23
1	Upplýsingar	Starfshópur	sept. - des. '22
	Regluleg fréttabréf til starfsfólks		
1	Upplýsingar	Sviðsstjóri	jan. '23 - '27

	Mánaðarlegar upplýsingar (bréf/fundir) til starfsmanna		
2	Samtöl við starfsfólk	Sviðsstjóri og mannauðsstjóri	des. '22 - feb. '23
	Samtöl við stjórnendur		des. '22
	Samtöl við almennt starfsfólks		jan. '23 - feb. '23
	Starfsþróunarsamtöl	Sviðsstjóri og stjórnendur	'23 - '27
2	Skipulag funda á sviðinu	Sviðsstjóri	jan. '23 - '27
	Skrifstofufundir - vikulega		
	Fagfundir - 8 faghópar 1/2 mánaðarlega		
3	Fræðsla	Mannauðsstjóri	jan. '23 - '27
<b>Húsnæði</b>			
<b>Áhersla</b>	<b>Aðgerð</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tímaplan</b>
1	Staðsetning	Starfshópur	okt. '22
	Borgartún 12 - 14		
1	Skipulag aðstöðu	Sviðsstjóri/starfs-menn	nóv. '22 - jan. '23
	Unnið með eignaskrifstofu		
2	Flutningar	Sviðsstjóri/starfs-menn	des. '22 - feb. '23
	Sameining á einn stað í Borgartúni		
<b>Samskipti</b>			
<b>Áhersla</b>	<b>Aðgerð</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tímaplan</b>
1	Hagsmunasamtök	Formaður MÍT, sviðsstjóri og stjórnendur	
	Kynningarfundir með fulltrúum hagsmunafélaga sem snerta málefni sviðsins		okt. '22 - feb. '23
	Reglulegir fundir með fulltrúum hagsmunasamtaka		'23 - '27
1	Starfsfólk	Sviðsstjóri og stjórnendur á sviðinu	
	Kynningarfundir með starfsfólki sviðsins, stofnana og annarra sviða RVK		des. '22 - jan. '23
	Reglulegir fundir með starfsfólki sviðsins og stofnana sem undir það heyra.		'23 - '27
1	Borgarstjórn		
	Kynning fyrir Borgarstjórn	Starfshópur	des. '22
	Reglulegar upplýsingar til borgarfulltrúa	Sviðsstjóri	'23 - '27
1	Borgarráð		
	Kynning fyrir Borgarráði	Starfshópur	des. '22
	Reglulegar upplýsingar til borgarfulltrúa	Sviðsstjóri	'23 - '27
1	Stjórn MÍT		

	Kynning fyrir stjórn MÍT	Starfshópur	des. '22
	Reglulegar upplýsingar til fulltrúa í MÍT	Sviðsstjóri	'23 - '27
1	Íbúar og gestir		
	Upplýsingar til íbúa og gesta	Samskiptastjóri - stjórnendur	'23 - '27
1	Innleiðingarhópur	Sviðsstjóri	
	Sviðsstjóri stofnar innleiðingarhóp fulltrúa frá sviðinu og stofnunum		jan. '22 - des. '23
<b>Þjónusta</b>			
<b>Áhersla</b>	<b>Aðgerð</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tímaplan</b>
1	Íbúar	Stjórnendur	jan. '23 - '27
1	Hagsmunasamtök	Stjórnendur	jan. '23 - '27
1	Borgarstjórn	Sviðsstjóri	jan. '23 - '27
1	Borgarráð	Sviðsstjóri	jan. '23 - '27
1	Stjórn MÍT	Sviðsstjóri	jan. '23 - '27
1	Nýtt nafn á sviðið	Starfshópur	des. '22
2	Ný verkefni	Sviðsstjóri og stjórnendur	des '22 - '27
2	Nánari útfærsla á verkefnum	Sviðsstjóri og stjórnendur	'23 - '27
3	Ábendingar	Sviðsstjóri og stjórnendur	'23 - '27
3	Vefsíða	Stjórnendur	jan. '23 - '27
3	Merkingar	Stjórnendur	jan. '23 - '24
<b>Fjármál</b>			
<b>Áhersla</b>	<b>Aðgerð</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tímaplan</b>
1	Fjármál	Fjármálateymi/fjár-málastjóri	des. '22 - '27
	Fjárhagsleg greining og samþætting áætlana		nóv. '22 - okt. '23
	Sameiginleg fjárhagsáætlun fyrir nýtt svið		des. '24
2	Eftirfylgd fjárhagsáætlunar	Sviðsstjóri	'23 - '27

## 7. Tækifæri

Samráðsferlið hefur leitt í ljós að bæði sviðin hafa upplifað óvissu í aðdraganda sameiningarinnar enda eru það eðlilegar tilfinningar í breytingarstjórnunarferli eins og þessu. Almennt má segja að starfsfólk var mjög áhugasamt um að taka þátt í sameiningunni en þó er bent á að tíma tekur að meta stærstu samlegðartækifærin í verkefnum sviðanna því mikilvægt er að brjóta ferlið niður í áfanga. Á fyrstu mánuðum innleiðingar er eðlilegt að vinna áfram að því að samþætta verkefni þar sem það á við.

Starfsfólk kom á framfæri sjónarmiðum sínum út frá þremur grunn spurningum, þ.e. hvaða áskoranir er til staðar gagnvart farsælli sameiningu sviðanna, hvaða tækifæri eru til staðar þegar sameinað svið hefur starfsemi sína og hvaða verkefni gætu verið til þess fallin að efla sviðið enn frekar?



Helstu áskoranir sem starfsfólk nefndi var óljós ávinningur af sameiningunni og hverju raunverulega eigi að ná fram. Bent var á mikilvægi þess að tryggja að jafnvægi sé á milli beggja málefna sem munu að stofni til móta grunn hins nýja sviðs. Þá var nefnd ólík menning og vinnulag sem þarf að samræma, áskorun sem felst í að viðhalda góðri starfsánægju og huga vel að því að að málaflökkarnir verði ekki andstæðir pólar.

Helstu tækifærin sem samráðsferlið leiddi í ljós var m.a.:

- Sameiginlegt afgreiðslukerfi.
- Efla má viðburðastjórnun með öflugum teymi.
- Frístundamál - tækifæri gætu verið að vinna betur að málefnum barna í borginni.
- Ný menning - þar sem heimarnir mætast. Tækifæri til að vinna meira í teyllum og minna út frá einstaklingsverkefnum.
- Stórt tækifæri til að efla aðgengi ungmenna að aðstöðu.
- Stefnumörkun félagsmiðstöðva og samfélags- og menningarhúsa.
- Nýting á borgarlandinu almennt gæti eflst hvort sem það tengist íþróttum, tómstundum, menningu og listum.
- Fleiri starfsstaðir skapa tækifæri til að samræma innkaup og ná fram hagræðingu, t.d. með útboðum á vörum sem seldar eru á starfsstöðum borgarinnar.
- Sameiginlegt markaðsteymi með sömu nálgun þvert á sundlaugar, söfn og aðra starfsemi gæti skapað aukinn sýnileika og á sama tíma eflt tekjuginn.
- Bæði sviðin gera margs konar samninga, tækifæri til að endurskoða nálgun, samræma og samstillast strengi.
- Ólík reynsla er sitthvorum megin, hvað hefur gengið og hvað ekki - við getum lært heilmikið hvert af öðru.
- Sterkari rödd og aukið vægi innan borgarkerfisins.
- Nýta tengslanet stofnana. Auðveldara að tala við hverfin frá fleiri starfsstöðum.
- Stærra svið betur í stakk búið að vinna eftir fastmótuðum ferlum og tryggja faglega stjórnsýslu.
- Gæti verið tækifæri til þess að nýta fjármagn enn betur.
- Að horfa á eitt svið undir stærri formerkjum og móta stefnu um heildstæða nálgun á frítímaupplifun fólks.
- Að brjóta upp hefðir og vinnulag - mörg verkefni rótgróin og fastmótuð.

Ný verkefni sem bent var á í samráðsferlinu:

- Kanna hvort færa megi frístundamiðstöðvar aftur inn á sviðið til að skapa heildstæða nálgun gagnvart tómstundastarfi innan borgarinnar (ekki frístund innan skóla).
- Verkefni sem snúa að grænum svæðum, nýtingu á almannarýmum fyrir menningu og listir.
- Viðburðir - viðburðateymi ÍBR hefur sinnt fjölmörgum verkefnum á þessu sviði í samvinnu við ÍTR og aukin samvinna eða tilflutningur verkefna gæti eflt viðburðahald.
- Verkefnið í Gufunesi gæti farið til hins nýja sviðs - hafa séð um skíðabrekkur í hverfum o.fl.

- Skoða mætti hvort tónlistarskólar fari til hins nýja sviðs - gæti verið áhugavert að samtvinna skólanna við stærri stefnu í menningar- og tónlistarmálum.
- Lýðheilsumál eiga samlegð með sviðinu – annað hvort aukið samstarf eða kanna hvort verkefni eigi að færast yfir.
- Möguleg samlegðaráhrif bókasafna og skólabókasafna.

Lagt er til að á innleiðingartíma verði unnið frekar úr ábendingum og tillögum um ýmis tækifæri sem felast í sameiningunni sem fram komu í samráðsferlinu. Vinnu við þá yfirferð verði lokið á síðara hluta árs 2023.

### 8. Mælanleg markmið

Í breytingastjórnun af þessu tagi er mikilvægt að styðjast við mælingar á árangri af sameiningunni. Breytingar lúta öðru fremur að því að skila árangri og hann þarf að skilgreina fyrirfram. Lagt er til að sameinað svið setji sér á árinu 2023 mælanleg markmið til a.m.k. tveggja ára sem felast í tækifærum sameiningarinnar, horft verði m.a. til eftirfarandi:

- a. Bætt nýting á mannvirkjum og aðstöðu þvert á málaflokka.
- b. Samþætting innkaupa og aukin sameiginleg innkaup vegna starfsstaða.
- c. Starfsánægja og ánægja starfsfólk með starfsumhverfi.
- d. Rekstrarleg markmið / skilvirkni.
- e. Bætt þjónusta.

Sameiningaferlið verði metið að tveimur árum liðnum svo gera megi nauðsynlegar breytingar þar sem það á við. Um það bil 3-5 árum eftir sameininguna verði síðan kannað hvort markmið sameiningarinnar hafi náðst.

### 9. Greiningar

Lagt er til að á innleiðingartíma verði unnið að nánari fjárhagslegri greiningu og samþættingu fjárhagsáætlana og verði því lokið á síðara hluta árs 2023. Þá er lagt til að farið verði í lyklun verkefna á sviðinu á innleiðingartíma til að skapa órofna umboðskeðju í gegnum stjórnkerfi sviðsins.

Ýmis konar greiningavinna var unninn á vegum starfshópsins við undirbúning á sameiningu sviðanna sem styðja við þær tillögur sem hér eru lagðar fram. Þær má sjá í fylgiskjölum. Á meðal gagna er minnisblað sem borgarlögmaður tók saman að beiðni starfshópsins með samantekt á verkefnum íþróttá- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs. Óskað var greiningar á lögmæltum, ólögmæltum og valkvæðum verkefnum núverandi sviða. Sú kortlagning mun nýtast á innleiðingartíma og í starfsemi sviðsins.

### 10. Samræming

Mikilvægt er að samræma starfsheiti á nýju sviði því þau eru misjöfn miðað við ábyrgð og stjórnunarspönn á núverandi sviðum. Lagt er til að á innleiðingartíma verði gildandi starfslýsingar stjórnenda endurskoðaðar í samræmi við breytt skipulag og breytta verkaskiptingu og heiti starfa samræmd þar sem við á. Einnig er mikilvægt að samræma markaðsmál (branding), merkingar og útlit á sameiginlegu sviði þar sem notast skal við nýja stílbók Reykjavíkurborgar. Einnig þarf að samræma og samþætta

sameiginlegar vefsíður og notast þar við vefhönnunarkerfið Hönnu. Jafnframt þarf að sameina samþykktir sameiginlegs sviðs.

### *Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR*

*Þorsteinn Gunnarsson, borgaritari  
Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri sameiginlegs sviðs MOF og ÍTR  
Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs*

#### **Fylgigögn**

- Samþykkt borgarráðs
- Erindisbréf starfshóps
- Verkefnaáætlun starfshóps
- Fjárhagsleg greining á sameiningu sviðanna
- Skipurit nokkurra borga á Norðurlöndum
- Skýrsla starfshóps um verkefni Höfuðborgarstofu og markaðsmál
- Viðmælendur, samráð og samtal og samantekt helstu gagna sem voru rýnd
- Greinargerð borgarlögmanns um lögmælt og ólögmælt verkefni MOF og ÍTR
- Fundargerðir starfshóps um sameiningu sviðanna
- Nafnatillögur starfsfólks
- Upplýsingabréf til starfsfólks



Borgarráð

### ***Tillaga um sameiningu menningar- og ferðamálasviðs og íþróttá- og tómstundasviðs***

Lagt er til að borgarráð samþykki að menningar- og ferðamálasvið (MOF) og íþróttá- og tómstundasvið (ÍTR) verði sameinuð í eitt svið undir stjórn eins sviðsstjóra og miðað við að breytingin taki gildi 1. janúar 2023. Vinnuheiti sameiginlegs sviðs er menningar-, íþróttá og tómstundasvið. Markmiðið með sameiningunni er að styrkja málaflokka menningar, íþróttá og skipulagðra tómstunda af fjölbreyttu tagi með því að nýta samlegð í innviðum og miðlægri stjórnsýslu ásamt því að kortleggja sameiginleg sóknarfæri til framtíðar. Skipaður verði starfshópur embættismanna sem heldur utan um verkefnið. Rík áhersla verður lögð á samráð í ferlinu m.a. við stjórnendur og starfsfólk sviðanna. Rýnd verða sóknarfæri sem felast í sameiningu sviðanna, farið í fjárhagslega greiningu, gerð tillaga að nýju skipuriti og innleiðingaráætlun. Tillögur starfshópsins verði lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

#### **Greinargerð:**

Í samstarfssáttmála núverandi meirihluta Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar segir að ætlunin sé að sameina málaflokka íþróttá og menningar. Jafnframt að málefni ferðapjónustu verða færð undir forsætisnefnd. Þetta hefur í för með sér talsverða breytingu á skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkurborgar sem krefst undirbúnings, utanumhalds og breytingastjórnunar enda þarf að huga að fjölmörgum atriðum í því sambandi.

**Um menningar- og ferðamálasvið:** Hlutverk sviðsins er að fylgja eftir stefnu Reykjavíkurborgar í menningar- og ferðamálum. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu. Þá eru einnig sérverkefni Reykjavík bókmenntaborg UNESCO, Tónlistarborgin Reykjavík og viðburðadeild. Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Menningar- og ferðamálasvið sér auk þess um samstarfssamninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2022 er áætlaður rekstrarkostnaður sviðsins 5,8 milljarðar króna. Stöðugildi eru áætluð 172.

**Um íþróttá- og tómstundasvið:** Hlutverk sviðsins snýr að stærstum hluta að almennri þjónustu við borgarbúa í íþróttá- og tómstundamálum og stuðningi og gerð samstarfssamninga við félög og samtök sem standa fyrir slíkri starfsemi. Undir starfsemi sviðsins heyri m.a. rekstur sundlauga, Hins Hússins, Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldugarðsins, íþróttamannvirkja, íþróttavalla og skíðasvæða. Sviðið hefur umsjón með styrkveitingum til íþróttá- og æskulýðsfélaga, Frístundakortinu, annast samskipti fyrir hönd borgaryfirvalda við íþróttá- og æskulýðsfélög og samtök þeirra og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2022 er áætlaður rekstrarkostnaður sviðsins rétt tæpir 10 milljarðar króna. Stöðugildi eru áætluð 318.



**Nánari rökstuðningur fyrir sameiningu menningar- og ferðamálsviðs og íþrótt- og tómsundasviðs:** Eins og fram kemur í tillögunni er gert ráð fyrir að flest í framangreindri starfsemi MOF og ÍTR verði sameinað undir hatti nýs sviðs, menningar-, íþrótt- og tómsunda. Af upptalningu á verkefnum sviðanna má sjá að í því felst samlegð, efling verkefna og fjölmörg tækifæri með því að sameina krafta þeirra í einu sviði. Einnig liggja tækifæri í flutningi verkefna af öðrum sviðum/skrifstofum/stofnunum.

Segja má að fyrsta skrefið í auknu samstarfi MOF og ÍTR hafi verið stigið í skipulagsbreytingum 2018 þegar menningar- og ferðamálaráð og íþrótt- og tómsundaráð voru sameinuð í menningar-, íþrótt- og tómsundaráð.

**Gildistaka og innleiðing breytinga:** Miðað er við að framangreindar breytingar og þar með starfsemi nýs menningar-, íþrótt- og fristundasviðs taki formlega gildi 1. janúar 2023. Jafnframt er lagt til að starfshópurinn leggi fram áætlun um sameinaða starfsemi sviðsins í nóvember eða desember. Endurskoða þarf viðeigandi samþykktir og reglugerðir og skulu drög að því vera tilbúin á sama tíma.

**Tímalína:**

Tímalínur - dagsetningar	Verkefni	Ábyrgðaraðilar
Júlí/Ágúst '22	Undirbúningsvinna að stofnun nýs sviðs sem tekur við af MOF og ÍTR – tilgangur, tilhögun, markmið og tímalína	Borgarstjóri
21. júlí '22	Lögð fram tillaga í borgarráði um stofnun nýs sviðs. Lagt fram erindisbréf starfshóps	Borgarstjóri
21. júlí '22	Lögð fram tillaga í borgarráði um auglýsingu á nýju starfi sviðsstjóra og skipan hæfnisnefndar. Skv. reglum um ráðningar borgarráðs skal borgarstjóri leggja drög að auglýsingu um starfið, drög að erindisbréfi hæfnisnefndar ásamt drögum að ætlun um ráðningarferli til samþykktar í borgarráði	Borgarstjóri
21. júlí '22	Auglýsing undirbúin og birt í fjölmiðlum og á heimasíðu borgarinnar. Auglýsing birt laugardaginn 23. júlí og umsóknafrestur til 25. ágúst	MOS
26. ágúst '22	Vinna hæfnisnefndar hefst	Hæfnisnefnd
8./15. sept.	Hæfnisnefnd leggur fyrir borgarráð tillögu að umsækjendum sem fari áfram í síðara viðtal.	Hæfnisnefnd
6./13. okt.	Lögð fram tillaga í borgarráði um ráðningu á sviðsstjóra	Borgarstjóri
1. des. '22 eða fyrr	Nýr sviðsstjóri hefur störf	
Ágúst og sept. '22	Vinna við að aðlaga samþykkt menningar- íþrótt- og tómsundaráðs að nýju skipulagi.	Skrifstofa borgarstjórnar
29. ágúst – 30. sept. '22	Starfshópur skipuleggur vinnuna nánar Framkvæmdastjórnir sviða skiptast á upplýsingum um starfsemi sinna sviða, deila starfsáætlun og halda sameiginlegan fund þar sem starfsemi sviðanna er kynnt. Starfsmenn MOF og ÍTR vinna sitt í hvoru lagi að greiningu á starfsemi sinna sviða og meti sóknarfæri, tækifæri og	MOF sviðsstjóri með starfsmönnum ÍTR sviðsstjóri með starfsmönnum



	ógnanir. Fara yfir faglegan og rekstrarlegan ávinning af sameiningu – SVOT greining.	
<b>3.–24. okt. '22</b>	Starfsmenn MOF og ÍTR vinna saman að yfirferð þeirrar vinnu sem unnin var á sviðinu og setja fram mögulegar sviðsmyndir.	MOF sviðsstjóri með starfsmönnum ÍTR sviðsstjóri með starfsmönnum
<b>Sept. og okt. '22</b>	Skoðað verði hvort tækifæri gæti komið upp á flutningi verkefna af öðrum sviðum sem nýta mætti betur og flytja á nýsameinað svið.	Starfshópur
<b>Nóv. '22</b>	Starfshópur skilar niðurstöðum til ábyrgðarmanns	Starfshópur
<b>Nóv./des '22</b>	Niðurstöður lagðar fyrir borgarráð	Ábyrgðarmaður
<b>Við upphaf ráðningar</b>	Nýr sviðsstjóri tekur til starfa með starfshópi	Borgarstjóri

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt: Drög að erindisbréfi stýrihóps um sameiningu menningar- og ferðamálasviðs og íþróttá- og tómsundasviðs



## ERINDISBRÉF

### Starfshópur um sameiningu menningar- og ferðamálasviðs og ípróttá- og tómstundasviðs

**Ábyrgðaraðili:** Borgarstjórinn í Reykjavík

#### Inngangur:

Til stendur að sameina menningar- og ferðamálasvið (MOF) og ípróttá- og tómstundasvið (ÍTR) í eitt svið undir stjórn eins sviðsstjóra og er miðað við að breytingin taki gildi 1. janúar 2023. Vinnuheiti sameiginlegs sviðs er menningar-, ípróttá og tómstundasvið. Í samstarfssáttmála núverandi meirihluta Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar segir að ætlunin sé að sameina málaflokka ípróttá og menningar. Jafnframt að málefni ferðapjónustu verða færð undir forsætisnefnd.

#### Hlutverk:

Yfirumsjón með skiplagningu á sameiningu menningar- og ferðamálasviðs (MOF) og ípróttá- og tómstundasviðs (ÍTR) í eitt svið undir stjórn eins sviðsstjóra. Tillögur starfshópsins verði lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

#### Markmið:

Að tryggja markvissa og samræmda vinnu innan borgarinnar um sameiningu MOF og ÍTR.

#### Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Undirbúa sameiningu menningar- og ferðamálasviðs (MOF) og ípróttá- og tómstundasviðs (ÍTR) í eitt svið undir stjórn eins sviðsstjóra.
- Mótun tillögu um starfsemi nýs sameiginlegs sviðs.
- Tillaga að skipuriti fyrir nýtt svið.
- Skilgreining helstu verkefna.
- Fjárhagsleg greining.
- Greining á mannauði.
- Skipa verkefna- og vinnuhópa um einstök verkefni þar sem við á.
- Gerð innleiðingaráætlunar fyrir sameiningu sviðanna.
- Kostnaðarmat tillagna ef við á.

#### Starfshópur:

Starfshópurinn skipa nýr sviðsstjóri menningar-, ípróttá- og tómstundasviðs sem er jafnframt formaður, borgarritari sem leiðir vinnu starfshópsins þar til nýr sviðsstjóri tekur til starfa og sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

#### Starfsmenn:

Sviðsstjórar MOF og ÍTR, fulltrúar frá fjármála- og áhættustýringasviði og mannauðs- og starfsumhverfissviði.

#### Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn skal vinna með stjórnendum og starfsfólki MOF og ÍTR sem og innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu. Hópnum er heimilt að semja við utanaðkomandi ráðgjafa um ráðgjöf vegna verkefnisins.



## Starfstímabil og skil:

Tímalínur – dagsetningar 2022	Verkefni	Ábyrgðaraðilar
Júlí / ágúst	Undirbúningsvinna að stofnun nýs sviðs sem tekur við af MOF og ÍTR – tilgangur, tilhögun, markmið og tímalína.	Borgarstjóri
21. júlí	Lögð fram tillaga í borgarráði um stofnun nýs sviðs. Lagt fram erindisbréf starfshóps.	Borgarstjóri
21. júlí	Lögð fram tillaga í borgarráði um auglýsingu á nýju starfi sviðsstjóra og skipan hæfnisnefndar. Skv. reglum um ráðningar borgarráðs skal borgarstjóri leggja drög að auglýsingu um starfið, drög að erindisbréfi hæfnisnefndar ásamt drögum að ætlun um ráðningarferli til samþykktar í borgarráði.	Borgarstjóri
21. júlí	Auglýsing undirbúin og birt í fjölmiðlum og á heimasíðu borgarinnar. Auglýsing birt laugardaginn 23. júlí og umsóknafrestur til 25. ágúst.	MOS
26. ágúst	Vinna hæfnisnefndar hefst.	Hæfnisnefnd
8. / 15. september	Hæfnisnefnd leggur fyrir borgarráð tillögu að umsækjendum sem fari áfram í síðara viðtal.	Hæfnisnefnd
6. / 13. október	Lögð fram tillaga í borgarráði um ráðningu á sviðsstjóra.	Borgarstjóri
1. desember eða fyrir	Nýr sviðsstjóri hefur störf.	
Ágúst og september	Vinna við að aðlaga samþykkt menningar- íþrótt- og tómstundaráðs að nýju skipulagi.	Skrifstofa borgarstjórnar
29. ágúst – 30. september	Starfshópur skipuleggur vinnuna nánar. Framkvæmdastjórnir sviða skiptast á upplýsingum um starfsemi sinna sviða, deila starfsáætlun og halda sameiginlegan fund þar sem starfsemi sviðanna er kynnt. Starfsmenn MOF og ÍTR vinna sitt í hvoru lagi að greiningu á starfsemi sinna sviða og meti sóknarfæri, tækifæri og ógnanir. Fara yfir faglegan og rekstrarlegan ávinning af sameiningu – SVOT greining.	MOF sviðsstjóri með starfsmönnum. ÍTR sviðsstjóri með starfsmönnum.
3. – 24. október	Starfsmenn MOF og ÍTR vinna saman að yfirferð þeirrar vinnu sem unnin var á sviðinu og setja fram mögulegar sviðsmyndir.	MOF sviðsstjóri með starfsmönnum ÍTR sviðsstjóri með starfsmönnum
September / október	Skoðað verði hvort tækifæri gæti komið upp á flutningi verkefna af öðrum sviðum sem nýta mætti betur og flytja á nýsameinað svið.	Starfshópur
Nóvember	Starfshópur skilar niðurstöðum til ábyrgðarmanns	Starfshópur
Nóvember / desember	Niðurstöður lagðar fyrir borgarráð	Ábyrgðarmaður
Við upphaf ráðningar	Nýr sviðsstjóri tekur til starfa með starfshópi	Borgarstjóri

Reykjavík, 21. júlí 2022

  
Dagur B. Eggertsson





## MINNISBLAÐ

**Fjárhagsleg áhrif sameiningar MOF og ÍTR**

Þann 1. janúar 2023 mun sameinað svið formlega taka til starfa og verða fjárheimildir þess samanlagðar fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs (MOF) og íþróttá- og tómstundasviðs (ÍTR), eða samtals um 17.681 þ.kr. Skiptingin er þannig að ÍTR er með fjárheimild v. ársins 2023 upp á 11.629 þ.kr. og MOF með 6.052 þ.kr. án Höfuðborgarstofu. Er þetta með þeim fyrirvara að fjárhagsáætlun 2023 hefur ekki fengið endanlegt samþykki í borgarstjórn við síðari umræðu og getur tekið einhverjum breytingum.

	Stöðugildagreining			
	MOF	MÍT	ÍTR	
Starfandi sviðsstjóri	1,00	1,00	1,00	Starfandi sviðsstjóri /
		1,00	1,00	Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra
Skrifstofustjóri menningarmála	1,00	1,00		
		1,00	1,00	Skrifstofustjóri þjónustu og reksturs
		1,00	1,00	Skrifstofustjóri þróunar og upplýsingamá
		1,00	1,00	Verkefnastjóri
		1,00	1,00	Forstöðumaður gæða- og öryggismála
Skrifstofustjóri rekstrar og fjármála	1,00	1,00	1,00	Fjármálastjóri
Verkefnastjóri fjármála	1,00	2,00	1,00	Fjármála sérfræðingur
Verkefnastjóri fjármála (laust stg)	1,00			
Mannauðsstjóri	1,00	1,00	1,00	Mannauðsstjóri
		1,00	1,00	Mannauðs- og þjónusturáðgjafi
Verkefnastjóri Bókmenntaborgar	1,00	1,00		
Verkefnastjóri Bókmenntaborgar (laust stg)	1,00			
Verkefnastjóri Tónlistaborgar	1,00	1,00		
Verkefnastjóri / Stafrænn leiðtogi	0,50	1,00	0,50	Verkefnastjóri - Stafræn mál
Verkefnastjórar viðburða	3,00	3,00		
Verkefnastjóri Barnamenningar	0,25	0,25		
Stöðugildi flutt til baka frá PON	1,00			
<b>Samtals stg</b>	<b>13,75</b>	<b>18,25</b>	<b>10,50</b>	
Launakostnaður þ.kr	205.890		183.833	
Samtals MOF og ÍTR		24,25		
<b>Mismunur</b>		<b>6,00</b>		
<b>Mismunur felst í eftirfarandi stöðugildum</b>				
Sviðsstjóri		1,00		
Fjármálastjóri		1,00		
Verkefnastjóri fjármála (MOF)		1,00		
Mannauðsstjóri		1,00		
Verkefnastjóri Bókmenntaborgar (MOF)		1,00		
Stöðugildi flutt til baka frá PON (MOF)		1,00		
		<b>6,00</b>		
<b>Áætluð skipting lausra starfa</b>				
Starfsmaður í menningarteymi		1,00		
Stjórnandi íþróttá- og tómstundateymi		1,00		
Mannauðsráðgjafi		1,00		
Lögfræðingur		1,00		
stjórnandi - markaðs- og viðburðateymi		1,00		
markaðs- og viðburðateymi (samfélagsmiðlar o.fl.)		1,00		
		<b>6,00</b>		



Á núverandi tímapunkti er ekki áætlað að sameiningin hafi í för með sér breytingar á starfsemi og starfsmannahaldi á öðrum stöðum en miðlægum skrifstofum og verkefnum, en fjárheimild vegna þeirra á árinu 2023 er samtals um 314.053 þ.kr. hjá MOF (án Höfuðborgarstofu) og þar af er launakostnaður 205.890 þ.kr. Hjá ÍTR hljóðar áætlun 2023 á skrifstofu 234.112 þ.kr. og þar af er launakostnaður 183.833 þ.kr. Tillögur að nýju skipulagi MÍT gera ráð fyrir að stöðugildi verði samtals 24,25, sem er sami fjöldi stöðugilda og var á miðlægum skrifstofum ÍTR og MOF. Samtals er launakostnaður miðlægra verkefna ÍTR og MOF 389.723 þ.kr.

Samanber töflu hér að ofan þá er gert ráð fyrir sama heildarfjölda stöðugilda á nýju sviði en að 6 stöðugildi breytist og verði laus á árinu 2023 en áætlun vegna þeirra er um 102.000 þ.kr., en þar af falla til um 50.000 þ.kr. vegna kostnaðs við starfslok s.s. uppsagnarfrestur og orlofsuppgjör. Samkvæmt útreikningi er gert ráð fyrir að ráðningar í þessi 6 nýju stöðugildi kosti um 88.400 þ.kr. og munar þar um 13.800 þ.kr. Ljóst er þó að ekki verður hægt að manna öll þessi stöðugildi í fulla 12 mánuði á árinu 2023 vegna ofangreinds kostnaðs vegna starfsloka.

Samkvæmt áætlun þá koma tvö störf í markaðs- og viðburðateymi inn sem ný stöðugildi sem skýrist af því að þessi verkefni voru áður unnin fyrir MOF hjá Höfuðborgarstofu, sem ekki mun verða hluti af nýju sameinuðu sviði ef stofnun Áfangastaðastofu á vegum Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu gengur eftir.

Einnig má benda á að mikilvægt er talið að sviðið ráði lögfræðing til starfa á nýtt svið í framtíðinni en bæði svið nutu áður þjónustu frá skrifstofu borgarlögmanns. Í ofangreindri áætlun er gert ráð fyrir að ráða inn starfsmann í mannauðsteymið sem kæmi í stað annars mannauðsstjórans. Mikilvægt er að auglýsa eftir starfsmanni sem fyrst inn í menningarteymið til að anna verkefnum en það stöðugildi var í tímabundinni ráðningu sem lýkur í lok árs 2022. Einnig er gert ráð fyrir að auglýst verði sem allra fyrst eftir nýjum stjórnanda yfir íþrótt- og tólmstundateymi. Rétt er að ítreka að ekki er um viðbótar stöðugildi að ræða.

Ekki er óeðlilegt að gera má ráð fyrir einhverjum viðbótarkostnaði vegna aðkeyprar þjónustu o.fl. í tengslum við sameininguna á árinu 2023.

Mikilvægt er að eitt af fyrstu verkefnum á nýju ári sé að nýtt skipurit ásamt viðeigandi fjárheimildum verði fest í Agresso og öðrum fjárhagskerfum, með samþykki borgarráðs/borgarstjórnar. Með því verður sameinað svið komið með eina sameiginlega fjárhagsáætlun og eitt uppgjör.

Fjárhagsleg greining á væntu skipulagi MÍT bendir til að fjárheimild sameinaðs sviðs þurfi til langs tíma litið að vera samsvarandi við núverandi fjárheimildir MOF og ÍTR. Mikilvægt er þó á innleiðingartíma að endurskoða og meta framgang og kostnaðarmat þegar reynsla er komin á starfsemina. Þá verður auðveldara að greina umfang verkefna, möguleg samlegðaráhrif o.s.frv.



# Skipurit nokkurra borga á Norðurlöndum

Fylgigagn vegna sameiningar menningar- og ferðamálasvið (MOF) og íþróttá- og tómstundasviðs (ÍTR)

9. desember 2022



# Borgirnar fimm

- **Árósar** – um 275.000 íbúar (2019)
- **Turku** – um 280.000 íbúar (2020)
- **Gautaborg** – um 625.000 íbúar (2022)
- **Bergen** – um 210.000 íbúar (2022)
- **Osló** – um 580.000 íbúar (2022)



# Árósar

## Municipal departments:

---

Mayor's Department

---

Department of Social Affairs and Employment

---

Department of Technical Services and Environment

---

Department of Culture and Citizens' Services

---

Department of Health and Care

---

Department of Children and Young People

---



- Stjórnsýslu og þjónustu í Árósum er skipt á milli í sex sviða.
- Málefni menningar, íþróttar- og tómstunda eru saman undir einu sviði.



# Árósar

---

## Department of Culture and Citizens' Services

---

The Department of Culture and Citizens' Services is responsible for a wide range of services and activities within, for example, culture, sports, citizens' services, libraries and music.

The Department of Culture and Citizens' Services has about 750 employees, corresponding to approx. 3 per cent of the total municipal workforce.

The department covers the following areas:

- Citizens' Services
- Libraries
- Sport and Leisure
- Culture
- Concert Hall Aarhus
- Aarhus Symphony Orchestra
- Secretariat and Joint functions

Sviðið sér um málefni menningar og íþróttá- og tómstunda, þ.á. meðal bókasöfn og stuðning við fjölbreytt tónlistarlíf.



# Gautaborg

## >> [Idrotts- och föreningsförvaltningen](#)

Organisation och ledning

Kontaktuppgifter

Vision och verksamhetsidé

[Visa alla \(6\)](#)

## >> [Kretslopp och vatten](#)

Organisation och ledning

Kontaktuppgifter

Jobba hos oss

[Visa alla \(8\)](#)

## >> [Inköp och upphandling](#)

Organisation och ledning

Kontaktuppgifter

Jobba hos oss

[Visa alla \(6\)](#)

## >> [Kulturförvaltningen](#)

Organisation och ledning

Kontaktuppgifter

Våra verksamheter

[Visa alla \(6\)](#)

## >> [Intraservice](#)

Organisation och ledning

Kontaktuppgifter

Om Intraservice

[Visa alla \(5\)](#)

## >> [Lokalförvaltningen](#)

Organisation och ledning

Kontaktuppgifter

Om oss

[Visa alla \(7\)](#)

- Hjá Gautaborg eru yfir 20 skilgreindar skipulagseiningar.
- Málefni menningar, íþróttá- og tómstundamála er skipt á milli tveggja eininga:
  - Idrotts- och föreningsförvaltningen
  - Kulturförvaltningen




# Bergen



CITY OF BERGEN

## City of Bergen




- Stjórnsýslu og þjónustu innan Bergen er skipt á milli sjö sviða.
- Menningarmál eru sett þar með öðrum málefnum, m.a. jafnréttismálum.
- Íþróttamál fara með málefnum skóla, leikskóla og heimahjúkrunar.





# Osló

Organizational Chart City of Oslo




- Stjórnsýslu og þjónustu innan Osló er skipt á milli níu sviða.
- Eitt svið ber heitið menningar- og íþróttasvið.
- Verkefnin þar undir eru þau af ýmsum toga.



# Turku

## Administration of the City of Turku



- Stjórnarsýsla og þjónusta innan Turku samanstendur af fimm sviðum.
- Málefni menningar-, íþróttar- og tómstundamála fara öll saman á einu sviði ásamt ferðamálum og viðburðahaldi.



**Reykjavík**

Skýrsla starfshóps um flutning á verkefnum  
Höfuðborgarstofu til markaðs- og  
áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins

**HÖFUÐBORGAR-  
STOFA**

# EFNISYFIRLIT

<b>EFNISYFIRLIT</b>	<b>2</b>
<b>SAMANTEKT</b>	<b>3</b>
<b>VIÐTÖL</b>	<b>4</b>
<b>MARKAÐS- OG ÁFANGASTAÐASTOFA</b>	<b>5</b>
<b>HÖFUÐBORGARSTOFA</b>	<b>8</b>
<b>MARKAÐSMÁL</b>	<b>9</b>
<b>FERÐAMÁL</b>	<b>11</b>
<b>TILLÖGUR</b>	<b>14</b>
Verkefni Höfuðborgarstofu	14
Ferðapjónusta og markaðsmál	17
Málefni ferðapjónustu	17
Markaðsstofa	18
<b>ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Í TENGLUM VIÐ TILLÖGURNAR</b>	<b>20</b>
<b>NIÐURLAG</b>	<b>21</b>



## SAMANTEKT

Skýrsla starfshóps um flutning á verkefnum Höfuðborgarstofu til markaðs- og áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins.

Verkefni hópsins eru listuð upp í meðfylgjandi erindisbréfi. Ábyrgðarmaður verkefnis er borgarritari.

Hópin skipuðu:

- Lína Petra Þórarinsdóttir forstöðumaður Höfuðborgarstofu, fulltrúi MOF, formaður.
- Eva Bergþóra Guðbergsdóttir, samskiptastjóri, fulltrúi SBB.
- Íris Elfa Þorkeldsdóttir, verkefnastjóri markaðsmála á Höfuðborgarstofu, fulltrúi MOF.
- Óli Örn Eiríksson, teymisstjóri Athafnaborgarinnar, fulltrúi SBB.

Starfsmaður hópsins var Íris Alma Vilbergsdóttir frá MOF.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirrituðu samstarfssamning í janúar 2022 um áfangastaðinn Reykjavík með það markmið að koma á samstarfsvettvangi sveitarfélaga og atvinnulífsins á höfuðborgarsvæðinu um ferðamál. Vettvangurinn hefði það hlutverk að styðja við þróun áfangastaðarins í átt að sjálfbærri framtíðarsýn og aukinni samkeppnishæfni.

Í skýrslu starfshóps þessa er farið yfir starfsemi og verkefni Höfuðborgarstofu og mat lagt á hvaða verkefni hennar flytjast yfir á nýja markaðs- og áfangastaðastofu og hvaða afl þurfi að vera til staðar innan Reykjavíkurborgar til að halda utan um markaðs- og kynningarmál annars vegar og ferðamál hins vegar.

Höfuðborgarstofa hefur verið starfrækt innan menningar- og ferðamálasviðs sem verður sameinað íþróttá- og tólmstundasviði þann 1. janúar 2023. Í skýrslunni er ekki farið sérstaklega yfir þá breytingu sem á sér stað með stofnun nýs sviðs, fyrir utan anga Höfuðborgarstofu og verkefni sem lagt er til að verði flutt yfir á það svið. Þess ber að geta að ef ekki verður af áætlunum um stofnun Markaðs- og áfangastaðastofu er tilefni til að endurskoða hlutverk og verkefni Höfuðborgarstofu við sameiningu sviðanna.

Starfshópurinn hóf störf 7. október 2022. Tímaramminn var þröngur og því þurfti að afmarka verkefnið vel. Hópurinn skipti með sér verkefnum og fékk að auki inn ráðgjafa, Herdísí Sólborgu Haraldsdóttur til að taka viðtöl við valda aðila, aðstoða við skýrslugerð og vinna með hópnum að greiningu á áskorunum og tækifærum. Viðtölin



fóru fram dagana 8. – 21. nóvember 2022. Viðmælendur voru samtals tíu og komu allir utan eins úr borgarkerfinu. Hópurinn hefur fundað samtals tíu sinnum og hluti hópsins hefur að auki fundað þrisvar með ráðgjafa.

Starfshópurinn leggur til að þau verkefni sem snúa að sértækum hagsmunum Reykjavíkurborgar varðandi ferðamál, sér í lagi ferðaþjónustu sem atvinnugreinar og þjónustu við hana verði flutt í miðlæga stjórnsýslu. Þá leggur hópurinn til að stofnuð verði sérstök markaðsstofa sem fái útvíkkað hlutverk og sinni markaðsmálum markvisst fyrir borgina í heild. Seinni tillagan leggur til tvær mögulegar sviðsmyndir fyrir slíka markaðsstofu og leggur mat á þær út frá tækifærum og áskorunum sem mikilvægt er að horft sé til við upplýsta ákvarðanatöku. Önnur sviðsmyndin gerir ráð fyrir að stofan sé staðsett inni á nýju sameinuðu sviði menningar, íþróttar og tómstundamála. Hin að hún sé miðlæg skrifstofa.

Skýrslunni fylgja viðaukar með ítarefni og vill hópurinn benda sérstaklega á samantekt yfir úrlausnarefni sem lögð er áherslu á að þurfi að vinna með og setja í formlegan farveg.

## VIÐTÖL

Tekin voru tíu viðtöl sem fram fóru í nóvember. Viðmælendur svöruðu spurningum varðandi þær breytingar sem framundan eru. Sér í lagi tækifæri og áskoranir þeim tengdum.

Hér verða dregin fram ákveðin sjónarmið sem fram komu, en lögð hefur verið áhersla á að tvinna þeim saman við skýrsluna í heild. Auk þeirra þátta sem hér eru nefndir voru dregin fram atriði á borð við mannréttinda- og umhverfissjónarmið, atvinnumál og tengingu við aðrar stefnur borgarinnar. Fram komu skýr tækifæri til að nýta breytingarnar til að tengja stefnu í ferðamálum betur við aðrar áherslur borgarinnar. Þá komu orðin markaðsstofa og markaðsteymi ítrekað fyrir og tækifæri þeim tengdum, auk mikilvægi þess að auka yfirsýn og samtal á milli sviða um viðburðahald innan borgar.



## Stutt samantekt á viðtölum:

### Markaðs- og áfangastaðastofa:

Viðmælendur höfðu skilning á áformum um markaðs- og áfangastaðastofu og sáu tækifæri í stofnun hennar og töldu ákveðin samlegðaráhrif blasa við. Tækifæri væru fólgin í að efla samtal við ferðapjónustuna og innan höfuðborgarsvæðisins. Tækifæri væri til að leggja aukna áherslu á markaðsmál og efla samskipti við hagsmunaaðila á hverjum stað fyrir sig. Tækifæri væru á meiri álagsstýringu og breiðara samtali. Þá voru nefndir möguleikar á auknum vexti í greininni ef stofan fengi fjármuni sem gætu nýst til ákveðinna verkefna líkt og hefur verið gert á landsbyggðinni.

### Höfuðborgarstofa:

Viðmælendur nefndu sérstaklega mikilvægi þess að missa ekki þá sérhæfingu og þekkingu sem til staðar er hjá stofunni. Höfuðborgarstofa hefði gegnt margvíslegu hlutverki og sum nefndu sérstaklega þá áskorun sem felst í því að missa tækifæri til samhæfingar innan borgar í málum tengdum viðburðum, ferða- og markaðsmálum. Flest höfðu áhyggjur af þeim verkefnum sem stofan hefur sinnt og ekki er gert ráð fyrir hjá markaðs- og áfangastaðastofu. Öll höfðu skýra sýn á hvernig Reykjavík ætti að birtast út á við og sum höfðu áhyggjur af því að áherslur borgarinnar gætu þynnst út þegar höfuðborgarsvæðið allt er undir.

### Markaðsmál:

Öll nefndu að efla þurfi markaðs- og kynningarmál sem og vörumerkið Reykjavík. Þörf væri á miðlægri einingu sem getur þjónustað alla borgina og betur samræmt framsetningu á efni og skilaboðum. Viðmælendur nefndu tvær mögulegar útfærslur. Annað hvort einingu staðsetta miðlægt eða á nýju sviði.

### Ferðamál:

Flest nefndu sérstaklega að stóra verkefnið væri að kynna borgina sem verðugan stað til að dvelja á lengur en eina nótt. Öll nefndu mikilvægi þess að ferðamálanum væri áfram faglega sinnt hjá Reykjavíkurborg og að borgin þyrfti að leggja línurnar og tengja þau við aðrar stefnur. Sýn á ferðamál þyrfti að koma frá borginni til áfangastaðastofu. Áfram þyrfti að vera til staðar sérfræðiþekking á ferðamálum innan borgarinnar.

## MARKAÐS- OG ÁFANGASTAÐASTOFA

Stefnt er á að stofna markaðs- og áfangastaðastofu fyrir höfuðborgarsvæðið árið 2023 með framlagi frá sveitarfélögum á svæðinu ásamt stuðningi frá ríki og fyrirtækjum. Gert er ráð fyrir að hún verði komin í fulla starfsemi árið 2024. Lengri aðdragandi er að stofnun stofunnar, en í ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2020 til 2025 segir að kannaður verði grundvöllur þess að mynda áfanga- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið með öflugum stuðningi atvinnulífs og ríkis ásamt framlagi frá borginni, jafnframt verði leitað eftir þátttöku frá nágrennasveitarfélögum. Í ágúst 2020 réði þáverandi sviðsstjóri menningar og ferðamálasviðs Ingu Hlín Pálsdóttur ráðgjafa til að leiða gerð tillagna að skipulagi, áherslum og mögulegu samstarfi






hagaðila um áfangastaðastofu fyrir svæðið. Ráðgjafi réðist í mikla greiningarvinnu auk þess að halda vinnustofur og vinnufundi með hagaðilum sem gáfu greinagóða mynd af því eftir hverju var kallað.

#### Hagaðilar kölluðu m.a. eftir:

- Öflugri markaðssetningu fyrir svæðið
- Öflugra samtali við íbúa
- Að stofan sinnti gagnaöflun, úrvinnslu gagna og veitti aðgengi að tölfræðiupplýsingum
- Afli til að leiða vinnu við aukna sjálfbærni í ferðapjónustu á svæðinu
- Talsmanni fyrir ferðamál
- Leiðandi afli í vörubrúun og nýsköpun
- Viðburða- og hátíðarskrifstofu,
- Gestastofu
- Aðstoð í krísum

#### Tímalína undirbúnings að stofnun áfangastaðastofu



Í september 2022 samþykkti stjórn SSH að leggja til við sveitarfélögin að áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins yrði stofnuð út frá rekstrargreiningu KPMG sem gerir ráð fyrir minna umfangi en upphafleg tillaga ráðgjafahóps sem Inga Hlín Pálsdóttir fór fyrir.

Hluti verkefna Höfuðborgarstofu mun færast yfir til stofunnar og verður það í áföngum ef farið verður eftir áætlun KPMG. Hér er farið yfir tækifæri og áskoranir gagnvart Reykjavíkurborg í tengslum við framkvæmdina:

Tækifæri	Áskoranir
<b>Samlegðaráhrif</b> - í tengslum við ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu og tækifæri til aukins samtals á milli aðila	<b>Samstaða</b> - að viðhafa gott samband á milli aðila sem eiga að sameinast undir hatti markaðs- og áfangastaðastofu
<b>Aukið svigrúm</b> - tækifæri til að gefa ferðamálum meira vægi, auka þróunarstarf, vöruþróun og efla markvisst utanumhald	<b>Samfella</b> - að ný stofa nái að vinna með sambærilegum hætti í ferðamálum og Reykjavíkurborg hefur gert í mörg ár
<b>Öflugri hagsmunagæsla</b> - sameiginleg skrifstofa margra sveitarfélaga getur bætt samstarf við hagaðila og ríki og leitt til aukinnar þjónustu	<b>Bein upplýsingamiðlun til ferðafólks</b> - ekki er gert ráð fyrir henni í áætlunum um stofnun áfangastaðastofu í dag
<b>Jákvæð orka</b> – stofnun áfangastaðastofu fyrir höfuðborgarsvæðið getur vakið áhuga á málaflokknum	<b>Fjölgun auðkenna</b> - aukið flækjustig varðandi stjórnun viðskiptaauðkenna ef búin verða til mörg ný auðkenni gagnvart ólíkum markhópum og viðskiptavinum
<b>Heildræn nálgun</b> - á áfanga- og álagsstýringu	<b>Umfang og væntingar</b> – í greiningu KPMG sem unnin er fyrir SSH er gert ráð fyrir minna fjármagni en í greiningu Ingu Hlínar Pálsdóttir án þess þó að draga úr ætluðum verkefnum stofunnar. Gæta þarf að því að stofan hafi bolmagn til að sinna þeim verkefnum sem henni er ætlað
	<b>Sérstaða Reykjavíkur sem höfuðborgar</b> - sér í lagi ef líkan það sem notað er hjá áfangastaðastofum á landsbyggðinni verður tekið inn með óbreyttum hætti
	<b>Yfirbygging á kostnað verkefna</b> – sem fer eftir endanlegu skipulagi og fjármögnun stofunnar



	<b>Rof í tengingum við sérfræðinga borgarinnar</b> – ef ekki er skilgreindur tengiliður eða tengiliður innan borgarkerfisins
	<b>Innlend markaðssetning</b> – sem er ekki hluti af verkefnum nýrrar stofu
	<b>Þekking</b> – sér í lagi ef starfsfólk Höfuðborgarstofu fylgir ekki verkefnum yfir á nýja stofu

## HÖFUÐBORGARSTOFA

Höfuðborgarstofa tók til starfa í ársbyrjun 2003. Stofan ber ábyrgð á heildarkynningu á Reykjavík á sviði ferðamála innanlands sem utan. Vöxtur í ferðaþjónustu hefur verið mikill undanfarin ár og hefur stofan unnið stöðugt og markvisst að því að skilgreina sóknarfæri og styrkleika Reykjavíkur á sviði ferðamála, m.a. með því að samþætta nýsköpun, vöruþróun, markaðssetningu og stjórnun ferðamála.

Höfuðborgarstofa hefur frumkvæði að því að skilgreina samstarfsfleti á sviði ferðamála, milli stofnana Reykjavíkurborgar, stjórnvalda, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, markaðsstofa um land allt, aðila í ferðaþjónustu, íbúa og annarra hagsmunaaðila. Markmiðið er að samhæfa aðgerðir, útfæra leiðir í samvinnu, efla upplýsingaveitu til íbúa og ferðafólks, styrkja og þróa innviði í borginni og auka nýsköpun á sviði ferðamála í Reykjavík.

Stofan leiðir einnig samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um markaðssetningu á svæðinu gagnvart erlendu ferðafólki undir sameiginlegu vörumerki Reykjavíkur.

Leiðarljós Höfuðborgarstofu er að Reykjavík sé eftirsóttur áfangastaður allt árið um kring. Svæðið er kynnt á öflugan hátt þannig að íbúar og gestir fái notið þeirrar menningar, afþreyingar, upplifunar og þjónustu sem í boði er. Í því samhengi er sérstaða borgarinnar dregin fram, þ.e. sem einstakrar, lifandi og framsækinnar menningarborgar, umvafinni einstakri náttúru.

Það má merkja ákveðna þætti á undanförunum árum sem haft hafa áhrif á stöðu Höfuðborgarstofu, og þar með ferðamála, sem vert er að benda á þegar horft er til framtíðarskipan í málaflokknum hjá borginni og svæðinu í heild.



Ferðamál voru færð frá fagráði undir borgarráð. Við það varð ákveðið rof í samtali á milli embættismanna og kjörinna fulltrúa um málaflokkinn. Einnig hefur borið á gagnrýni frá hagaðilum í ferðaþjónustu á breytt fyrirkomulag.

Höfuðborgarstofa var færð til í skipuriti og fór frá því að vera ein af stofnunum menningar- og ferðamálasviðs yfir í að vera skilgreind sem skrifstofa. En það dró úr vægi ferðamála á sviðinu.

Dregin var upp dökk mynd af ferðamálum í skýrslu sem unnin var innan borgar og kynnt í borgarráði 27. febrúar árið 2020. Sú mynd varð að fjölmiðlaefni og leiddi til þess að gjá myndaðist á milli Reykjavíkurborgar og hagaðila í ferðaþjónustu. Vegna áhrifa heimsfaraldurs sem skall á nokkrum dögum eftir fjölmiðlafárið tók lengri tíma að brúa þá gjá en ella.

Viðvarandi óvissa um framtíðarskipan ferða- og markaðsmála hjá borginni hefur haft neikvæð áhrif á vinnu við málaflokkinn.

## MARKAÐSMÁL

Markaðsmál tengjast markaðssetningu á borginni gagnvart borgarbúum, íbúum Íslands, hagaðilum og ferðafólki. Í greiningu starfshópsins kom skýrt fram að þörf er á öflugra og um leið skilvirkara markaðsstarfi innan borgarinnar. Sjá má fyrir nokkrar leiðir til þess og mikilvægt er að byggja ofan á þá vinnu sem átt hefur sér stað í tengslum við mörkun Reykjavíkur.

Viðmælendur nefndu þörf á sérstakri markaðsstofu sem starfsfólk gæti leitað til með ráðgjöf og aðstoð við gerð markaðs- og kynningarefnis og þar sem línur væru lagðar varðandi útlit og innihald. Fólk var sammála um að slík markaðsstofa myndi þjónusta öll svið og starfsstaði og huga að heildarímynd og hagsmunum borgarinnar til að auka áhrif og samþættingu skilaboða. Þess háttar miðstýring á markaðsmálum og vörumerkjastjórnun er í takti við fyrirkomulag hjá öðrum höfuðborgum í Evrópu og stórfyrirtækjum hér á landi, og út um heim allan, þótt útfærslur séu ólíkar.

Hingað til hefur ábyrgð á markaðsmálum verið dreifð um borgarkerfið og engin stefna mörkuð í þeim efnum. Þetta hefur leitt til tvíverknaðar og brotakenndrar ímyndar þjónustu borgarinnar út á við. Markaðsstofa sem hefði það hlutverk að samræma og samþætta markaðsmál þvert á borgina myndi að vonum styrkja ímynd og orðspor hennar og auka gagnsæi gagnvart borgurum. Óljós mörkun og markaðssetning hefur



meðal annars orðið til þess að ekki er alltaf ljóst að það er Reykjavíkurborg sem stendur á bak við viðburði og veitir þjónustu sem auglýst er.

Skýra þyrfti tengsl nýrrar markaðsstofu við samskiptateymi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til að tryggja samhæfingu í skilaboðum, myndrænni framsetningu og efnisgerð, sem og framsetningu leiðbeininga og innleiðingarvinnu við mörkun. Hér er sérstaklega mikilvægt að passa upp á hvernig ábyrgð verður skipt, þar sem samskipta- og markaðsmál eru órjúfanlega tengd og ljóst er að mörg verkefni verða unnin í nánu samstarfi. Þannig þarf að vera ljóst hver ber endanlega ábyrgð á innihaldi og skilaboðum markaðsefnis og meta það með tilliti til heildarhagsmuna borgarinnar. Ljóst er að margvísleg tækifæri til að efla markaðsmál hjá borginni koma upp við framkvæmd þeirra breytinga sem framundan eru. Einnig eru áskoranir sem þarf að bregðast við:

Tækifæri	Áskoranir
<b>Efla vörumerkið Reykjavík</b> - með auknu afli og samhæfingu í markaðs- og kynningarmálum	<b>Magn verkefna</b> - hætta er á að miðlæg skrifstofa fái mikið af verkefnum sem áður hefur ekki verið hægt að vinna vegna kostnaðar og flækjustiga. Mikilvægt að huga að forgangs röðun verkefna og mönnun í takt við væntingar
<b>Miðlæg stýring</b> - sem getur þjónustað alla borgina og komið á betri samhæfingu á framsetningu á efni og skilvirkara samtali við notendur þjónustu	<b>Ólíkar þarfir</b> - þar sem svið borgarinnar hafa ólíkar áherslur og starfsemi
<b>Skilgreining á markaðsmálum</b> - með því að skerpa á heildarstöðu hjá borginni og tengja við upplýsingamál	<b>Óskýrt umboð markaðsstofu</b> - gæti leitt til að starfsfólk haldi áfram að leita utan borgarkerfis eða búa til eigið markaðsefni sem gæti verið ótengt við mörkun borgarinnar
<b>Draga úr kostnaði</b> - þar sem starfsfólk getur sinnt mörgum verkefnum sem áður voru unnin í aðkeyptri þjónustu	<b>Spekileki</b> - ef sérhæft starfsfólk fer og þekking tapast
<b>Bætt upplýsingagjöf</b> - þar sem skilaboð verða skýrari til notenda með aukinni samhæfingu markaðsefnis og þéttu samstarfi við samskiptateymi	



## FERÐAMÁL

Hjá Reykjavíkurborg hafa verkefni ferðamála heyrt undir menningar- og ferðamálasvið og Höfuðborgarstofa borið ábyrgð á framkvæmd verkefna. Stofan vinnur eftir ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í október 2020 og gildir til ársins 2025. Þar er lagt upp með að borgin þurfi að skerpa sýn, forgangsraða og endurmeta með hvaða hætti hún hyggst sinna málaflokknum til lengri tíma litið og að hún þurfi að vera leiðandi í þeirri vinnu. Leiðarljósið er að halda jafnvægi á milli þarfa ferðþjónustu og sjónarmiða og þarfa íbúa borgarinnar.

*Athugasemdir komu fram frá Samtökum ferðþjónustunnar í umsögn þeirra um stefnuna og sneru þær meðal annars að því að vöntun væri á aðgerðaráætlun með stefnunni, þá þyrftu áherslur að vera markvissari, markmiðasetning skýrari og mælikvarðar ættu að styðja við hvernig markmiðum skuli náð. Eins er vert að benda á að stefnan var ekki fjármögnuð sérstaklega.*

Á fundi [borgarstjórnar þann 21.6.22](#) var samþykkt tillaga þess efnis að flytja málaflokka atvinnumála, nýsköpunar og ferðþjónustu til forsætisnefndar.

Í greinagerð tillögunnar segir meðal annars:

“

*„Ferðþjónustumál hafa heyrt undir menningar og ferðamálaráð fram til ársins 2018 þegar því var breytt. Fóru þá ferðþjónustumál undir borgarráð sem þá var einnig með atvinnumál á sínum snærum án nýsköpunar. Við gerð nýrrar atvinnu og nýsköpunarstefnu sem samþykkt var nýlega kom fram mikill áhugi og þörf á því að finna málaflokknum stað í skipulagi borgarinnar. Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar er skýr sýn á málaflokkinn og áhugi á því að setja hann í forgrunn. Að færa málaflokkinn undir forsætisnefnd er tilvalin leið til þess að gefa honum þann veg og virðingu sem borgarstjórn vill ásamt því að sýna hagkvæmni í rekstri og stofna ekki nýtt ráð, en þess í stað nýta innviði og kerfi sem til eru.“*

*Þegar ferðamál heyrðu undir fagráð voru að lágmarki haldnir fundir tvisvar í mánuði og dagskrá ákveðin af formanni í samstarfi við sviðstjóra menningar og ferðamálasviðs sem sat alla fundi ráðsins. Í samræmi við ábendingu hér að framan um að rof hafi orðið í samskiptum við þá breytingu að færa ferðamál undir borgarráð þarf með verklagi að tryggja að samtal og upplýsingaflæði á milli embættismanna, hagaðila og kjörinna fulltrúa sem fara með málaflokkinn sé virkt við færslu hans undir forsætisnefnd.*



Ferðapjónustan kemur inn á flest svið samfélagsins og því er afar mikilvægt að eiga samráð og samtal við íbúa, ferðapjónustu, stofnanir, fyrirtæki og aðra sem koma að ferðamálaum hér á landi. Þrátt fyrir að nýrri áfangastaðastofu sé ætlað að svara því kalli upp að ákveðnu marki er ljóst er Reykjavíkurborg mun áfram þurfa að vera stefnumótandi í málaflokknum. Þá verður það áfram hlutverk borgarinnar að hafa yfirsýn yfir málaflokkinn og samræma aðgerðir er snúa að málefnum ferðapjónustu í borginni.

Það eru margvísleg tækifæri og áskoranir sem borgin stendur frammi fyrir í tengslum við ferðamál og þær breytingar sem framundan eru. Hér er farið yfir helstu sjónarmiðin þeim tengdum:

Tækifæri	Áskoranir
<b>Endurskipulagning ferðamála</b> - og verkefni þeim tengdum innan borgar	<b>Óljós ábyrgð</b> - ef málaflokknum ekki fundinn skýr ábyrgðaraðila innan borgarkerfis
<b>Aukið vægi</b> - með því að endurskoða hvaða hætti rödd atvinnu, ferða og nýsköpunarmála heyrir í yfirstjórn borgarinnar	<b>Lengri boðleiðir</b> - á milli áfangastaðastofu og sérfræðinga í málaflokknum
<b>Skýrar boðleiðir</b> - tækifæri til að rýna og stytta boðleiðir innan borgar.	<b>Tenging við kjörna fulltrúa</b> - og embættismenn/sérfræðinga sem fara með málaflokkinn rofnar ef ekki skýr tengiliður innan borgar
<b>Bættir verkferlar</b> - með því að skoða til að mynda hver svarar fyrirspurnum og hver kemur þeim í réttan farveg	<b>Samtal/samvinna við hagaðila</b> - þar sem hætta er á rofi í samtali milli borgar og hagaðila í ferðamálaum
<b>Ábyrgð skýrð</b> - á verkefnum s.s. framkvæmd kannana, samantekt á gögnum, miðlun upplýsinga til kjörinna fulltrúa, hagaðila o.fl.	<b>Þungi áfram hjá borginni</b> - í samskiptum og úrlausnum mála
<b>Betra samtal</b> - með því að tryggja að ábyrgðaaðilar ferðamála séu inni í samtölum sem að þeim lúta og tengi inn rétta aðila innan kerfis til að vinna að lausnum	<b>Samstarfsverkefni fái minni athygli</b> – og rof verði í samtali á milli ráðstefnuborgarinnar (Meet in Reykjavík), markaðsverkefnisins Inspired by Iceland North America og þeirra sem halda utan um áfangastaðamarkaðssetningu



<p><b>Heildræn nálgun</b> - með því að hefja vinnu við aðgerðamiðaða stefnu fyrir málaflokkinn sem talar betur við Grænt plan borgarinnar, atvinnu og nýsköpunarstefnu sem og aðrar stefnur hjá borginni</p>	<p><b>Upplýsingagjöf til ferðafólks</b> - er áskorun þar sem ekki er gert ráð fyrir henni á nýrri markaðs- og áfangastaðastofu</p>
<p><b>Skilvirkari fjármagnsstjórnun</b> - með því að rýna betur fjárveitingar til málaflokksins</p>	<p><b>Spekileki</b> - ef sérfræðingar í málafloknum fara ekki yfir til áfangastaðastofu</p>






## TILLÖGUR

Hópnum var sem fyrr segir falið að fara yfir starfsemi og verkefni Höfuðborgarstofu og leggja mat á hvaða verkefni eigi heima hjá nýrri markaðs- og áfangastaðastofu og hvaða afl þurfi að vera til staðar innan Reykjavíkurborgar til að halda utan um markaðs- og kynningarmál, miðlægt og á sameinuðu sviði menningar, íþróttar og tómstunda sem stefnt er á að taki til starfa í byrjun árs 2023. Þá lagði hópurinn sérstakt mat á markaðs- og ferðamál í tengslum við yfirvofandi breytingar.

Tillögur starfshópsins byggja á greiningu á efni, viðtölum við lykilaðila og sérþekkingu á málaflokknum.

### Verkefni Höfuðborgarstofu

Mikil tenging og skörun er á milli allra verkefna stofunnar og því mikilvægt að huga að tengingu á milli málaflokkanna.



Starfshópur leggur til eftirfarandi skiptingu varðandi yfirfærslu á verkefnum til markaðs- og áfangastaðastofu, samkvæmt því hlutverki sem henni er ætlað, og þeirra sem eftir verða hjá Reykjavíkurborg:



<b>Ferðamál hjá borginni</b>	<b>Markaðsmál hjá borginni</b>	<b>Markaðs- og áfangastaðastofa</b>
Yfirsýn og samræming með málefnum ferðaþjónustunnar í Reykjavík	Almenn markaðssetning hjá borginni	Vörumerkið Visit Reykjavík
Yfirsýn yfir þjónustu borgarinnar við ferðaþjónustu og hvar hún er veitt	Efnisframleiðsla fyrir innlenda miðla og svið RVK	Markaðssetning á áfangastaðnum
Upplýsingar veittar til borgarráðs og forsætisnefndar um stöðu ferðaþjónustu.	Heimasíður – reykjavik.is borginokkar.is	Efnisframleiðsla
Samstarf við samskiptateymi borgarinnar	Samþætting almannatengsla, miðlunar og markaðssetningar	Vefur visitreykjavik.is, efnisöflun, innsetning og viðhald
Samstarf við markaðsstofu borgarinnar	Myndabanki	Samfélagsmiðlar fyrir erlendan markað
Aðstoða fyrirtæki í ferðaþjónustu sem vilja koma til Reykjavíkur eða þróast innan borgarinnar	Samfélagsmiðlar, innlent efni	Almannatengsl
Stjórnarseta og samningar: Inspired by Iceland North America, Ísland saman í sókn, Meet in Reykjavík	Fræðsla	Samstarf við Íslandsstofu
Sérverkefni, dæmi; EFA	Branding / vörumerkjastjórnun	PR herferðir, blaðamannaferðir og fyrirspurnir fjölmiðla
Ráðgjöf varðandi leyfisveitingar og samstarf í markaðsverkefnum	Útgáfa efnis, sbr. stefnur o.fl.	Ráðstefnur og sýningar
Málefni miðborgar sem eru tengd ferðamálum	Útboðsgerð	Samskipti við hagaðila, sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir o.s.frv.
Tengiliður við markaðs- og áfangastaðastofu	Vöruþróun	Ábyrgð og vinna við GDS stuðul



Upplýsingagjöf til ferðamanna

Samstarf og stuðningur við borgarhátíðir og aðra viðburði í borginni

Áætlanagerð um uppbyggingu ferðaþjónustutengdra innviða á svæðinu (DMP)

Umsókn í framkvæmdasjóð ferðamanna

Starfshópur vill sérstaklega benda á að samkvæmt rekstrargreiningu þeirri sem KPMG vann að beiðni SSH haustið 2022, er ekki gert ráð fyrir nægilegu fjármagni og stöðugildum til að sinna þeim markaðs- og almannatengslaverkefnum sem Höfuðborgarstofa hefur sinnt. Því þarf að taka afstöðu til þess hvort skipuleggja eigi starfsemi stofunnar með öðrum hætti, bæta í fjármögnum, draga úr umfangi verkefna eða fela Reykjavíkurborg að halda utan um hluta þeirra áfram fyrst um sinn. Jafnframt er ekki gert ráð fyrir upplýsingamiðlun til ferðamanna í greiningu KPMG og því þarf að taka afstöðu til þess hvort stofan eigi að sinna henni, hvort leggja eigi hana niður eða fela Reykjavíkurborg að sinna henni áfram.

*Mikilvægt: Markaðs og áfangastaðastofa fyrir höfuðborgarsvæðið verður ekki komin í fullan rekstur fyrr en árið 2024. Huga þarf sérstaklega að hvar og með hvaða hætti verkefnum sem færast eiga yfir til hennar frá Höfuðborgarstofu verður sinnt í því millibilsástandi sem skapast. Sér í lagi ef starfsfólk Höfuðborgarstofu tekur við nýjum verkefnum innan borgar í ársbyrjun 2023.*

## Starfshópur leggur einnig til að eftirfarandi verkefni sem hafa verið á borði Höfuðborgarstofu færast beint yfir á nýtt svið menningar, íþróttar og tómstunda

### Meningarkort Reykjavíkur

Aðgangskort að menningarstofnunum sviðsins og liggur því beinast við að það fari yfir á nýtt svið. Umsýsla snýr að rekstri kortsins og dagleg samskipti við aðgangsstaði, söluaðila, afsláttastaði og aðra samstarfsaðila. Einnig þarf að fylgja eftir pöntunum á kortunum og fylgjast með birgðastöðu staðanna.

Markaðssetning og gerð markaðsefnis væri unnin í samvinnu við nýja markaðsstofu.

### Reykjavík City Card

Þrátt fyrir að aðgangskortið sé markaðssett fyrir erlenda ferðamenn er um að ræða aðgang að menningarstofnunum og sundlaugum borgarinnar ásamt því að gilda sem aðgangseyrir í strætó innan höfuðborgarsvæðisins og í Viðeyjarferjuna. Það liggur því beinast við að það fari yfir á nýtt svið. Umsýsla kortsins snýr að rekstri kortsins og dagleg samskipti við aðgangsstaði, söluaðila, afsláttastaði og aðra samstarfsaðila.



Einnig þarf að fylgja eftir pöntunum á kortunum og fylgjast með birgðastöðu staðanna.

Markaðssetning og gerð markaðsefnis væri unnin í samvinnu við nýja markaðsstofu.

## Ferðapjónusta og markaðsmál

Tillögur hópsins um framtíðarfyrirkomulag verkefna sem áður voru staðsett á Höfuðborgarstofu verða dregnar saman hér. Það er gefin forsenda í vinnu hópsins að ný Markaðs- og áfangastaðstofa verði stofnsett og taki yfir verkefni sem snúa að því að kynna höfuðborgarsvæðið sem áfangastað gagnvart erlendum ferðamönnum.



- Tillaga 1: Mállefni ferðapjónustunnar verði staðsett miðlægt í borgarkerfinu undir borgarritara. Þar verði yfirsýn yfir þjónustu borgarinnar við ferðapjónustu og utanumhald um samtál innan og utan borgarinnar um málefnið.
- Tillaga 2: Stofnuð verði sérstök markaðsstofa sem sinni markaðsmálum fyrir borgina í heild. Hópurinn leggur til tvo fýsilega kosti varðandi fyrirkomulag hennar og greinir tækifæri og áskoranir við hvorn kost.

## Mállefni ferðapjónustu

Lagt er til að málefni ferðapjónustunnar sem atvinnugreinar verði staðsett í miðlægri stjórnsýslu í Ráðhúsi. Helstu rök fyrir því eru að þar eru þegar önnur málefni atvinnulífsins og því mikil samlegð af því að þau séu skoðuð með samræmdum hætti. Á sama hátt má segja að væru málefni ferðapjónustunnar sett inn á fag- eða stoðsvið gætu þau fengið minni sess í ljósi þess að lítil samlegð væri þar með öðrum verkefnum.



Mögulegt fordæmi má finna í verkefnastjórn með málefnum miðborgar sem ganga þvert á borgina en skrifstofa borgarstjóra og borgarritara heldur utan um reglulega samráðsfundi með hagaðilum innan og utan borgarkerfis auk þess að stofna sérstaka spretthópa um afmörkuð verkefni. Málefni ferðapjónustunnar ganga með svipuðum hætti þvert á borgarkerfið og væri þarna því bæði sameiginlegur tengipunktur en ekki síður gátt inn í borgina fyrir utanaðkomandi og vettvangur til samráðs.

Mikilvægt er að í framhaldinu verði farið yfir hina ýmsu tengipunkta borgarinnar við ferðamál og að sérstök greining verði gerð á fjárveitingum borgarinnar til málefna ferðapjónustunnar í gegnum tíðina.

## **Markaðsstofa**

Hér er lagt mat á tvær leiðir sem starfshópurinn hefur valið sem fýsilega kosti varðandi fyrirkomulag markaðsstofu hjá Reykjavíkurborg sem og áskoranir og tækifæri þeim tengdum.

### **Markaðsstofa á sameinuðu nýju sviði**

Rökin fyrir því að staðsetja markaðsstofu á nýju sviði eru meðal annars þau að þar verða flestar stofnanir og starfseiningar Reykjavíkurborgar sem lúta kröfu um sjálfsaflafé. Markaðssetning einskorðast ekki við stakar auglýsingar eða herferðir og starfsemi sviðsins er markaðsdrifin í þeim skilningi að, auk tekjukröfu, eru öll verkefni unnin til að mæta þörfum íbúa og hagaðila, vitneskja um þau þarf að vera rík úti í samfélaginu og ímynd þeirra leikur stórt hlutverk í heildarímynd borgarinnar. Til að ná þessu fram þarf markaðsfólk að vera þátttakendur í vinnu inni á sviðinu. Því er ljóst að hvort sem miðlæg markaðsstofa verður stofnuð fyrir borgina eða ekki mun nýtt svið þurfa eigið markaðsteymi. Á Höfuðborgarstofu, sem tilheyrir hefur menningar- og ferðamálasviði, er jafnframt að finna það starfsfólk sem hefur mesta reynslu af markaðssetningu og árangursmælingum í markaðsstarfi hjá borginni og gæti hugsanlega fylgt málaflokknum. Með markvissri markaðssetningu má styrkja tekjuöflun og efla stofnanir sviðsins og þjónustu.



Tækifæri	Áskoranir
<b>Hvati</b> - getur orðið öflug markaðsstofa á sviði þar sem hvatinn er að hluta til tekjuöflun	<b>Markaðskröfur á sviðinu</b> - hætta er á að kröfur frá sviðinu verði það miklar að markaðsstofa staðsett innan þess fái ekki svigrúm til að sinna öðrum markaðsverkefnum hjá borginni til jafns
<b>Efling á nýju sviði</b> – aukin fagþekking í markaðsstarfi og stuðningur við tekjuöflun stofnana nýs sviðs	<b>Forgangsröðun</b> – markaðsverkefna sem stofan á að sinna getur orðið óljós og hætta á að annað starfsfólk sviðsins geti átt erfitt með að skilja hlutverk stofunnar í heildarmarkaðssetningu borgarinnar
<b>Aukinn stuðningur við kynningarstarf</b> - fyrir starfsfólk sem unnið hefur að kynningar- og markaðsmálum á stofnunum sameinaðs sviðs	<b>Vanfjármögnun og undirmönnun</b> - ef ekki er hlúð að uppbyggingu frá upphafi er hætta á að ný markaðsstofa geti ekki staðið undir væntingum um þjónustu
<b>Hagkvæmni</b> - ljóst er að nýtt svið mun þurfa að búa yfir markaðsteymi hvort sem miðlæg markaðsstofa verður stofnuð fyrir borgina eða ekki	<b>Skortur á umboði</b> – hætta er á að önnur svið reyni að halda markaðsmálum áfram hjá sér ef stofan hefur ekki skýrt umboð til að stýra markaðsmálum þvert á borgina
	<b>Fyrirmynd</b> – ekki er hefð fyrir því innan borgarkerfisins að miðlæg verkefni séu staðsett inni á fagsviði
	<b>Togstreita</b> – getur myndast ef sviðsstjóra nýs sviðs er ætlað að vera yfir miðlægum markaðsmálum sem hafa áhrif á ákvarðanatöku á öðrum sviðum

### Miðlæg markaðsstofa

Rökin fyrir því að markaðsstofa fyrir borgina sé miðlæg eru margvísleg. Þar vegur þó þyngst skýrara umboð til stýra markaðsmálum þvert á svið og tækifæri til að þjónusta alla borgina í samræmi við þörf.

Tækifæri	Áskoranir
<b>Skýrara umboð</b> - og aukið svigrúm til að stýra markaðsmálum og þjónusta allt borgarkerfið á jafnan hátt. Miðlæg markaðsstofa hefði skýrara vald til að stýra og leiðbeina sviðum svo að það sé samhljómur á milli	<b>Skortur á innsýn</b> - sér í lagi gagnvart nýju sviði sem mun að líkindum þurfa að nýta þjónustu markaðsstofunnar mikið
	<b>Vanfjármögnun og undirmönnun</b> - ef ekki er hlúð að uppbyggingu frá upphafi er hætta á að ný markaðsstofa geti ekki staðið undir væntingum um þjónustu



<b>Markvisst samtal</b> - við yfirstjórn og aðra stjórnendur um markaðs- og ímyndarmál	<b>Séreinkenni tapast</b> - hætta á að efni verði almennt og séreinkenni sviða tapist
<b>Skilvirkni</b> - með einni miðlægrri skrifstofu sem sæi um að gera rammasamninga um auglýsingar og aðra aðkeypta markaðstengda þjónustu mætti spara útgjöld	

## ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR Í TENGLUM VIÐ TILLÖGURNAR

### Tillaga 1 – málefni ferðaþjónustunnar

Fyrsta tillagan um staðsetningu ferðamála miðlægt gerir ráð fyrir því að eitt og hálf til tvö stöðugildi haldi utan um þau málefni. Kostnaður við hvert stöðugildi eru rúmlega 12 milljónir og má því ætla að árlegur kostnaður gæti numið 24 milljónum að viðbættum kostnaði við aðstöðu sem er áætlaður 500 þúsund krónur á hvert stöðugildi eða samtals 19 - 25 milljónir. Hér er ekki gert ráð fyrir verkefnafjármagni þar sem slíkt væri ákveðið á grunni hvers verkefnis fyrir sig en rétt að minna á að borgin er þegar með nokkra samstarfssamninga í rekstri sem myndu falla undir þetta hlutverk.

### Tillaga 2 – markaðsstofa

Erfitt er að áætla hversu mörg stöðugildi þarf hjá markaðsstofu til að hún hafi styrk til að bæta umgjörð markaðsmála, hvoru tveggja hjá nýju sviði og hjá borginni í heild. Til þess þarf að ráðast í dýpri þarfagreiningu, markmiðasetningu og skipulagningu verkefna. Til viðmiðunar er þó hægt að líta til núverandi starfsemi Höfuðborgarstofu og aukins umfangs verkefna og ábyrgðar sem markaðsstofa tæki að sér. Sé það gert má áætla þörf fyrir sjö til níu stöðugildi í heild. Hluti þeirra er nú þegar til staðar hjá þeim sviðum sem stendur til að sameina og erfitt að áætla hversu mörg gætu talist vera viðbót. Í dæmi hér að neðan er gengið út frá að fjögur til fimm stöðugildi gætu verið til staðar en að þrjú til fjögur væru hugsuð sem viðbót til að taka við auknum verkefnum.

Kostnaður við fjögur til fimm stöðugildi er hér áætlaður 50 - 62 milljónir og er, eins og áður er nefnt, líklegt að hægt sé að manna þær stöður út frá núverandi starfsemi. Beinn kostnaður við aukin stöðugildi vegna aukinna verkefna væri á bilinu 37,5 - 50



milljónir en gera má ráð fyrir að tækifæri til sparnaðar skapist á móti með aukinni skilvirkni og heildaryfirsýn sem dregið getur úr þörf á aðkeyptri þjónustu.

## NIÐURLAG

Starfshópur um flutning verkefna Höfuðborgarstofu til markaðs- og áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins hefur, í samræmi við erindisbréf, greint starfsemi og verkefni Höfuðborgarstofu og unnið tillögur að flutningi verkefna frá Höfuðborgarstofu til markaðs- og áfangastaðastofu sem og hvaða verkefni eiga að vera áfram hjá Reykjavíkurborg. Jafnframt hefur hópurinn lagt fram tillögur um fyrirkomulag ferða- og markaðsmála hjá borginni og kostnaðargreint þær eins og hægt er. Tillögur hópsins eru reifaðar í samantekt í skýrslu þessari en nánari útfærslu er að finna í heildartexta. Skýrslunni fylgja jafnframt viðaukar svo sem; samantekt á viðtölum sem tekin voru; samantekt á rekstrarkostnaði Höfuðborgarstofu s.l. tvö ár; samantekt á úrlausnarefni sem vert er að líta til; skýrslur unnar af Ingu Hlín Pálsdóttur ráðgjafa og KPMG ráðgjöf og vísað er til í vinnu hópsins, minnisblað stjórnar SSH auk erindisbréfs.







## Fylgigagn

Yfirlit yfir viðmælendur, samráð og samtal og samantekt helstu gagna sem voru rýnd vegna sameiningar menningar- og ferðamálasviðs og Íþróttá- og tómsfundasviðs

## Samráð vegna sameiningarinnar

Samráðsferli samanstóð af eftirfarandi þáttum.

- Samtöl við starfsfólk
- Samráðsfundir
- Aðrar kynningar og samráð

### Samtöl við starfsfólk

Tekin voru samtöl við starfsfólk miðlægrar stjórnsýslu innan menningar- og ferðamálasvið (MOF) og Íþróttá- og tómsfundasviðs (ÍTR). Samtölin voru að mestu tekin á tímabilinu 20. september - 4. október. Arnar Pálsson, ráðgjafi ARCUR, skipulagði og hélt utan um samtölin.

- Menningar- og ferðamálasvið (MOF) - samtals 16 viðmælendur
- Íþróttá- og tómsfundasvið (ÍTR) - samtals 9 viðmælendur

Í samtölum var leitast við að fá fram sjónarmið gagnvart eftirfarandi:

1. Hvaða áskoranir er til staðar gagnvart farsælli sameiningu sviðanna?
2. Hvaða tækifæri eru til staðar þegar sameinað svið hefur starfsemi sína?
3. Hvaða verkefni gætu verið til þess fallin að efla sviðið enn frekar?

Í kjölfar samtala tók ráðgjafi við ýmsum ábendingum og spurningum, annað hvort í símtölum eða í tölvupósti, frá starfsfólki og hélt utan um sjónarmið og vangaveltur fyrir hönd starfshópsins.

### Samráðsfundir

Haldnir voru samtals 8 samráðsfundir á tímabilinu 1. nóvember - 1. desember þar sem eftirfarandi hópar komu saman, breytilegt var hvaða hópar komu saman á hvern fund:

- ÍTR - starfsfólk miðlægrar stjórnsýslu
- MOF - starfsfólk miðlægrar stjórnsýslu
- ÍTR - forstöðufólk starfsstöðva
- MOF - forstöðufólk starfsstöðva
- ÞON - fulltrúar frá þjónustuveri

Í kjölfar samráðsfundi komu ýmsar ábendingar fram og leitast við að fá fram ýmis sjónarmið og upplýsingar á milli funda sem starfshópur horfði til við mótun tillagna.

Haldinn var samráðsfundur með fulltrúum frá þjónustuveri Reykjavíkurborgar þar sem komu fram mjög gagnlegar ábendingar. Einnig var vinna starfshópsins kynnt nokkrum sinnum í yfirstjórn Reykjavíkurborgar þar sem komu einnig fram góðar ábendingar. Auk þess var fundað sérstaklega með stjórnendum borgarinnar með mikla reynslu af breytingastjórnun.

### Aðrar kynningar

Fulltrúar starfshópsins komu inn á fundi menningar, íþróttá- og tómsfundaráðs þann 26. september og 7. desember og kynntu framgang verkefnisins. Þá funduðu fulltrúar starfshópsins með ÍBR og BÍL og fleiri hagsmunaaðilum.



## Samantekt helstu gagna

Fjöldmörg gögn voru rýnd og var þar horft fyrst og fremst á eftirfarandi:

1. Skipurit Reykjavíkurborgar
2. Skipurit MOF
3. Skipurit ÍTR
4. Starfsáætlanir
5. Yfirlit sviðsstjóra MOF og ÍTR um helstu verkefni og töluleg gögn
6. Menningarstefna Reykjavíkurborgar
7. Fjárhagsáætlanir
8. Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
9. Samþykktir sviðanna
10. Meirihlutasáttmáli meirihluta borgarstjórnar 2022-2026
11. Fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins um sameiningu ÍTR og MOF 6. okt. 2022
12. Fyrirliggjandi skorkort/mælikvarða (þar sem það átti við)
13. Skipurit valinna borga á Norðurlöndunum
14. Reglur um starfs- og stýrihópa
15. Samantektir úr viðtölum, fundum og samráði
16. Gögn frá borgarlögmanni og öðrum starfshópum sem tekin voru saman að beiðni starfshópsins
17. Tillaga að stjórnkerfisbreytingum til borgarráðs 4. febrúar 2019
18. Mannauðsstefna Reykjavíkurborgar
19. Stefnur MOF og ÍTR um helstu málaflokka
20. Þjónustustefna Reykjavíkurborgar
21. Vefsíða Reykjavíkurborgar
22. Ýmis önnur gögn sem tengdust viðfangsefninu



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi: Starfshópur um sameiningu ÍTR og MOF**

**Sendandi: Borgarlögmaður**

---

### **Verkefni íþróttá- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs**

Vísað er til erindis borgarritara sem barst borgarlögmanni með tölvuskeyti, dags. 9. nóvember 2022, þar sem óskað er samantektar á verkefnum íþróttá- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar (ÍTR) og menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar (MOF), vegna sameiningar sviðanna í eitt svið sem taka á gildi 1. janúar 2023. Sameinað svið mun sinna flestu því sem snýr að almennri afþreyingu borgarbúa og þeirra sem til borgarinnar koma, hvort sem það snýr að listum eða íþróttum. Óskað var greiningar á lögsmæltum (lögskyldum og lögheimilum), ólögsmæltum og valkvæðum verkefnum núverandi sviða.

Lögsmælt verkefni eru annars vegar verkefni sem sveitarfélögum ber að annast (lögskyld) og hins vegar verkefni sem sveitarfélögum er frjálst að sinna en ákveði þau að gera það gilda ákveðnar reglur þar um (lögheimil). Önnur verkefni eru svo ólögsmælt eða valkvæð og hvílir hvorki skylda á sveitarfélögum að annast þau né, ef þau ákveða að annast þau samt sem áður, skylda til að annast þau með tilteknum hætti sem mælt er fyrir um í lögum.

Bæði ÍTR og MOF annast framkvæmd stefnu og verkefna menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt MÍTR), í samræmi við 2. gr. samþykktar fyrir MÍTR sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar 6. nóvember 2018 (hér eftir nefnd samþykktin).

Stór hluti verkefna MÍTR er skilgreindur í 3. gr. samþykktarinnar og eru þau eftirfarandi, flokkuð eftir því hvort þau eru lögskyld, lögheimil eða ólögsmælt. Við flokkunina var m.a. stuðst við samantekt innviðaráðuneytisins á lögsmæltum verkefnum sveitarfélaga, eins og hún var birt sumarið 2022.

Það athugast að ekki er mælt fyrir um það í lögum að MÍTR skuli framfylgja viðkomandi lagaákvæðum heldur hvílir slík skylda, sé hún til staðar, á Reykjavíkurborg. Í eftirfarandi tilfellum hefur borgarstjórn samþykkt að fela MÍTR umrædd verkefni.

#### **Lögskyld verkefni:**

- Hafa eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða á sviði íþróttá- og tómstundamála, að því marki sem lögin leggja skyldur á herðar sveitarfélaga.
- Standa að þjónustu almenningsbókasafna og fara með hlutverk stjórnar Borgarbókasafns Reykjavíkur, skv. ákvæðum bókasafnslaga nr. 150/2012.
- Fara með hlutverk stjórnar Borgarsögusafns Reykjavíkur og Listasafns Reykjavíkur, skv. ákvæðum safnalaga nr. 141/2011, myndlistarlaga nr. 64/2012, laga um menningarmínjar nr. 80/2012 og laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.



### Lögheimil verkefni

- Hafa eftirlit með rekstri mannvirkja á sviði íþróttá- og tómstundamála sem eru í eigu Reykjavíkurborgar eða Reykjavíkurborg hefur veitt styrki til, s.s. sundstaða, íþróttamannvirkja og menningarstofnana, skv. ákvæðum íþróttalaga nr. 64/1998.
- Gera tillögur til borgarráðs að gerð og staðsetningu nýrra mannvirkja til íþróttá- og tómstundastarfs ásamt tillögum um rekstur þeirra eftir því sem við á, skv. ákvæðum íþróttalaga nr. 64/1998.

### Ólögð mælt verkefni:

- Vinna að eflingu íþróttá- og tómstundastarfs og hollrar tómstundaiðju almennings í Reykjavík og hafa samvinnu við þá aðila sem um slík mál fjalla.
- Vinna að nýsköpunar- og þróunarstarfi á sviði íþróttá- og tómstundamála, s.s. heilsubótarverkefnum, og sjá til þess að til séu sem gleggstar upplýsingar um íþróttá- og tómstundamál og þá þjónustu sem í boði er.
- Fara með málefni sundlauga Reykjavíkurborgar, Sigluness, Ylstrandarinnar í Nauthólsvík, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, Dýraþjónustu Reykjavíkur, íþróttamannvirkja, íþróttavalla og skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.
- Fara með almenna starfsemi Húsdýragarðsins, og halda margskonar viðburði og fræðslustarf. Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR) tók formlega til starfa vorið 2021 og framfylgir hún eftirliti með samþykktum borgarinnar er varða dýr sem og sinnir skyldum borgarinnar í samræmi við lög um dýravelferð. Dýraþjónustunni er ætlað að sinna samskiptum við stofnanir, félagasamtök og aðra sem að málefnum dýra koma sem og sinna fræðslu um dýr og dýrahald.
- Hafa umsjón með, styrkveitingum til íþróttá- og æskulýðsfélaga og íþróttabandalags Reykjavíkur, frístundakortinu, annast samskipti fyrir hönd borgaryfirvalda við íþróttá- og æskulýðsfélög og samtök þeirra og vera borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrir.
- Vinna að upplýsinga-, menningar- og tómstundastarfi fyrir ungt fólk m.a. með rekstri Hins Hússins.
- Vinna að atvinnumálum ungs fólks í Reykjavík.
- Fylgjast með því að starfsstaðir á vegum íþróttá- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs fari að settum reglum, veiti góða þjónustu og starfsemi þeirra sé skilvirk og hagkvæm.
- Hafa eftirlit með rekstri og gera tillögur til borgarráðs um stefnumörkun eftirtalinna stofnana; Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur og Listasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu.
- Vinna að eflingu menningarstarfsemi í Reykjavík í samræmi við menningarstefnu borgarinnar með því m.a. að virkja menningarstofnanir borgarinnar, örva listræna sköpun og gefa almenningi tækifæri til að njóta listar og menningar.
- Veita styrki til menningarstarfs í borginni og umsagnir um menningartengd erindi að beiðni borgarráðs, skipa í dómnefnd um bókmenntaverðlaun Tómasar



Guðmundssonar og barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur og útnefna borgarlistamann Reykjavíkur.


- Fara með málefni menningarstarfs, menningarminja og minjavörslu og hafa frumkvæði að og taka þátt í að móta stefnu um húsvernd og fornleifavernd.
- Fylgjast með söfnun örnefna, útgáfu örnefnaskrár og merkingu fornleifa og náttúruminja, sem Borgarsögusafn Reykjavíkur annast.
- Gera tillögu til borgarráðs um staðsetningu hvers konar myndverka á almannafæri að fenginni umsögn Listasafns Reykjavíkur og skipulags- og samgönguráðs.
- Skipa í verkefnisstjórnir borgarhátíða sem haldnar eru á vegum menningar- og ferðamálasviðs, s.s. Vetrarhátíðar í Reykjavík, Barnamenningarhátíðar, hátíðarhalda á 17. júní og Menningarnætur í miðborginni. Þá eru einnig sérverkefni Reykjavík bókmenntaborg UNESCO, Tónlistarborgin Reykjavík og viðburðirnir Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, 17. júní, tendrun friðarsúlu og aðventuhátíð á ábyrgð sviðsins.
- Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
- Menningar- og ferðamálasvið sér auk þess um samstarfssamninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrir.
- Gera tillögur til borgarráðs um menningargestefnu og íþróttastefnu Reykjavíkurborgar.

Jafnframt getur MÍTR í sérstökum tilfellum, skv. 2. mgr. 5. gr. samþykktanna, skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni. Fer þá eftir atvikum hverju sinni hvort um er að ræða lögskyld, lögheimil eða ólöglegt verkefni.

Til viðbótar við framangreind verkefni kunna ýmis önnur verkefni að vera framkvæmd á ÍTR og MOF þrátt fyrir að þeirra sé ekki getið hér að framan. Til þess að fá sem skýrasta mynd af þeim verkefnum er rétt að beina fyrirspurnum til viðkomandi sviða.

Virðingarfyllt,  
F.h. borgarlögmans,

  
Þórhildur Lilja Ólafsdóttir lögmaður

  
Jón Pétur Skúlason lögmaður




SAMANTEKT	
<b>Heiti verkefnis:</b> Sameining menningar- og ferðamálasviðs og íþróttá- og tómstundasviðs	<b>Málsnúmer í Hlöðu:</b> MSS22070114
<b>Verkefnisstjóri:</b> Borgarritari / nýr sviðsstjóri	<b>Eigandi:</b> Borgarstjóri
<b>Innkaupaheimild verkefnisstjóra:</b> 4,9 m.kr.	<b>Innkaupaheimild eiganda:</b> 4,9 m.kr.
Stutt lýsing verkefnis:  Undirbúa sameiningu menningar- og ferðamálasviðs (MOF) og íþróttá- og tómstundasviðs (ÍTR) í eitt svið undir stjórn eins sviðsstjóra, móta tillögu um starfsemi og skipurits nýs sameiginlegs sviðs ásamt greiningavinnu og gerð innleiðingaráætlunar.	
<b>Kostnaðaráætlun</b> Ráðgjafi 3 m.kr. Annað 1.9 mk.r	<b>Verktími</b> Verkefni hefst 23.8.2022 Verkefni lýkur 31.12.2022

## Endurskoðun megináætlunar

Útgáfa	Endurskoðun (innihald)	Dags
1.0	Fyrstu drög megináætlunar	30.8.2022
1.1	Uppfærð hagsmunaaðilagreining og nálgun gagnvart samráði	12.9.2022
1.2	Skipurit, uppfærð hagsmunaaðilagreining	22.9.2022
1.3	Skipurit, hagsmunaaðilagreining o.fl.	17.11.2022
1.4	Uppfærsla	28.11.2022

## 1 Skipurit verkefnis



Menningar-, íþróttá- og tómstundasvið

## 2 Tilurð/bakgrunnur verkefnis

Til stendur að sameina menningar- og ferðamálasvið (MOF) og íþrótt- og tómsfundasvið (ÍTR) í eitt svið undir stjórn eins sviðsstjóra og er miðað við að breytingin taki gildi 1. janúar 2023. Vinnuheiti sameiginlegs sviðs er menningar-, íþrótt og tómsfundasvið. Í samstarfssáttmála núverandi meirihluta Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar segir að ætlunin sé að sameina málaflokka íþrótt og menningar. Jafnframt að málefni ferðapjónustu verða færð undir forsætisnefnd. Yfirumsjón með skiplagningu á sameiningu menningar- og ferðamálasviðs (MOF) og íþrótt og tómsfundasviðs (ÍTR) í eitt svið undir stjórn eins sviðsstjóra. Tillögur starfshópsins verði lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

## 3 Verkefnislýsing

### 3.1 Markmið

- Sameina í eitt öflugt svið tvö af minni sviðum borgarinnar með það fyrir augum að styrkja stöðu mikilvægra málaflokka menningar, íþrótt og skipulagðra tómsfunda. Með sameiningu sviðanna er stigið skrefið til fulls við að ljúka ferli sem hófst við sameiningu fagráða menningar- og ferðamálaráðs og íþrótt – og tómsfundaráðs árið 2018.
- Kortleggja sérstök og sameiginleg sóknarfæri innan málaflokka menningar-, íþrótt- og tómsfundastarfs.
- Nýta samlegð í innviðum og miðlægri stjórnsýslu með það fyrir augum að gera þjónustu Reykjavíkurborgar enn skilvirkari og betri.
- Rýna tækifæri til að taka við nýjum verkefnum af öðrum sviðum/skrifstofum eða stofnunum sem tengjast viðkomandi málaflokkum.
- Með nýju öflugu sviði skapast forsendur fyrir nýsköpun og framþróun í málaflokkum sem í senn eru mikilvæg undirstaða skapandi borgarsamfélags og hryggjarstykki veigamikillar grunnþjónustu við borgarbúa, ekki síst ungt fólk.

### 3.2 Starfshópur

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari. Leiðir vinnuna þar til nýr sviðsstjóri tekur til starfa.  
Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri menningar-, íþrótt- og tómsfundasviðs.  
Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

#### Starfsmenn:

Huld Ingimarsdóttir starfandi sviðsstjóri MOF.  
Steinþór Einarsson starfandi sviðsstjóri ÍTR.  
Anna Karen Arnarsdóttir frá fjármála- og áhættustýringasviði.

#### Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn skal vinna með stjórnendum og starfsfólki MOF og ÍTR sem og innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu. Hópnum er heimilt að semja við utanaðkomandi ráðgjafa um ráðgjöf vegna verkefnisins. Ráðgjafi hópsins verður Arnar Pálsson hjá Arcur.

### 3.3 Fundaáætlun

Borgarritari boðar og stýrir fundum og heldur utan um fundargerðir.  
Fundi skal halda reglulega, að lágmarki vikulega en oftast ef þurfa þykir, miðað er við að funda kl. 13 á þriðjudögum. Miða skal við hnitmiðaða fundi þar sem m.a. er lagður grunnur að upplýsingagjöf í kjölfar funda.

Nr.	Dags	Efni fundar
1	23.8.	Verkefnisupphaf. Fundaáætlun ákveðin. Hlutverk og væntingar. Samráð. Upplýsingagjöf.
2	30.8	Unnið í verkefnaáætlun. Samráð. Uppfærsla verkefnaáætlunar. Upplýsingagjöf.
3	6.9	Ráðningasamningur ráðgjafa. Breyting á fulltrúa ÍTR. Undirbúningur samráðsfunda. Upplýsingagjöf. Unnið í verkefnaáætlun
4	13.9	Undirritaður samningur ráðgjafa. Uppfærð verkefnaáætlun. Samráð. Upplýsingagjöf.
5	20.9	Undirbúningur viðtala (viðtalsrammi). Uppfærð verkefnaáætlun og hagsmunaaðilagreining. Upplýsingagjöf.
6	27.9	Ráðning sviðsstjóra, situr fundi starfshópsins hér eftir. Yfirferð á samráði og viðtölum. Undirbúningur starfaflokkunar. Upplýsingagjöf. Lögð fram samantekt á skipurinum borgar á Norðurlöndum.
7	5.10	Yfirferð á fyrstu niðurstöðum úr viðtölum og greiningavinna. Staðsetning á nýju sviði. Undirbúningur fleiri viðtala. Stuðningur við starfsfólk. Upplýsingagjöf.
8	11.10	Farið yfir starfagreiningu. Greiningavinna úr viðtölum sem gengu vel. Lögð fram ný samantekt á skipurinum borgar á Norðurlöndum. Samskiptastjóri fór yfir hugmyndir að upplýsingagjöf.
9	20.10	Í kjölfar starfagreiningar liggur fyrir að starfsfólki verður ekki sagt upp. Unnið að fyrstu hugmyndum að skipurinum. Undirbúningur fyrir fleiri samráðsfundi með starfsfólki sviðanna. Upplýsingagjöf.
10	25.10	Aðsetur nýs sviðs. Unnið áfram með skipurit. Undirbúningur samráðsfunda með forstöðumönnum og á skrifstofum. Undirbúningur fjármálagreiningar með fulltrúa FAS. Upplýsingagjöf.
11	1.11	Lokaundirbúningur fyrir samráðsfundi. Fjármálagreining. Upplýsingagjöf.
12	8.11	Yfirferð eftir samráðsfundi með starfsfólki og yfirstjórn. Næstu skref í samráðsferli, m.a. með starfsfólki. Endurskoðun skipurits. Sniðmát að tillögu og greinargerð samráðshóps til borgarráðs.
13	15.11	Skipurit, markaðsmál, samráð, kynning, nafnasamkeppni.
14	19.11	Skipurit, greinargerð, tillögur. Lokaspretturinn kortlagður.
15	22.11	Skipurit, greinargerð, tillögur. Samantekt á greiningavinnu o.fl.
16	30.11	Undirbúningur frekari samráðsfunda. Málefni Höfuðborgarstofu. Samantekt frá samráði. Minnisblað borgarlögmans. Fjárhagsleg greining.
17	6.12	Nafn á sameiginlegu sviði, undirbúningur fyrir samráðsfund með MÍT, fjárhagsleg greining, skýrsla starfshóps um verkefni Höfuðborgarstofu, tillögur og greinargerð, önnur mál.
18	13.12	Skilafundur

### 3.4 Lýsing helstu afurða

Verkefni	Lýsing	ÁBM	Skilafrestur
Verkefnaáætlun	Undirbúa sameiningu menningar- og ferðamálasviðs (MOF) og íþrótt- og tómstundasviðs (ÍTR) í eitt svið undir stjórn eins sviðsstjóra.	Starfshópur	30.8
Mótun tillögu um starfsemi nýs sameiginlegs sviðs	Tillaga um starfsemi nýs sameiginlegs sviðs	Starfshópur	Nóvember / Desember
Tillaga að skipuriti fyrir nýtt svið.	Nýtt skipurit	Starfshópur	Nóvember / Desember
Skilgreining helstu verkefna.	Kortleggja verkefni beggja sviða	Starfshópur	Nóvember



Fjárhagsleg greining.	Kortleggja fjárhag ÍTR og MOF	Undirhópur	Nóvember
Greining á mannauði.	Greina mannauð	Undirhópur	Október
Skipa verkefna- og vinnuhópa um einstök verkefni þar sem við á	Fjármálahópur Mannauðshópur	Starfshópur	Allt ferlið
Gerð innleiðingaráætlunar fyrir sameiningu sviðanna	Innleiðingaráætlun um sameiningu sviðanna	Starfshópur	Nóvember
Kostnaðarmat tillagna ef við á.	Greining	Undirhópur	Nóvember
Staðsetning á nýju sviði	Greining	Starfshópur	Nóvember

### 3.5 Verktími og verkáfangar samkvæmt samþykkt borgarráðs

Tímalínur - dagsetningar	Verkefni	Ábyrgðaraðilar
Júlí/Ágúst '22	Undirbúningsvinna að stofnun nýs sviðs sem tekur við af MOF og ÍTR – tilgangur, tilhögun, markmið og tímalína	Borgarstjóri
21. júlí '22	Lögð fram tillaga í borgarráði um stofnun nýs sviðs. Lagt fram erindisbréf starfshóps	Borgarstjóri
21. júlí '22	Lögð fram tillaga í borgarráði um auglýsingu á nýju starfi sviðsstjóra og skipan hæfnisnefndar. Skv. reglum um ráðningar borgarráðs skal borgarstjóri leggja drög að auglýsingu um starfið, drög að erindisbréfi hæfnisnefndar ásamt drögum að ætlun um ráðningarferli til samþykktar í borgarráði	Borgarstjóri
21. júlí '22	Auglýsing undirbúin og birt í fjölmiðlum og á heimasíðu borgarinnar. Auglýsing birt laugardaginn 23. júlí og umsóknafrestur til 25. ágúst	MOS
26. ágúst '22	Vinna hæfnisnefndar hefst	Hæfnisnefnd
8./15. sept.	Hæfnisnefnd leggur fyrir borgarráð tillögu að umsækjendum sem fari áfram í síðara viðtal.	Hæfnisnefnd
6./13. okt.	Lögð fram tillaga í borgarráði um ráðningu á sviðsstjóra	Borgarstjóri
1. des. '22 eða fyrr	Nýr sviðsstjóri hefur störf	
Nóv./des.. '22	Vinna við að aðlaga samþykkt menningar- íþrótt- og tómstundaráðs að nýju skipulagi.	Skrifstofa borgarstjórnar
29. ágúst – 30. sept. '22	Starfshópur skipuleggur vinnuna nánar Framkvæmdastjórnir sviða skiptast á upplýsingum um starfsemi sinna sviða, deila starfsáætlun og halda sameiginlegan fund þar sem starfsemi sviðanna er kynnt. Starfsmenn MOF og ÍTR vinna sitt í hvoru lagi að greiningu á starfsemi sinna sviða og meti sóknarfæri, tækifæri og ógnanir. Fara yfir faglegan og rekstrarlegan ávinning af sameiningu – SVOT greining. Skoða þarf húsnæðismál yfirstjórnar á sameiginlegu sviði	MOF sviðsstjóri með starfsmönnum ÍTR sviðsstjóri með starfsmönnum
3.–24. okt. '22	Starfsmenn MOF og ÍTR vinna saman að yfirferð þeirrar vinnu sem unnin var á sviðinu og setja fram mögulegar sviðsmyndir.	MOF sviðsstjóri með starfsmönnum ÍTR sviðsstjóri með starfsmönnum
Sept. og okt. '22	Skoðað verði hvort tækifæri gæti komið upp á flutningi verkefna af öðrum sviðum sem nýta mætti betur og flytja á nýsameinað svið.	Starfshópur
Nóv./des. '22	Starfshópur skilar niðurstöðum til ábyrgðarmanns	Starfshópur
Nóv./des. '22	Niðurstöður lagðar fyrir borgarráð	Ábyrgðarmaður

### 3.6 Óvissuþættir

Óvissuþættir	Viðbrögð		
	Lýsing á viðbrögðum	Ábyrgð	Hvenær
Óöryggi og vanlíðan starfsfólks og stjórnenda	Mikilvægt að senda reglulega upplýsingar. Samráð við starfsfólk. Geta leitað stuðnings hjá utanaðkomandi sérfræðingum. Hafi góðan aðgang að starfshópnum.	Starfshópur	Allt verkefnið
Tímalínan	Mikilvægt að leggja áherslu halda tímalínu. Flagga því tímanlega ef fyrirsjáanlegt er að tímalínan standist ekki.	Starfshópur	Allt verkefnið
Ekki búið að greina kosti og galla áður en samþykkt í borgarráði	Vanda vinnu starfshópsins og samráðsferlið strax frá upphafi. Í samráðsferlinu séu dregnir fram kostir og gallar sameiningar.	Starfshópur	Allt verkefnið
Hagsmunaaðilar ósáttir	Vanda samráð og upplýsingagjöf	Starfshópur	Allt verkefnið

### 3.7 Skjalastjórnun

Skjalaskyld skjöl verkefnisins eru vistuð í Hlöðunni. Vinnugögn eru á lokuðu svæði á Teams.

### 3.8 Samskiptaáætlun

Starfshópur: Fundað er vikulega og á milli funda eru samskipti m.a. á Teams og í tölvupósti. Samskiptaáætlun tekur við af hagsmunaaðilagreiningu. Samskiptateymi vinnur að drög að samskiptaáætlun þar sem horft er m.a. til:

- Borgarráðs
- Starfsfólks MOF og ÍTR
- Stjórnendur MOF og ÍTR
- MÍT
- Yfirstjórn
- Lykil hagsmunaaðilar

## 4 Hagsmunaaðilar og væntingar

Hagsmunaaðili	Innri/ytri	Snertiflötur/tengsl við verkefnið	Lýsing á væntingum/þörfum	Mikilvægi [1-5] (5 mikilvægast)	Aðgerðir m.t.t. hagsmunaaðila
[Redacted]	[Redacted]	[Redacted]	[Redacted]	[Redacted]	[Redacted]
[Redacted]	[Redacted]	[Redacted]	[Redacted]	[Redacted]	[Redacted]

[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]

[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]
[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]





# Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR #1

Þriðjudagur, 23. ágúst 2022

14:19

**Fundardagsetning:** 23.8.2022 13:00

**Staðsetning:** Ráðhús - MOSbúð 2.hæð (Teams)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar)

[Huld Ingimarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Ómar Einarsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

## Minnispunktur

### 1. Erindisbréf –

Farið yfir undirritað erindisbréf

### 2. Verkefnaáætlun

Unnið að fyrstu drögum.

### 3. Annað:

- Bréf verður sent út á starfsfólk sviðsstjóra á fimmtudaginn. Þorsteinn tekur að sér að rita fyrstu drög. Koma á framfæri m.a. vinnu við fjárhagsáætlun, ráðgjafa, upplýsingagjöf o.fl.
- Ráðgjafi: Rætt um hugmyndir að ráðningu ráðgjafa við verkefnið. Skoðað á milli funda.
- Fundað verður vikulega til byrja með á þriðjudögum kl. 13.00. Þorsteinn sendir út fundaaætlun og verkefnaáætlun. Gögn verða á Teams.

Næstu fundur verður 1,5 klst.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 14.03





# Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR - Vikulegur fundur #2 –30.8.2022

Þriðjudagur, 30. ágúst 2022  
12:48

**Fundardagsetning:** 30.8.2022 13:00

**Staðsetning:** Ráðhús - MOSbúð 2.hæð (Teams)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar)

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Ómar Einarsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Huld Ingimarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

## Minnispunktur

- 1. Fulltrúi FAS sem starfar með starfshópnum**
  - Fulltrúi FAS verður Anna Karen Arnarsdóttir
- 2. Ráðning ráðgjafa**
  - Samþykkt að ráða Arnar Pálsson ráðgjafa.
- 3. Samráðsfundur með stjórnendum innan borgarinnar með reynslu af kerfisbreytingum**
  - Samþykkt að boða sérstakan fund.
- 4. Breytingastjórnun**

ÞG fer yfir nokkur grundvallaratriði breytingastjórnunar, þ.m.t. 8 þrepa líkan Kotters.
- 5. Verkefnaáætlun**

Unnið að uppfærslu verkefnaáætlunar
- 6. Önnur mál**
  - Að starfsfólk á skrifstofum beggja sviði hittist á frekar óformlegum fundi.
  - Ræða við ráðgjafa.
  - Finna góðan stað.
- 7. Fyrir næsta fund:**
  - Ganga frá samningi við ráðgjafa
  - Vinna í verkefnaáætluninni.
  - Senda út upplýsingabréf #2

Fleira ekki bókað. Fundi slitið kl. 14.00



# Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR - Vikulegur fundur–6.9.2022 #3

Þriðjudagur, 6. september 2022  
13:00

**Fundardagsetning:** 6.9.2022 13:00

**Staðsetning:** Ráðhús - MOSbúð 2.hæð (Teams)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar) tók fundapunkta og stýrði fundi

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Huld Ingimarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Arnar Pálsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Steinþór Einarsson](#) (Samþykkt í Outlook)

## Minnispunktur

### 1. Ráðningasamningur ráðgjafa

Lagður fram samningur við Arnar Pálsson ráðgjafa hjá Arcur ráðgjöf. Verkefnið felst í að veita starfshópi ráðgjöf sameiningu ÍTR og MOF í samræmi við ákvörðun borgarráðs frá 21. júlí 2022. Ráðgjöf við innleiðinguna verður unnin í samráði við starfshóp um sameiningu sviðanna, í samræmi við fyrirliggjandi verkáætlun vegna innleiðingar, sjá samþykkt borgarráðs um helstu verkþætti, ásamt öðrum tilfallandi verkþáttum sem upp kunna koma á tímabilinu. Samningurinn samþykktur.

### 2. Breyting á fulltrúa ÍTR

Steinþór Einarsson skrifstofustjóri hjá ÍTR og staðgengill sviðsstjóra og nú starfandi sviðsstjóri, hefur tekið við af Ómari Einarssyni, fráfarandi sviðsstjóra, ÍTR sem einn af starfsmönnum starfshópsins.

### 3. Fundur með sviðsstjórum annarra sviða

Búið að bóka fund á mánudagsmorgun með þremur sviðsstjórum með reynslu af breytingastjórnun og svo Birgi Birni fyrrv. fjármálastjóra. Rætt verður jafnframt einslega við sviðsstjóra og aðra sem hafa reynslu af kerfisbreytingum hjá borginni.

### 4. Óformlegur fundur sviðanna

Vegna anna við fjárhagsáætlun verður fundurinn með skrifstofu skrifstofa sviðanna í lok september. Fram að því verður tíminn nýttur til ítarlegs undirbúnings fyrir samráð við sviðin. Arnar tekur að sér að móta tillögur fyrir næsta fund starfshópsins sem kynntar verða fyrir skrifstofunum þegar þar að kemur. Í millitíðinni mun hann funda sérstaklega með starfandi sviðsstjórum. Þá munu sviðsstjórar setja inn áætlanir og gögn á Teamssvæðið.

### 5. Upplýsingagjöf til almenns starfsfólks – Samskiptaáætlun

Verður kláruð þegar hagsmunaaðilagreining er lengra komin. Eva Bergþóra mun veita ráðgjöf. Upplýsingabréf#2 til skrifstofa ÍTR og MOF var sent út 5. sept.

### 6. Unnið í verkefnaáætlun

7. Arnar mun vinna í verkefnaáætluninni ásamt starfshópnum, sérstaklega þegar kemur að hagsmunaaðilagreiningu og skipulagi næstu vikna þegar kemur að samráði við starfsfólk á skrifstofum ÍTR og MOF, einnig rætt um mikilvægi millistjórnenda.

Fundi slitið kl. 13.55.



# Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR - Vikulegur fundur–13.9.2022 #4

Þriðjudagur, 13. september 2022  
12:53

**Fundardagsetning:** 13.9.2022 13:00

**Staðsetning:** Ráðhús - MOSbúð 2.hæð (Teams)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar)

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Huld Ingimarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Steinþór Einarsson](#) - fjarverandi

[Arnar Pálsson](#) (Samþykkt í Outlook)

## Minnispunktur

### 1. Ráðningasamningur ráðgjafa

Undirritaður samningur formlega við Arnar Pálsson hjá Arcur ráðgjöf

### 2. Verkefnaáætlun

Tillögur að uppfærðri verkefnaáætlun

### 3. Hagsmunaaðilagreining

Farið yfir hagsmunaaðilagreiningu og í framhaldi af því tillögur að samráðsferli.

Samþykkt að fara sem fyrst í viðtöl við starfsmenn á skrifstofunum. Arnar býr til viðtalsramma og kemur með tillögur að tímasetningum.

### 4. Önnur mál

a. Á mánudaginn var fundað með sviðsstjórum Reykjavíkurborgar með reynslu af breytingastjórnun. Fram komu ýmsar gagnlegar ábendingar.

b. Upplýsingabréf #3 - Í næsta bréfi verði farið yfir stöðuna á ráðningaferli, starfsfólk á skrifstofum verður boðað í viðtöl með ráðgjafa.

Fleira ekki bókað. Fundi slitið kl. 14.00.



# Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR - Vikulegur fundur—20.9.2022 #5

Þriðjudagur, 20. september 2022

13:03

**Fundardagsetning:** 20.9.2022 13:00

**Staðsetning:** Ráðhús - MOSbúð 2.hæð (Teams)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar) tók fundapunkta

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Huld Ingimarsdóttir](#)

[Steinþór Einarsson](#)

[Arnar Pálsson](#) (Samþykkt í Outlook)

## Minnispunktur

### 1. Undirbúningur á samráðs- og viðtalsfundum - Viðtalsrammi

Farið yfir viðtalsramma fyrir viðtöl við starfsfólk á skrifstofum ÍTR og MOF. Viðtölin verða aðallega tekin næsta fimmtudag, föstudag, mánudag og þriðjudag og mun Arnar sjá um viðtölin og taka saman helstu niðurstöður. Rætt um næstu skref. Stefnt að því að halda sameiginlegan fund með skrifstofum ÍTR og MOF fimmtudaginn 6. október kl. 15.00 á Kjarvalsstöðum. Huld sér um að bóka aðstöðuna.

### 2. Verkefnaáætlun

Áhersla lögð á að fyrir næst fund verði farið vel yfir hagsmunagreiningu til að undirbúa frekara samráð.

### 3. Önnur mál

- Til stendur að starfshópurinn fari inn á fund menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs næsta mánudag.
- Stefnt að því að senda út upplýsingabréf næsta fimmtudag í kjölfar fundar borgarráðs en þá er gert ráð fyrir að ráðinn verði sviðsstjóri fyrir sameiginlegt svið.

Fundi slitið kl. 14.05.





# Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR - Vikulegur fundur—27.9.2022 #6

Þriðjudagur, 27. september 2022  
13:00

**Fundardagsetning:** 27.9.2022 13:00

**Staðsetning:** Ráðhús - MOSbúð 2.hæð (Teams)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar)

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Huld Ingimarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Steinþór Einarsson](#)

[Arnar Pálsson](#) (Samþykkt í Outlook)

## Minnispunktur

### 1. Ráðning sviðsstjóra

Eiríkur Björn Björgvinsson hefur verið ráðinn sviðsstjóri. Skýrist fljótlega hvenær hann getur tekið til starfa.

### 2. Verkefnaáætlun

- a. Samráð - Arnar fór stöðu samtala við starfsfólk á skrifstofum MOF og ÍTR.
- a. Skrifstofur - Samþykkt að fresta fyrirhuguðum sameiginlegum fundi með skrifstofunum á meðan verið er að vinna úr viðtölum Arnars til starfsfólk
- b. Aðrir hagsmunaaðilar skv. hagsmunaaðilagreiningu  
Huld ætlar að fara betur yfir ytri hagsmunaaðila í menningargeiranum í skjalinu á Teams (hagsmunaaðilagreining) fyrir næsta fund.  
Steinþór ætlar að fara betur yfir ytri hagsmunaaðila í íþrótt- og tómstundageiranum í skjalinu á Teams (hagsmunaaðilagreining) fyrir næsta fund.

### 3. Fjármál

Greining fari fram þegar betri mynd er komin á skipulag sviðsins.

### 4. Mannauður

Mannauðsstjórar ÍTR og MOF fari í starfaflokkun á sviðunum í samráði við Lóu Birnu, annars vegar frekar ítarleg greining á skrifstofunum og hins vegar stærri samantekt í stofnunum.

### 3. Upplýsingagjöf

Fréttabréf sent út í vikunni. Meðal efnis: Fundur starfshóps með MÍT, frestun á sameiginlegum fundi o.fl.

### 4. Önnur mál

Arnar tekur saman hvernig höfuðborgir og sambærilegar borgir á Norðurlöndunum eru með menningu og frístund í skipuritum samkvæmt beiðni MÍT.

Fundi slitið kl. 14.00



# Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR - Vikulegur fundur-4.10.2022 #7

Þriðjudagur, 4. október 2022  
13:00

**Fundardagsetning:** 4.10.2022 13:00

**Staðsetning:** Ráðhús - MOSbúð 2.hæð (Teams)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar)

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Huld Ingimarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Steinþór Einarsson](#)

[Arnar Pálsson](#) (Samþykkt í Outlook)

## Minnispunktur

Dagskrá:

### 1. Úrvinnsla úr viðtölum

- Arnar fór yfir meginlínur eftir að hafa tekið viðtöl með alla starfsmenn, utan eins, á skrifstofum ÍTR og MOF. Viðtölin gengu vel og mikið efni sem liggur fyrir og þarf að vinna betur úr, ábendingar um ýmis tækifæri og áskoranir. Einnig hefur hann tekið viðtal við Ómar Einarsson. Arnar mun draga fram helstu niðurstöður úr viðtölunum fyrir næsta fund.
- Afar mikilvægt að greining starfa liggi fyrir á næsta fundi í ljósi þess að hægt sé að fara að vinna markvisst að skipuriti o.fl. Huld mun taka boltann fyrir MOF, Steinþór fylgir því eftir á ÍTR með mannauðsstjóra. Þau munu senda samantektina á Arnar sem mun vinna úr því að "mappa" þetta upp.
- Þá þarf að huga fljótlega að því hvar nýtt svið á að vera til húsa, þ.e. í Borgartúni eða Ráðhúsi. Fram kom að ýmis tækifæri eru í Borgartúni og eðlilegt að nýtt sameiginlegt fagsvið verði staðsett þar með öðrum fagsviðum.
- Verðandi sviðsstjóri Eiríkur Björn Björgvinsson mun koma inn á starfsmannafund á skrifstofu ÍTR á fimmtudag. Hann mun einnig koma inn á fund hjá skrifstofu MOF í samráði við Huld.

### 2. Verkefnaáætlun

Í samræmi við hagsmunaaðilagreiningu mun Arnar taka viðtöl við þrjá stjórnendur í lykil stofnunum á MOF.

### 3. Upplýsingagjöf

Í næsta upplýsingabréfi verður m.a. sagt frá fyrirhuguðum heimsóknum Eiríks á skrifstofur sviðanna.

### 4. Önnur mál

- Arnar er að vinna samantekt um hvar menningu, frístund og tómstundir er að finna í skipuritum nokkurra borga á Norðurlöndunum, verður tilbúið fyrir næsta fund.
- Starfandi sviðsstjórar ÍTR og MOF munu bjóða starfsfólki sínu, upp á að hitta sérfræðing til að styðja við bakið á þeim og fá handleiðslu, þ.e. fyrir þá sem að vilja.
- Samþykkt að næsti fundur, sem verður þriðjudaginn 11. okt. n.k. verði kl. 11.00-12.30.

Fleira ekki bókað. Fundi slitið kl. 14.00.



# Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR - Vikulegur fundur–11.10.2022 #8

Þriðjudagur, 11. október 2022  
11:00

**Fundardagsetning:** 11.10.2022 11:00

**Staðsetning:** Ráðhús - Tjarnarbúð (Webex)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar) tók fundapunkta

[Ráðhús - MOSbúð 2.hæð \(Teams\)](#) (Samþykkt í Outlook)

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Huld Ingimarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Steinþór Einarsson](#)

[Arnar Pálsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Eiríkur Björn Björgvinsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Eva Bergþóra Guðbergdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

## Fundagerð

### 1. Starfagreining - Bæði svið

Sviðin hafa skilað starfagreiningu fyrir starfsfólk á skrifstofu sviðanna. Mjög mikilvægar upplýsingar sem búið er að taka saman.

Næstu skref eru að starfshópurinn og Arnar "mappi" störfin upp í samráði við starfandi sviðsstjóra. Einnig verði farið í að gera drög að skipuriti fyrir sviðið.

### 2. MOF - ITR - samantekt úr viðtölum.pptx

Arnar fór yfir helstu niðurstöður samtala við starfsfólk á skrifstofum sviðanna. Helstu niðurstöður:

- Bæði sviðin hafa upplifað óvissu og fjölmargir viðmælendur telja að stuðning hafi skort á tímum mikilla breytinga.
  - Almennt má segja að starfsfólk hafi ekki enn miklar forsendur til að meta augljós samlegðartækifæri í verkefnum sviðanna þar sem vitneskja um verklag, nálgun og helstu verkefni eru af skornum skammti.
  - Ná þarf verkefnum sviðanna í auknum mæli upp á yfirborðið til að hægt sé að ræða og fara í slíka vinnu á vinnustofum.
  - Ljóst er að fjölmargt starfsfólk hefur mikla sérfræðipekkingu og er reiðubúið að taka þátt í vegferðinni, en ítrekað er þó bent á að æskilegt væri að fjarlægja óvissu um störf, auglýsingar og væntanleg starfslok úr myndinni áður en hafist er handa við að greina tækifæri, samlegð og fara í samtal um skipulag og verkaskiptingu.
  - Starfsfólk MOF virðist sjá fleiri tækifæri í sameiningunni heldur en starfsfólk ÍTR og vonast eftir að tækifæri séu til þess að ná aukinni festu í verkefnum sínum fram á veginn.
  - ÍTR hefur langa sögu og mjög fastmótað starfsumhverfi og óttast að breytingar geti haft neikvæð áhrif á vinnuanda, traust á milli starfsfólks o.fl.
- Jafnframt komu fram ýmsar hugmyndir um tækifæri sem felast í sameiningunni.
- Næsta skref að undirbúa enn frekari samráð í samræmi við hagsmunaaðilagreiningu verkefnaáætlunar og nýta niðurstöðurnar í viðtölunum sem ákveðinn grunn.

### 3. MOF - ITR - skipan málaflokka hjá 5 borgum

Arnar tók saman nokkur skipurit borga á Norðurlöndunum m.t.t. hvar íþróttir, frístund, menning og ferðamál/markaðssetning eru í stjórnkerfinu. Allur gangur er á því en Turku í Finnlandi er sú borg sem kemst næst því að vera með sambærilegt skipurit og Reykjavíkurborg þar sem þessir málaflokkar eru í einu sameiginlegu sviði. Í Turku búa um 200 þúsund manns.

- Arnar mun uppfæra nánar fyrir fund með MÍT ráðinu.
- Skipurit – ræddar ýmsar hugmyndir

#### **4. Samráð**

Eva Bergþóra samskiptastjóri fór yfir hugmyndir að frekari samráði og upplýsingagjöf til hagaðila. Hún nefndi m.a. að búa til kanal fyrir starfsfólk sem vill koma frekari upplýsingum á framfæri. Einnig þarf að huga að væntingastjórnun og enn öflugri upplýsingagjöf til starfsfólksins.

Fundi slitið kl. 14.00.

# Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR - Vikulegur fundur—20.10.2022 #9

fimmtudagur, 20. október 2022

16:22

**Fundardagsetning:** 20.10.2022 14:00

**Staðsetning:** Ráðhús - Tjarnarbúð (Webex)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar)

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Huld Ingimarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Steinþór Einarsson](#)

[Arnar Pálsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Eiríkur Björn Björgvinsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Ráðhús - MOSbúð 2.hæð \(Teams\)](#)

## Minnispunktur

### 1. Starfagreining

Farið greiningu á stöðugildum eftir sviðum. Þá hafa verið tekin fleiri viðtöl við starfsfólk. Starfsfólki verður ekki sagt upp í tengslum við sameiningu sviðanna. Hins vegar geta orðið einhverjar breytingar á verkefnum eins og eðlilegt er við þessar aðstæður og verður tilkynnt um þær eins fljótt og auðið er.

### 2. Skipurit

Fyrstu hugmyndir að skipuriti lagðar fram. Umræður og ákveðið að vinna áfram með skipuritið til að leggja fyrir starfsmannafund MOF og ÍTR til frekari vinnslu.

- Samráðsfundur innri og ytri hagsmunaaðila -
- Vinnu- og samráðsfundur starfshóps og ráðgjafa með starfsfólki á skrifstofum ÍTR og MOF – mánudaginn 7. nóvember kl. 14-16. Staðsetning send út síðar.
- Vinnu- og samráðsfundur starfshóps og ráðgjafa með forstöðumönnum stofnana MOF og ÍTR – miðvikudaginn 9. nóvember kl. 10-11.30. Staðsetning send út síðar.
- Staðfundur eða rafrænn samráðsfundur starfshóps og ráðgjafa með millistjórnendum sviðanna – Í nóvember.
- Samráðsfundur starfshóps og ráðgjafa með ÍBR og og með Bandalagi íslenskra listamanna – Í nóvember.
- Samráðsfundur ráðgjafa með þjónustuveri Reykjavíkurborgar sem sinnir fjölmörgum verkefnum fyrir hönd sviðanna – Í nóvember.

### 3. Hugmyndir frá íbúum

Rætt um að leita jafnvel til íbúaráðanna með hugmyndir að bættri þjónustu sameiginlegs sviðs.

### 4. Frekari ábendingar frá starfsfólki

Ef starfsfólk vill koma nánari upplýsingum, ábendingum, tillögum eða athugasemdum vegna vinnu við sameiningu sviðanna er það velkomið. Hægt er að gera það með því að hafa samband við Arnar Pálsson ráðgjafa á netfangið [arnar@arcus.is](mailto:arnar@arcus.is), eða með því að hringja í hann í síma 840 4330.

- Önnur mál - Þorsteinn undirbýr upplýsingabréf #6 sem verður sent út í dag.

Fleira ekki bókað. Fundi slitið kl. 15.00.





# Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR - Vikulegur fundur–25.10.2022 #10

Þriðjudagur, 25. október 2022  
11:59

**Fundardagsetning:** 25.10.2022 12:00

**Staðsetning:** Ráðhús - Tjarnarbúð (Webex)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar)

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Huld Ingimarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Steinþór Einarsson](#)

[Arnar Pálsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Anna Karen Arnarsdóttir](#)

## Minnispunktar

### 1. Aðsetur nýs sviðs

Starfshópurinn er sammála því miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar að best færi á því að nýtt sameiginlegt svið yrði staðsett í Borgartúni. Samþykkt að leita til eignaskrifstofu með nánari úfærslu.

### 2. Tillaga að uppfærðu skipuriti

Áfram unnið með nýjar tillögur að skipuriti sem verða lögð fram til frekari samráðs á samráðsfundum sem fram undan eru með starfsfólki á skrifstofum ÍTR og MOF og með forstöðumönnum stofnana MOF og ÍTR.

### 3. Undirbúningur samráðsfunda

Samþykkt að flýta tveimur innri samráðsfundum sem hér segir:

- Vinnu- og samráðsfundur starfshóps og ráðgjafa með starfsfólki á skrifstofum ÍTR og MOF – föstudaginn 4. nóvember kl. 10.00-12.30, í fundarsal Kjarvalsstaða. .
- Vinnu- og samráðsfundur starfshóps og ráðgjafa með forstöðumönnum stofnana MOF og ÍTR – föstudaginn 4. nóvember 12.30-15.00, í fundarsal Kjarvalsstaða.
- Þorsteinn sendir út formlegt fundaboð.
- Anna Karen Arnarsdóttir, sérfræðingur áætlunar- og uppgjörsskrifstofu. Farið yfir fjármálagreiningu og næstu skref.
- Önnur mál. Í næsta upplýsingapósti verður m.a. farið yfir aðsetur á nýju sviði, nýjar tímasetningar á samráðsfundum o.fl.

Fundi slitið kl. 13.05.



# 1.Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR - Vikulegur fundur–1.11.2022 #11

Þriðjudagur, 1. nóvember 2022  
13:00

**Fundardagsetning:** 1.11.2022 13:00

**Staðsetning:** Ráðhús - MOSbúð 2.hæð (Teams)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar) tók fundapunkta

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Huld Ingimarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Steinþór Einarsson](#)

[Arnar Pálsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Anna Karen Arnarsdóttir](#)

[Eiríkur Björn Björgvinsson](#)

## Minnispunktur

### 1. Undirbúningur fyrir samráðsfundi á föstudaginn

Unnið að undirbúningi fyrir tvo samráðsfundi næsta föstudag. Arnar uppfærir glærur í framhaldi af umræðum á fundinum sem verða lagðar sem grunnur að samráðsfundunum. Kynntar verða m.a. helstu niðurstöður úr samtölum við starfsfólk á skrifstofum ÍTR og MOF, helstu áskoranir og tækifæri og hugmyndir að skipuriti sem verður rýnt nánar á samráðsfundunum.

### 2. Fjármálagreining, undirbúningur

Rætt um næstu skref í fjármálagreiningu fyrir nýtt svið. Þegar skipurit liggur fyrir verður farið í að steypa saman fjárhagsáætlunum ÍTR og MOF fyrir árið 2023 og horfa til framtíðar út frá nýju skipuriti.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 14.05.



# Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR - Vikulegur fundur—8.11.2022 #12

Þriðjudagur, 8. nóvember 2022  
13:00

**Fundardagsetning:** 8.11.2022 13:00

**Staðsetning:** Ráðhús - Tjarnarbúð (Webex)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar)

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Huld Ingimarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Steinþór Einarsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Arnar Pálsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Eiríkur Björn Björgvinsson](#) (Samþykkt í Outlook)

## Minnispunktur

### 1. Yfirferð samráðsfunda

Yfirferð á því helsta sem fram kom á samráðsfundum með starfsfólki sviðanna (skrifstofu og millistjórnendum) í síðustu viku og yfirstjórn og oddvitum í gær. Margar góðar ábendingar komu fram, m.a. um mikilvægi þess að gera þau drög sem liggja fyrir að skipuritinu meira teymisnálgæð, skoða betur með forstöðumenn á MOF í samhengi skipuritsins, fleiri hugmyndir um verkefni annars staðar úr kerfinu sem voru nefndar eins og félagsstarf eldri borgara o.fl. Allt mjög gott innlegg í frekari vinnu og samráðsferli starfshópsins

### 2. Næstu skref í samráðsferli

Arnar ræðir við starfsfólk í þjónustuteymi ÞON.

Haldinn verður stór Teams fundur með starfsfólki sviðanna þegar tillögurnar verða lengra komnar.

Haldnir verða frekari samráðsfundir með BÍL og ÍBR á næstunni.

### 3. Endurskoðun skipurits

Farið verður í frekari hugmyndavinnu með útfærslu á skipuriti. Kristinn Bjarnason grafískur hönnuður á SBB verður til aðstoðar.

### 4. Önnur mál

Þorsteinn setti inn á Teamssvæðið grunnsniðmát að verðandi tillögu starfshópsins um sameiningu sviðanna sem færi á endanum inn í borgarráð. Unnið verður að þessu næstu vikurnar.

Eiríkur sagðist koma til starfa föstudaginn 9. desember n.k.

Fleira ekki bókað. Fundi slitið kl. 14.00



# Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR - Vikulegur fundur–15.11.2022 #13

Þriðjudagur, 15. nóvember 2022  
14:16

**Fundardagsetning:** 15.11.2022 13:00

**Staðsetning:** Ráðhús - Tjarnarbúð (Webex)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar)

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Hafnað í Outlook) Fjarverandi

[Huld Ingimarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Steinþór Einarsson](#)

[Arnar Pálsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Eva Bergþóra Guðbergisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Eiríkur Björn Björgvinsson](#) (Samþykkt í Outlook)

## Minnispunktar

Dagskrá:

### 1. Skipurit

Farið yfir nýjar útgáfur skipurits fyrir sameiginlegt svið.

Ákveðið að vinna áfram með tvær nýjar sviðsmyndir og fundað um leið og þær liggja fyrir.

### 2. Markaðsmál -og viðburðir

Eva Bergþóra kom inn á fundinn til að fara yfir þessi mál með starfshópnum. Telur mikilvægt að markaðsmálin verði eftt á sameiginlegu sviði með nýjum yfirmanni en viðburðirnir og þá viðburðarteymi MOF verði staðsett miðlægt.

### 3. Samráð – BÍL, ÍBR

Þegar hefur verið rætt við formann BÍL af hálfu Eiríks og Skúla. Sambærilegur fundur verður haldinn með ÍTR.

### 4. Kynning í MÍT ráðinu

Mikilvægt að tillögurnar starfshópsins verði tilbúnar fyrir þann fund sem er áætlaður 28. nóv. en væri betra viku síðar.

### 5. Önnur mál

Samþykkt að fara í nafnasamkeppni á meðal starfsfólks á MOF og ÍTR. Eva Bergþóra aðstoðar við að gera tilnefningasíðuna.

Upplýsingabréf verður sent út á næstu dögum.

Fleira ekki bókað. Fundi slitið kl. 13.50.





# Starfshópur um sameiningu ÍTR/MOF #14

laugardagur, 19. nóvember 2022

08:29

**Fundardagsetning:** 19.11.2022 09:00

**Staðsetning:** RÁÐHÚS - BORGARRÁÐSSALUR

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar)

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Eiríkur Björn Björgvinsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Arnar Pálsson](#) (Samþykkt í Outlook)

## Minnispunktur

### 1. Skipurit

Unnið að útfærslu á nýju skipuriti fyrir sviðið í kjölfar samráðs og ábendinga sem bárust.

### 2. Tillögur og greinargerð

Unnið að tillögum og greinargerð fyrir borgarráð.

### 3. Næstu skref

Eftirfarandi tímalína var samþykkt:

Mánud. 21. nóv.	Samtal við oddvita og borgarstjóra	
28.11-2.12	Minni fundir og samtal við skrifstofur / stjórnendur	Arnar skipuleggur
Miðvikud. 30. nóv.	Drög að tillögum og greinargerð tilbúin	
Fimmtud. 1. des.	Kynning fyrir borgarstjóra	
Mánud. 5. des.	MÍT – kynning	Þorsteinn heyrir í Skúla
Mánud. 12. des.	Gögn tilkynnt inn	
Fimmtud. 15. des.	Tillaga inn í borgarráð	
	Bréf til starfsfólks - verða tilbúin	
Fundi slitið kl. 12.00.		



# Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR - Vikulegur fundur–22.11.2022 #15

Þriðjudagur, 22. nóvember 2022  
12:21

**Fundardagsetning:** 22.11.2022 13:00

**Staðsetning:** Ráðhús - MOSbúð 2.hæð (Teams)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar)

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Huld Ingimarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Steinþór Einarsson](#)

[Arnar Pálsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Eiríkur Björn Björgvinsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Anna Karen Arnarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

## Minnispunktur

### 1. Uppfært skipurit og greinargerð

Drög að nýju skipuriti samþykkt, smávægilegar útfærslur eftir. Unnið að greinargerð og nánari útfærslu á tillögum fyrir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð.

### 2. Fjárhagsleg greining, rammi

Anna Karen fór yfir stöðuna á fjárhagslegri greiningu.

### 3. Tímalína

Eftirfarandi tímalína var samþykkt:

Mánud. 21. nóv.	Samtal við oddvita og borgarstjóra - Búið
28.11-2.12	Samráð við framlínuþjónustu PON Minni fundir og samtal við skrifstofur / stjórnendur
Miðvikud. 30. nóv.	Drög að tillögum og greinargerð tilbúin
Fimmtud. 1. des.	Kynning fyrir borgarstjóra
Mánud. 5. des.	MÍT – kynning Kynning fyrir yfirstjórn Tillögur og greinargerð klárað
Mánud. 12. des.	Gögn tilkynnt inn í borgarráð
Fimmtud. 15. des.	Tillaga inn í borgarráð Bréf til starfsfólks - verða tilbúin

Fundi slitið kl. 14.00.



# Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR - Vikulegur fundur - 30.11.2022 #16

miðvikudagur, 30. nóvember 2022

07:56

**Fundardagsetning:** 30.11.2022 08:00

**Staðsetning:** Ráðhús - MOSbúð 2.hæð (Teams)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar)

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Huld Ingimarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Steinþór Einarsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Arnar Pálsson](#) (Samþykkt í Outlook)

[Eiríkur Björn Björgvinsson](#) (Samþykkt í Outlook)

## Minnispunktur

### 1. Undirbúningur samráðsfunda

Áætlaðir eru fjórir samráðsfundir í vikunni með starfsfólki á MOF og ÍTR.

### 2. Ferðapjónustumál - Höfuðborgarstofa

Farið yfir stöðu mála hjá Höfuðborgarstofu í ljósi þess að enn hefur ekki fengist niðurstaða í nýja Áfangastaðastofu SSH.

### 3. Samantekt frá samráðsfundi með þjónustuveri

Arnar fór yfir helstu niðurstöður af samráðsfundi með þjónustuveri PON. Ljóst er að ýmis tækifæri liggja í því fyrir nýtt svið að nýta sér krafta þjónustuverksins með markvissari hætti en áður.

### 4. Minnisblað borgarlögmans

Lagt fram minnisblað borgarlögmans um verkefni íþróttar- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs að beiðni starfshópsins. Í samantekinni er yfirferð á lögskyldum verkefnum, lögheimilum verkefni og ólögmeiltum verkefni.

### 5. Fjárhagsleg greining

Lögð fram drög að fjárhagslegri greiningu fyrir sameiningu sviðanna.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 8.50.



# Starfshópur um sameiningu MOF og ÍTR - Vikulegur fundur–6.12.2022 #17

Þriðjudagur, 6. desember 2022  
12:33

**Fundardagsetning:** 6.12.2022 12:30

**Staðsetning:** Ráðhús - MOSbúð 2.hæð (Teams)

**Tengja við Outlook-hlut:** [smelltu hér](#)

**Skilaboð fundarboðs**

**Þátttakendur**

[Þorsteinn Gunnarsson](#) (Umsjónarmaður fundar)

Eiríkur Björn Björgvinsson (Samþykkt í Outlook)

[Lóa Birna Birgisdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Huld Ingimarsdóttir](#) (Samþykkt í Outlook)

[Steinþór Einarsson](#)

[Arnar Pálsson](#) (Samþykkt í Outlook)

## Minnispunktar

### 1. Nafn á sameiginlegu sviði

Farið yfir hugmyndir starfsfólks um heiti á nýju sameiginlegu sviði.

### 2. Undirbúningur fyrir samráðsfundi með MÍT.

Farið yfir kynningu fyrir fund með MÍT á morgun.

### 3. Fjárhagsleg greining

Farið yfir uppfærða fjárhagslega greiningu á sameiningu sviðanna.

### 4. Skýrsla starfshóps um Höfuðborgarstofu

Lögð fram.

### 5. Tillögur og greinargerð – Skil til ábm.

Verður skilað á morgun til borgarstjóra sem er ábyrgðarmaður. Lokatillögur ásamt greinargerð verður sent inn í borgarráðs á mánudaginn.

### 6. Önnur mál

Lokafundur/skilahópur starfshópsins verður þriðjudaginn 13. desember n.k.

Fleira ekki bókað. Fundi slitið kl. 13.45







**Upplýsingabréf #1**  
**vegna sameiningar menningar- og ferðamálasviðs og íþrótt- og tómstundasviðs**

Ágæta starfsfólk MOF og ÍTR

Á fundi borgarráðs 21. júlí 2022 var samþykkt tillaga borgarstjóra um að menningar- og ferðamálasvið og íþrótt- og tómstundasvið verði sameinuð í eitt svið undir stjórn eins sviðsstjóra og miðað er við að breytingin taki gildi 1. janúar 2023. Er þetta í samræmi við samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar. Búið er að auglýsa eftir sviðsstjóra fyrir sameiginlega sviðið og rennur umsóknarfrestur út í lok þessa dags. Nafnalisti umsækjenda verður birtur á mánudaginn.

Fram kemur í tillögunni sem samþykkt var um sameiningu sviðanna að markmiðið með sameiningunni er að styrkja málaflokka menningar, íþrótt og skipulagðra tómstunda af fjölbreyttu tagi með því að nýta samlegð í innviðum og miðlægri stjórnsýslu sviðanna ásamt því að kortleggja sameiginleg sóknarfæri til framtíðar.

Skipaður var starfshópur um sameiningu sviðanna. Í honum eru borgarritari, sviðsstjóri mannauðs- og starfsmannasviðs og nýr sviðsstjóri sameiginlegs sviðs þegar viðkomandi kemur til starfa. Borgarritari leiðir vinnuna þar til nýr sviðsstjóri kemur. Með starfshópnum starfa sviðsstjórar beggja sviða ásamt einum fulltrúa frá fjármála- og áhættustýringasviði og einum fulltrúa frá mannauðs- og starfsumhverfissviði sem verða skipaðir á næstu dögum. Fyrsti fundur starfshópsins var í vikunni og mun hann funda vikulega. Unnið er að gerð ítarlegrar verkefnaáætlunar sem byggir á samþykkt borgarráðs sem verður kynnt þegar hún liggur fyrir.

Líkt og fram kemur í erindisbréfi starfshópsins mun hann vinna með stjórnendum og starfsfólki MOF og ÍTR sem og sérfræðingum innan og utan borgarkerfisins. Leiðarljós í starfi starfshópsins verður samráð við starfsfólk sviðanna og áhersla lögð á öfluga upplýsingagjöf. Fundir með stjórnendum og starfsfólki sviðanna er í undirbúningi. Leitað verður eftir hugmyndum og tillögum frá ykkur og öðrum starfsmönnum sviðanna hvernig best verður staðið að því að byggja upp nýtt og öflugt svið með skýrri framtíðarsýn.

Unnið er að því að fá utanaðkomandi ráðgjafa til að leiða og halda utan um hugmyndavinnu með starfsfólki sviðanna, eftir því sem við á.

Þá er rétt að taka fram að fjárhagsáætlun beggja sviða verður unnin á hefðbundinn hátt í haust og lögð fram í sitthvoru lagi líkt og áður.

Samkvæmt verkefnaáætlun sem samþykkt var í borgarráði verður septembermánuður nýttur í greiningar. Framkvæmdastjórnir sviðanna skiptast á upplýsingum um starfsemi sinna sviða, deila starfsáætlun, þ.e. eftir að áætlunarvinnu sviðanna verður lokið og halda síðan sameiginlegan fund þar sem starfsemi sviðanna verður kynnt. Starfsmenn MOF og ÍTR vinna sitt í hvoru lagi að greiningu á starfsemi sinna sviða og meta sóknarfæri, tækifæri og ógnanir.



Í framhaldi af því verður farið yfir faglegan og rekstrarlegan ávinning af sameiningu o.fl. Í október munu svo starfsmenn MOF og ÍTR vinna saman að yfirferð þeirrar vinnu sem unnin var á sviðunum og setja fram mögulegar sviðsmyndir. Jafnframt verður skoðað hvort tækifæri gætu komið upp á flutningi verkefna af öðrum sviðum yfir á hið sameinaða svið. Miðað er við að starfshópur skili inn tillögum til borgarstjóra í nóvember og til borgarráðs í nóvember eða desember.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið hefur tekið saman almennar leiðbeiningar um réttindi starfsfólks varðandi breytingar sem geta orðið á störfum í kjölfar skipulagsbreytinga. Þar kemur fram að mögulegt er að fara fleiri en eina leið varðandi störf í skipulagsbreytingum eftir því hvernig breytingar hafa áhrif á störf sem á t.a.m. eftir að kortleggja í þessu ferli. Ef spurningar vakna er mikilvægt að starfsfólk hafi góðan aðgang að sínum yfirmanni/sviðsstjóra og mannauðsstjóra.

Eðlilega vakna ýmsar spurningar hjá starfsfólki þegar skipulagsbreytingar eru framundan sérstaklega þegar kemur að starfsanda og líðan á vinnustað. Framundan eru því áskoranir en á sama tíma felast mörg tækifæri í breytingum sem þessum þar sem jákvætt viðhorf og uppbyggilegt samstarf hefur mikið að segja.

Starfshópurinn hlakkar til samstarfsins og vinnunnar á næstu mánuðum.

*Þorsteinn Gunnarsson*  
*borgarritari*

Hjálagt: Almennar leiðbeiningar um réttindi starfsfólks í skipulagsbreytingum



**Upplýsingabréf #2**  
**vegna sameiningar menningar-og ferðamálasviðs og íþróttá-og tómsfundasviðs**

Ágæta starfsfólk MOF og ÍTR

Starfshópurinn sem heldur utan um sameiningu ÍTR og MOF hefur ráðið Arnar Pálsson hjá Arcur ráðgjöf sem ráðgjafa. Hann hefur þegar tekið til starfa. Arnar er reynslumikill ráðgjafi, sérstaklega þegar kemur að breytingastjórnun og þekkir vel til starfsemi Reykjavíkurborgar. Arnar mun m.a. skipuleggja samráðsfundi með stjórnendum og starfsfólki beggja sviða.

Þá hefur Steinþór Einarsson skrifstofustjóri hjá ÍTR og staðgengill sviðsstjóra og nú starfandi sviðsstjóri, tekið við af Ómari Einarssyni, fráfarandi sviðsstjóra, ÍTR sem einn af starfsmönnum starfshópsins. Huld Ingimarsdóttir, starfandi sviðsstjóri MOF, er einnig starfsmaður starfshópsins. Starfshópurinn sjálfan skipa undirritaður, Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri MOS og nýr sviðsstjóri sameiginlegs menningar-, íþróttá- og tómsfundasviðs sem jafnframt verður formaður. Borgarritari leiðir vinnu starfshópsins þar til nýr sviðsstjóri tekur til starfa.

Á meðal þeirra verkefna sem eru á dagskrá hjá starfshópnum á næstunni er samráðsfundur með stjórnendum innan borgarinnar með reynslu af kerfisbreytingum. Einnig að starfsfólk á skrifstofum beggja sviði hittist á óformlegum samtalsfundi.

Alls sóttu 56 um starf sviðsstjóra menningar-, íþróttá- og tómsfundasviðs, en umsóknarfrestur var til 25. ágúst sl. Fimm drógu umsókn sína til baka. Listann má sjá á [vefsíðu Reykjavíkurborgar](#). Ráðgefandi hæfnisnefnd, í samræmi við b. lið 3. gr. reglna um ráðningu borgarráðs í æðstu stjórnendastöður hjá Reykjavíkurborgar, dags. 28. október 2021, hefur þegar tekið til starfa og samkvæmt verkefnaáætlun er gert ráð fyrir að tillaga um ráðningu nýs sviðsstjóra verði lögð fram fyrir borgarráð 6. eða 13. október. Nefndina skipa Stefán Eiríksson sem jafnframt er formaður, Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs og Helga Hlín Hákonardóttir lögfræðingur og ráðgjafi. Ráðgjafafyrirtækið Intellecta sér um utanumhald og stuðning við hæfnisnefndina.

*Þorsteinn Gunnarsson*  
*borgarritari*





**Upplýsingabréf #3**  
**vegna sameiningar menningar-og ferðamálasviðs og íþróttá-og tómstundasviðs**

Ágæta starfsfólk MOF og ÍTR

Á fundi borgarráðs í dag var samþykkt tillaga hæfnisnefndar vegna ráðningar í starf sviðsstjóra menningar-, íþróttá- og tómstundasviðs að umsækjendum sem fari áfram í síðara viðtal. Þetta er í samræmi við tímaáætlun ráðningaferlisins. Samkvæmt áætluninni mun tilnefninganefndin leggja fyrir borgarráð ráðningu á nýjum sviðsstjóra 6. eða 13. október n.k. og bendir allt til þess að sú áætlun standist.

Á fundi starfshópsins um sameiningu ÍTR og MOF í vikunni var áfram unnið að undirbúningi að samráðsferli. Vegna vinnu við fjárhagsáætlun á skrifstofunum fer samráðsferlið aðeins seinna af stað en áætlað var. Eins og kom fram í síðasta upplýsingabréfi er áætlað að starfsfólk á skrifstofum beggja sviða hittist á óformlegum samtalsfundi fljótlega. Jafnframt eru einstaklingsviðtöl í undirbúningi sem tekin verða við alla starfsmenn á skrifstofum beggja sviða seinni hluta þessa mánaðar. Arnar Pálsson ráðgjafi mun sjá um viðtölin og hafa samband starfsfólks á skrifstofunum og boða viðtölin. Einnig er verið að undirbúa samtöl við millistjórnendur og ýmsa aðra samráðsfundi.

Í vikunni var einnig fundað með nokkrum sviðsstjórum Reykjavíkurborgar með reynslu af breytingastjórnun innan Reykjavíkurborgar. Sá fundur var afar gagnlegur og verða fleiri slíkir fundnir haldnir.

*Þorsteinn Gunnarsson*  
*borgarritari*





**Upplýsingabréf #4**  
**vegna sameiningar menningar-og ferðamálasviðs og íþróttá-og tómsfundasviðs**

Ágæta starfsfólk MOF og ÍTR



Borgarráð samþykkti á fundi sínum í morgun ráðningu Eiríks Björns Björgvinssonar, sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar, í stöðu sviðsstjóra menningar-, íþróttá- og tómsfundasviðs Reykjavíkurborgar.

Það var samdóma álit hæfnisnefndar sem fór yfir umsóknir og tók viðtöl við umsækjendur að Eiríkur Björn Björgvinsson uppfyllti best umsækjenda þær kröfur sem gerðar eru til starfs sviðsstjóra og fram komu í auglýsingu um starfið.

Eiríkur Björn Björnsson er með B.Ed. íþróttakennarapróf sem framhalds- og grunnskólakennari frá Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugavatni. Hann er með diplóma í stjórnun frá Kennaraháskóla Íslands, diplóma í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands og hefur einnig lokið öllum áföngum til meistaraáráðu í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands. Eiríkur starfaði sem æskulýðs- og íþróttafulltrúi Egilstaðabæjar í tvö ár og deildarstjóri íþróttá- og tómsfundadeildar Akureyrarbæjar í sex ár. Hann var bæjarstjóri Austur-Héraðs í tvö ár sem sameinaðist Fljótsdalshéraði og gegndi hann stöðu bæjarstjóra þar í sex ár. Þá tók hann við stöðu bæjarstjóra Akureyrarbæjar, sem hann gegndi í átta ár. Undanfarin þrjú ár hefur hann starfað sem sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar.

Hlutverk sviðsstjóra menningar-, íþróttá- og tómsfundasviðs Reykjavíkurborgar er dagleg yfirstjórn á auk þess sem hann ber ábyrgð á rekstri, þjónustu og stjórnsýslu sviðsins.

- ✚ Nú eru að hefja viðtöl við starfsfólk á skrifstofum ÍTR og MOF vegna sameiningar sviðanna og mun Arnar Pálsson ráðgjafi sjá um þau. Viðtölin eru afar mikilvægur hluti af samráðsferlinu vegna sameiningar sviðanna. Stefnt er að því að halda sameiginlegan fund með skrifstofum ÍTR og MOF fimmtudaginn 6. október kl. 15.00 á Kjarvalsstöðum. Vinsamlega takið daginn frá.

*Þorsteinn Gunnarsson*  
*borgarritari*







**Upplýsingabréf #5**  
**vegna sameiningar menningar-og ferðamálasviðs og íþróttá-og tómsfundasviðs**

Ágæta starfsfólk MOF og ÍTR

Starfshópurinn við undirbúning á sameiningu MOF og ÍTR fundaði í gær. Samkvæmt verkefnaáætlun er ráðgert að nýr sviðsstjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, komi til starfa 1. desember n.k. til að leiða vinnu starfshópsins og taki við nýju sameiginlegu sviði um áramót. Starfandi sviðsstjórar MOF og ÍTR, Huld Ingimarsdóttir og Steinþór Einarsson, munu áfram gegna störfum sviðsstjóra sviðanna til áramóta.

Starfshópurinn fór inn á fund menningar-, íþróttá- og tómsfundaráðs á mánudaginn og kynnti verkefnaáætlunina og þá vinnu sem er í undirbúningi og vinnslu fyrir sameiningu sviðanna. Er þetta hluti af samráðsferlinu. Gert er ráð fyrir því að starfshópurinn fari reglulega inn á fundi ráðsins til upplýsingagjafar.

Síðustu daga hefur Arnar Pálsson ráðgjafi tekið viðtöl við starfsfólk á skrifstofum ÍTR og MOF. Til stóð að hafa sameiginlegan starfsmannafund með starfsfólki skrifstofanna í næstu viku. En þar sem úrvinnsla úr viðtölunum mun taka sinn tíma hefur verið ákveðið að bíða með fundinn þangað til síðar. Þá er í undirbúningi frekara samráð með innri og ytri hagsmunaaðilum.

Mannauðsstjórar ÍTR og MOF munu fljótlega fara af stað með starfagreiningu á sviðunum. Þá er verið taka saman hvernig höfuðborgir Norðurlandanna og fleiri borgir skipuleggja menningar-, íþróttá- og tómsfundamál í starfsemi sinni.

*Þorsteinn Gunnarsson*  
*borgarritari*



## Þorsteinn Gunnarsson

---

**Frá:** Þorsteinn Gunnarsson  
**Sent:** föstudagur, 21. október 2022 10:48  
**Efni:** Upplýsingabréf #6 - vegna sameiningar menningar-og ferðamálasviðs og íþróttá-og tólmstundasviðs

Ágæta starfsfólk MOF og ÍTR

Nokkuð er um liðið frá síðasta upplýsingabréfi. En unnið hefur verið af krafti að undirbúningi á sameiningu sviðanna í samræmi við áætlun starfshópsins. Meðal annars hefur verið unnið að samantekt á viðtölum Arnars Pálssonar ráðgjafa við starfsfólk og erum við mjög þakklát fyrir það hversu vel tókst til. Úr viðtölunum hafa komið afar dýrmætar upplýsingar sem nýtast okkur vel í viðtækari samráðsferli sem við höfum verið að undirbúa. Margar góðar ábendingar hafa komið um áskoranir og einnig um fjölmörg tækifæri sem felast í sameiningu sviðanna.

Eiríkur Björn Björgvinsson sem ráðinn hefur verið sviðsstjóri fyrir hið sameiginlega svið hefur m.a. heimsótt skrifstofur ÍTR og MOF og rætt við starfandi sviðsstjóra beggja sviða sem og fráfarandi sviðstjóra ÍTR. Búist er við að hann komi til starfa sem sviðsstjóri um mánaðarmótin nóvember/desember.

### Starfshópurinn fór m.a. yfir eftirfarandi á fundi sínum í gær:

1. Starfsfólki verður ekki sagt upp í tengslum við sameiningu sviðanna. Hins vegar geta orðið einhverjar breytingar á verkefnum eins og eðlilegt er við þessar aðstæður og verður tilkynnt um þær eins fljótt og auðið er.
2. Unnið er að tillögum að skipriti fyrir sameiginlegt svið sem verða lagðar til frekar umræðu og vinnslu á samráðsfundum með starfsfólki.
3. Næstu samráðsfundir eru áætlaðir:
  - a) Vinnu- og samráðsfundur starfshóps og ráðgjafa með starfsfólki á skrifstofum ÍTR og MOF – mánudaginn 7. nóvember kl. 14-16. Staðsetning send út síðar.
  - b) Vinnu- og samráðsfundur starfshóps og ráðgjafa með forstöðumönnum stofnana MOF og ÍTR – miðvikudaginn 9. nóvember kl. 10-11.30. Staðsetning send út síðar.
  - c) Staðfundur eða rafrænn samráðsfundur starfshóps og ráðgjafa með millistjórnendum sviðanna – 1. nóvember.
  - d) Samráðsfundur starfshóps og ráðgjafa með ÍBR og Bandalagi íslenskra listamanna – 1. nóvember.
  - e) Samráðsfundur ráðgjafa með þjónustuveri Reykjavíkurborgar sem sinnir fjölmörgum verkefnum fyrir hönd sviðanna – 1. nóvember.
4. Samkvæmt áætlun fer starfshópurinn reglulega með upplýsingar um stöðu mála inn á fundi hjá MÍT ráði, yfirstjórn og borgarráði. Einnig verður áfram fundað með stjórnendum Reykjavíkurborgar með reynslu af breytingastjórnun.

Ef starfsfólk vill koma nánari upplýsingum, ábendingum, tillögum eða athugasemdum á framfæri vegna vinnu við sameiningu sviðanna er það að sjálfsgöðu velkomið. Hægt er að gera það með því að hafa samband við Arnar Pálsson ráðgjafa á netfangið [arnar@arcur.is](mailto:arnar@arcur.is), eða með því að hringja í hann í síma 840 4330.

Samkvæmt verkefnaáætlun er gert ráð fyrir að starfshópurinn skili niðurstöðum til ábyrgðarmanns í nóvember og í framhaldinu fyrir borgarráð í nóvember eða desember.

Fyrir hönd starfshópsins,

Þorsteinn Gunnarsson  
Borgarritari  
Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara  
Chief Executive Officer  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
[thorsteinn.gunnarsson@reykjavik.is](mailto:thorsteinn.gunnarsson@reykjavik.is)  
Símar 411 4515 og 6969-234

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarhvítu ef nauðsyn krefur.-

## Þorsteinn Gunnarsson

---

**Frá:** Þorsteinn Gunnarsson  
**Sent:** miðvikudagur, 26. október 2022 09:50  
**Efni:** Upplýsingabréf #7 - vegna sameiningar menningar-og ferðamálasviðs og íþróttá-og tómstundasviðs

Ágæta starfsfólk MOF og ÍTR

Starfshópurinn fundaði í gær. Ákveðið hefur verið að flýta tveimur samráðsfundum og verða þeir sem hér segir:

- a. Vinnu- og samráðsfundur starfshóps og ráðgjafa með starfsfólki á skrifstofum ÍTR og MOF – föstudaginn 4. nóvember kl. 10.00-12.30, í fundarsal Kjarvalsstaða.
- b. Vinnu- og samráðsfundur starfshóps og ráðgjafa með forstöðumönnum stofnana MOF og ÍTR – föstudaginn 4. nóvember 12.30-14.00, í fundarsal Kjarvalsstaða.

Sent verður formlegt fundaboð í gegnum Outlook.

Á fundunum verður byrjað á óformlegri dagskrá en svo farið í formlegri dagskrá þar sem rætt verður m.a. um skipurit nýs sviðs.

**Aðsetur nýs sviðs:** Starfshópurinn er sammála því miðað við fyrirliggjandi upplýsingar að best færi á því að nýtt sameiginlegt svið yrði staðsett í Borgartúni með öðrum fagsviðum borgarinnar. Samþykkt var að leita til eignaskrifstofu með nánari útfærslu.

Vinna starfshópsins gengur samkvæmt áætlun. Meðal annars er unnið að undirbúningi á fjárhagslegri greiningu. Einnig er verið að huga að innleiðingaráætlun fyrir sameiningu sviðanna í samræmi við erindisbréf starfshópsins. Nánar um að það síðar.

Hlökkum til að hitta ykkur á vinnu- og samráðsfundi.

Fyrir hönd starfshópsins,

Með kveðju,

Þorsteinn Gunnarsson  
Borgarritari  
Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara  
Chief Executive Officer  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
[thorsteinn.gunnarsson@reykjavik.is](mailto:thorsteinn.gunnarsson@reykjavik.is)  
Símar 411 4515 og 6969-234

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.-



## Þorsteinn Gunnarsson

---

**Frá:** Þorsteinn Gunnarsson  
**Sent:** þriðjudagur, 15. nóvember 2022 18:34  
**Efni:** Upplýsingabréf #8 - vegna sameiningar menningar-og ferðamálasviðs og íþróttá-og tómstundasviðs

Starfsfólk ÍTR og MOF!

Kærar þakkir fyrir góða samráðsfundi á dögunum. Þeir voru afar dýrmætir og við fengum góðar og mikilvægar upplýsingar og ábendingar sem nýtist okkur vel í áframhaldandi vinnu við áframhaldandi undirbúning á sameiningu sviðanna. Í kjölfar fundanna fengum við enn frekari ábendingar og vangaveltur í gegnum samtöl og tölvupósta og erum við einnig þakklát fyrir það. Unnið er að frekari útfærslu á skipuriti í kjölfar ábendinga og verður það kynnt fljótlega.

- Við viljum ítreka að ykkur er að sjálfsögðu velkomið að hafa áfram samband við okkur ef þið hafið frekari ábendingar eða vangaveltur. Best væri að beina því til Arnars Pálssonar ráðgjafa sem heldur utan um þá þræði, á netfangið [arnar@arcur.is](mailto:arnar@arcur.is)
- Samráðsferlið heldur áfram, m.a. var fundað með yfirstjórn Reykjavíkurborgar til að ræða sérstaklega verkefni sem gætu flust yfir á nýtt sameiginlegt svið.
- Haldinn verður fundur á Teams með starfsfólki sviðanna síðari í mánuðinum.
- Fyrir liggur að Eiríkur Björn Björgvinsson nýr sviðsstjóri sameiginlegs sviðs kemur formlega til starfa 9. desember n.k.
- Þá lítur ágætlega út með að ný aðstaða fyrir sameiginlegt svið í Borgartúni verði laus um næstu áramót.

### Nafnasamkeppni

Sendur verður út póstur til alls starfsfólks MOF og ÍTR þar sem óskað verður eftir tillögu að nafni og skammstöfun fyrir nýja sameiginlega sviðið. Á MOF og ÍTR vinnur hugmyndaríkt og snjallt starfsfólk sem við hvetjum til þess að senda inn bráðsnjallar og nýstárlegar tillögur sem endurspeglar starfsemi nýs sameiginlegs sviðs. Frestur til að senda inn hugmyndir er til og með næsta mánudags. Hér er hlekkur á formið: <https://forms.office.com/r/vVejN9C8u4>

Með kveðju,

Þorsteinn Gunnarsson  
Borgarritari  
Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara  
Chief Executive Officer  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
[thorsteinn.gunnarsson@reykjavik.is](mailto:thorsteinn.gunnarsson@reykjavik.is)  
Símar 411 4515 og 6969-234

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.-





## Þorsteinn Gunnarsson

---

**Frá:** Þorsteinn Gunnarsson  
**Sent:** þriðjudagur, 29. nóvember 2022 08:48  
**Efni:** Upplýsingabréf #9 - vegna sameiningar menningar- og ferðamálasviðs og íþróttá- og tómsfundasviðs

### Starfsfólk ÍTR og MOF

Starfshópurinn er á lokasprettinum að móta tillögur um útfærslu á sameiningu ÍTR og MOF sem tekur gildi um áramótin. Fyrstu hugmyndir að skipuriti fyrir sameiginlegt svið hafa tekið talsverðum breytingum í samráðsferlinu og verður uppfærð útfærsla kynnt á samráðsfundum á næstu dögum. Einnig verða hugmyndirnar kynntar á fundi menningar-, íþróttá- og tómsfundaráðs 5. desember nk. Að loknu samráði fara svo lokatillögur fyrir borgarstjóra (ábyrgðarmanns) og svo fyrir borgarráð 15. desember og verða kynntar fyrir starfsfólki borgarinnar í kjölfar samþykktar borgarráðs. Nýtt sameiginlegt svið tekur því að öllu óbreyttu til starfa um áramót. Þetta er í samræmi við verkefnaáætlun starfshópsins. Ýmsar góðar hugmyndir komu frá starfsfólki sviðanna um nafn á nýja sameiginlega sviðið sem og góða skammstöfun. Verið er að vinna úr þeim hugmyndum.

Við erum þakklát fyrir fjölmargar ábendingar, athugasemdir og hugmyndir í samráðsferlinu. Á samráðsfundum var sérstaklega horft til þess að fá umræðu um fyrirbyggjandi hugmyndir að skipuriti sviðanna, þá voru kynnt til umræðu sjónarmið starfsfólks og ýmsar hugmyndir um tækifæri sem felast í sameiningunni. Helstu markmið með nýju skipuriti eru m.a. að styðja við aukna áherslu á nýsköpun og umbætur á þjónustu þvert á málefni og viðfangsefni, að styrkja málaflokka menningar, íþróttá og tómsfundu og að skipuritið sé gegnsætt og stærstu verkefni sviðsins séu sýnileg og stuðli að stuttum boðleiðum ásamt því að auðvelda samskipti og samræmingu vinnubragða. Unnið er að innleiðingaráætlun til næstu missera en á innleiðingartíma verður unnið að viðeigandi breytingum sameiningarinnar og skipulag og verkefni sviðsins útfært nánar. Þá þarf að huga að ýmsum praktískum atriðum.

Í stóru umbreytingaferli eins og að sameina ÍTR og MOF er eðlilegt að ýmsar tilfinningar vakni hjá starfsfólki. Í fyrsta lagi er um að ræða viðskilnað við fortíðina því hér er um talsverðar breytingar að ræða. Í öðru lagi endurhugsun á verkefnum en jafnframt að rýna tækifæri til nýsköpunar sem er sá fasi sameiningarferilsins þar sem við erum stödd með einhverjum hætti í dag. Í þriðja lagi tekur svo við nýtt upphaf um áramót með nýrri sjálfsmynd, sýn og tilgangi með áætlun um innleiðingu og vinna að því að byggja upp nýtt svið til framtíðar.

Til upprifjunar þá er meginmarkmiðið með sameiningunni samkvæmt samþykkt borgarráðs að styrkja málaflokka menningar, íþróttá og skipulagðra tómsfundu af fjölbreyttu tagi með því að nýta samlegð í innviðum og miðlægrri stjórnarsýslu ásamt því að kortleggja sameiginleg sóknarfæri til framtíðar. Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri nýs sameiginlegs sviðs tekur til starfa 9. desember n.k. Nýja sviðið verður staðsett í Borgartúni með öðrum fagsviðum og mun staðsetning í húsinu skýrast von bráðar. Skipulagsbreytingarnar hafa í för með sér að starfsfólk flyst til, einhverjar breytingar verða á störfum og verkefnum og einhver verkefni færast til.

Við ítrekum að starfsfólk er hvatt til þess að senda ábendingar sem snerta sameininguna á Arnar Pálsson ráðgjafa á netfangið [arnar@acur.is](mailto:arnar@acur.is).

Með kveðju,

Þorsteinn Gunnarsson  
Borgarritari  
Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara  
Chief Executive Officer  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
[thorsteinn.gunnarsson@reykjavik.is](mailto:thorsteinn.gunnarsson@reykjavik.is)  
Símar 411 4515 og 6969-234

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarhvítu ef nauðsyn krefur.-

**From:** [Þorsteinn Gunnarsson](#)  
**To:** [Lóa Birna Birgisdóttir](#); [Arnar Pálsson](#); [Eiríkur Björn Björgvinsson](#); [MOF Höfuðborgarstofa skrifstofa](#); [ÍTR Stjórnendur](#)  
**Cc:** [Skúli Þór Helgason](#)  
**Subject:** Upplýsingabréf #10 - vegna sameiningar menningar- og ferðamálasviðs og íþrótt- og tómstundasviðs  
**Date:** mánudagur, 12. desember 2022 10:34:00

---

## Starfsfólk ÍTR og MOF

Starfshópurinn mun leggja fyrir borgarráð á fimmtudaginn tillögur um útfærslu á sameiningu íþrótt- og tómstundasviðs (ÍTR) og menningar- og ferðamálasviðs (MOF) í eitt sameiginlegt svið undir stjórn eins sviðsstjóra, í samræmi við samþykkt Reykjavíkurborgar 21. júlí 2022. Alls verða þetta 10 tillögur og með þeim fylgir ítarleg greinargerð frá starfshópnum um tillögurnar ásamt ýmsum fylgigögnum. Meðal annars verður lagt til að nýtt svið fái heitið Menningar- og íþróttasvið. Þá verða lagðar verða fram tillögur að skipuriti sviðsins, fjárhagslegum áhrifum, innleiðingarátætlun, tækifærum, mælanlegum markmiðum, samræmingu o.fl. Er þetta í samræmi við þá tímalínu sem samþykkt var í borgarráði. Um leið og borgarráð hefur afgreitt tillögur starfshópsins og lokið fundi verða þær senda til ykkar með upplýsingapósti frá starfshópnum.

- Eiríkur Björn Björgvinsson nýr sviðsstjóri nýs sameiginlegs sviðs tók til starfa síðasta föstudag. Fram að áramótum mun hann undirbúa sameiningu sviðanna og verður með aðsetur bæði í Ráðhúsi og Borgartúni á þeim tíma. Eiríkur tekur svo formlega við sem sviðsstjóri á sameiginlegu sviði frá og með 1. janúar n.k. Huld Ingimarsdóttir starfandi sviðsstjóri MOF og Steinþór Einarsson starfandi sviðsstjóri ÍTR sinna þeim störfum áfram til áramóta.
- Unnið er að undirbúningi að nýrri aðstöðu fyrir sameiginlegt svið í Borgartúni frá og með áramótun. Fundað hefur verið með hönnuðum sem munu leggja fram hugmyndir sínar á næstu dögum.

Starfshópurinn ítrekar þakklæti sitt til starfsfólks MOF og ÍTR fyrir gott samstarf, samráð, góðar ábendingar og endurgjöf. Starfshópurinn lagði áherslu á samráð og markvissa upplýsingagjöf og hafa upplýsingabréfin verið hluti af því ferli. Tilgangurinn hefur verið að fara yfir stöðuna hverju sinni en þetta er tíunda upplýsingabréfið sem sent er út síðan starfshópurinn fundaði fyrst í lok ágúst s.l. Ellefta upplýsingabréfið fer svo frá okkur eftir fund borgarráðs á fimmtudaginn. Þá þakkar starfshópurinn starfandi sviðssjórum Huld og Steinþóri fyrir gott og gefandi samstarf og ómetanlega aðstoð á starfstímanum.

*Kveðja*

*Þorsteinn, Lóa Birna og Eiríkur*

Email	Name	Þín hugmynd að nýju nafni fyrir sameiginlegt svið:	Hugmynd að góðri skammstöfun
		Menningar-, íþróttar- og tómstundasvið	MÍT
		Menningar- og tómstundasvið	Menntó
		Menningar- íþróttar og tómstundasvið	MÍT
		Fríttíma -og menningarsvið eða Tímstunda -og menningarsvið	FÍM eða TÍM
		LISTA, ÍPRÓTTA OG FERÐAMÁLASVIÐ = LÍF AFÞREYINGAR, LISTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ = ALT KULTÚR, AFÞREYINGA - OG FERÐAMÁLASVIÐ = KAF KULTÚR, TÓMSTUNDA - OG FERÐAMÁLASVIÐ = KTF FERÐA, ÍPRÓTTA - OG MENNINGARSVIÐ = FÍM MENNINGAR OG VIRKNISVIÐ = MV MENNINGAR,FERÐA OG VIRKNISVIÐ = MFV MENNINGAR OG TÓMSTUNDASVIÐ =MT MENNINGAR OG ÍPRÓTTASVIÐ = MÍ ÍPRÓTTA OG MENNINGARSVIÐ = ÍM FERÐIR,FJÖR OG FRÆÐSLA = FFF MENNINGAR-FERÐA OG ÍPRÓTTASVIÐ = MFÍ ÍPRÓTTA,FERÐA OG MENNINGARSVIÐ = ÍFM FERÐA,FRÍTTÍMA OG MENNINGARSVIÐ=FFM MENNINGAR,FRÍTTÍMA OG FERÐASVIÐ = MFF MENNINGAR, FERÐA OG FRÍTTÍMASVIÐ = MIFF KULTÚR, AFÞREYINGA OG FLAKKSVIÐ = KAF FLAKK, KULTÚR OG AFÞREYINGARSVIÐ = FKA LISTA, FERÐA OG ÍPRÓTTASVIÐ = LFÍ	LÍF EÐA ALT EÐA KAF
		Menningar- og tómstundasvið	MOT
		Tímstunda- íþróttar- og menningarsvið	TÍM
		Menningar og íþróttamálsvið eða	MÍM / MÍR
		Menningar og íþróttasvið Reykjavíkurborgar	

	Menningar- og tómstundamálasvið Reykjavíkur Menning tómstundir og íþróttir í Reykjavík	MÓT eða MÍT
	menningarmótasvið miðgarður urðarbrunnur stundargaman	TÍM – TÓM – FEM – MÍT – FÓT – FÓMÓ – FÓR – MEMM – ÞROT – STÍM – STUND
	Afþrengingarsvið Reykjavíkurborgar	ASR
	1) Lýðheilsu-, íþróttá og menningarsvið Reykjavíkurborgar	1) LÍM, 2) MER, 3) FOM
	2) menningarsvið Reykjavíkurborgar (hér er horft í skilgreiningu UNESCO á orðinu menning)	
	3) fristunda- og menningarsvið Reykjavíkurborgar (SFS - þarf andlitslyftingu líka) og þetta tónar við samstarfssvið okkar á norðurlöndunum.	
	Menningar-, íþróttá- og tómstundasvið	MÍT
	Mítill (Menningar-, íþróttá- og tómstundasvið) Smit (sameinað menningar, íþróttá- og tómstundasvið)	MÍT SMIT
	Lýðheilsu-menningar og ferðamálasvið (LMF) Fritíma- menningar og ferðamálasvið (FMF)	LMF - FMF
	Fritíma-, ferðamála og menningarsvið Menningar-, fritíma- og ferðamálasvið Menningar- og fritímasvið	FRÍM - FRÍÐ - FROM - FRÍÐ - FOM // MÍF - MEF - MÍM

	Lýðheilsu-íþróttar og menningarsvið	LÍM
	* Líðheilsa miðar að því að fyrirbyggja sjúkdóma, lengja líf og auka lífsgæði borgaranna	
	* Íþróttir- þjálfar fólk til að ná tilsettum árangri	
	* Menning-broskar mannlegt samfélag, andlegt líf og efnisleg gæði borgaranna	
	Menningar-íþróttar og lýðheilsusvið	MÍL
	Menningar og íþróttasvið Reykjavíkur	MÍR
	Íþróttar og menningarsvið Reykjavíkur	ÍMR
	Menningar-, íþróttar- og frítímasvið. Department of Culture, Sports and Leisure.	MÍF
	Menningar-, íþróttar- og tómstundasvið	MÍT
	Menningar- íþróttar og frítímasvið	MÍF